

EINAR ÖRN EINARSSON

Ferskur kóríander gerir bragðið

Matur tilboð

allt í MIÐJU BLAÐSINS



birta

FORMASTELPURNAR ALMA OG EDDA

Eru komnar til að vera

tíðarandi greinar pistlar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. ágúst 2006 – 213. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Frumkvöðull á flutningabíl

Jón Ivan Rafnsson kallar sig Johnny Rock þegar hann keyrir vörubíl sinn. Hann hefur skreytt bíl sinn með gælunafninu og segist vera orðinn nokkuð þekktur á þjóðvegnum.

FÓLK 54

Vinnuskólinn verði fyrsta val nemenda og leiðbeinenda

Starfsmenn Vinnuskólans ljúka störfum í dag og þrátt fyrir rýsjótt veður í sumar hefur starfið gengið vel. Þeir duglegustu unnu eina viku til viðbótar en boðið var upp á þann möguleika vegna fárra nemenda.

TÍMAMÓT 32

Fær verðlaun ef íbúum fjölgar

Grímur Atlason, nýr bæjarstjóri, er boðinn velkominn til Bolungarvíkur í Ástarvíkunni.


FÓLK 54

ÍBV með kvennalið

Nú er ljóst að Íslandsmeistarar ÍBV í handknattleik kvenna munu tefla fram liði á Íslandsmótinu í vetur en um tíma stóð til að leggja liðið niður. Hlynur Sigmarsson handboltakólfur segir liðið ætla að þerjast um sæti í efri hlutanum.


ÍDRÓTTIR 48

VEÐRIÐ Í DAG



BEST Á KLAUSTRI - Í dag verður vestan 3-10 m/s, hvassast á annesjum norðaustan til og með suðurströndinni. Léttskýjað sunnan og suðaustan til en súld fram eftir degi norðan til en styttr þar smám saman upp. Allt að 19 stiga hiti á SA-landi.

VEÐUR 4



Eimskip gæti fengið milljarð króna í sekt

Fyrstu niðurstöður rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á meintum ólöglegum viðskiptaháttum Eimskipafélagsins gera ráð fyrir að sekta Eimskip um milljarð króna. Málið hófst árið 2002 með kæru Samskipa. Niðurstöðu er vænst í haust.

VIÐSKIPTI Rannsókn samkeppnis-yfirvalda á meintum ólöglegum starfsháttum Eimskipafélagsins er á lokastigi og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er búist við niðurstöðu á haustmánuðum.

Eimskip hefur gögn Samkeppniseftirlitsins til skoðunar og á eftir að koma að andmælum sínum, en í þeim er samkvæmt heimildum blaðsins gert ráð fyrir því að Eimskip verði sektað um sem nemur einum milljarði króna.

Rannsóknin hófst með húsleit Samkeppnisstofnunar í skrifstofum Eimskipafélagsins í Reykjavík í septemberbyrjun 2002, eftir kæru Samskipa í ágústlok sama ár. Samskip vildi að kannað yrði hvort Eimskipafélagið hefði brotið gegn samkeppnislögum í

flutningastarfsemi sinni, meðal annars með undirboðum og misnotkun á markaðsráðandi stöðu í sjóflutningum.

Samkomulag var um það gert milli málsaðila að Eimskip fengi eitt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar og koma að andmælum áður en endanleg niðurstaða yrði kynnt.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskipa, staðfestir að lögfræðingar félagsins hafi niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til skoðunar. Hann segir málið nokkuð flókið og enn mikla óvissu um endanlega niðurstöðu þess og því ekki tímaþætt að tjá sig um það efnislega.

Síðan rannsóknin á meintum brotum Eimskipafélagsins hófst hafa orðið eigendaskipti á félaginu, auk þess sem skipt hefur verið

um stjórnendur. Vaknar því spurning um hvar ábyrgðin liggir, verði niðurstaðan á endanum sú að félagið hafi brotið gegn samkeppnislögum og þurfi að greiða sekt. Burðarás keypti Eimskipafélagið hf. og síðan var, við samruna Burðarás við Straum, gerð sérstök niðurfærsla vegna rannsóknarinnar. Í dag er Eimskip eitt dótturfélag Avion Group, en Avion keypti Eimskip í maí í fyrra.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að mál Eimskipafélagsins sé enn til rannsóknar hjá stofnuninni en kveðst hvorki vilja tjá sig um hvar rannsóknin sé stödd eða hvenær henni kunni að ljúka. Þegar þar að kemur segir hann niðurstöðu stofnunarinnar verða birta á vef hennar, samkeppni.is.

- óká

Formannskjör Framsóknar: Siv og Jón bjóða sig fram

STJÓRN MÁL Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins, tilkynnti í gær um framboð sitt til formanns flokksins.

„Þetta er ákvörðun sem ég hef íhugað mjög vandlega með minni fjölskyldu og innra með sjálfri mér. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að mér finnst eðlilegt að það verði kynslóðaskipti í forystu flokksins og því býð ég mig fram,“ sagði Siv þegar blaðamaður náði af henni tali. Spurð um hvort Jón Sigurðsson tilheyrði eldri kynslóð Framsóknarflokksins svaraði Siv: „Hann er eldri en ég,“ og brosti.

Jón Sigurðsson, viðskipta- og iðnaðarráðherra, sem jafnframt sækist eftir formannsembættinu, fagnar framboði Sivjar. „Ég tel þetta mjög eðlilegt og sjálfsagt mál að í lýðræðislegum flokki fái fulltrúar fólksins tækifæri til þess að velja menn til forystu og þess vegna fagna ég því að hún gefi kost á sér.“

- æpe



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR



JÓN SIGURÐSSON



PRÖNGT Á HEATHROW-FLUGVELLI Margt var um manninn á Heathrow í gær. Gífurleg öryggisgæsla var á velli og fjölmörgum flugferðum var aflýst og seinkað. Farþegar á Keflavíkflugvelli urðu margir hverjir einnig fyrir verulegum töfum.

Granda átti fjölda farþegavéla á leið frá London til Bandaríkjanna í gær:

Hryðjuverkatilræðinu afstýrt

LUNDÚNIR, AP Bresk yfirvöld björguðu í gær farþegum fjölda bandarískra flugvéla frá tortímingu. Talið er að hryðjuverkamenn hafi ætlað að sprengja vélarnar á flugi með sprengiefni í fljóttandi formi, sem átti að smygla um borð í handfarangi. Vélarnar áttu allar að fljúga frá Heathrow-flugvelli í Lundúnum. Öll starfsemi á flugvelli lamaðist um tíma, meðan föggur farþega og fatnaður voru grandskoðuð. Allur handfarangur var bannaður.

Öryggiskröfur á Keflavíkur-

flugvelli í flugi til Bandaríkjanna voru einnig hertar í gær að kröfu bandarískra flugmálayfirvalda.

Lögreglan í Bretlandi hafði hendur í hári 24 grunaðra manna og sættu þeir yfirheyrslum í gær. Haft var eftir málsvara lögreglunnar að mennirnir handteknu væru lykilmenn samsærisins, en að rannsókn væri langt í frá lokið.

Háttsettir bandarískir, franskir og pakistanskir embættismenn hafa lýst því yfir að margir hinna grunuðu séu breskir þegar, sem

eigi rætur að rekja til Pakistans og séu íslamstrúar. Það hefur ekki verið staðfest af breskum yfirvöldum. Forseti Bandaríkjanna lét hafa eftir sér að atburðir gærdagsins sýndu fram á að bandaríska þjóðin ætti í stríði við „íslamska fasista“.

Fjölmargir sérfræðingar beggja megin Atlantshafs tengdu tilræðið við hryðjuverkanet al-Kaída og var haft á orði að í gær hefði staðið til að fremja mesta hryðjuverk síðan 11. september 2001.

Sjá síður 4 og 6 / - kóp

Guðni Ágústsson: Hærrí skatta á auðmenn

STJÓRN MÁL „Þeir sem vilja vera Íslendingar og vera í þessu landi þurfa að greiða keisaranum það sem keisarans er,“ segir Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Guðni sækist eftir endurkjöri í embætti varaformanns Framsóknarflokksins á flokksþinginu um aðra helgi. Í Fréttablaðinu næstu daga munu birtast viðtöl við aðra framþjóðendur til helstu trúnaðarstarfa innan Framsóknarflokksins.

- bps / Sjá síðu 20

REYKJAVÍKUR MARAÐON GLITNIS 19. AGÚST

LATABEJARMARAÐON FYRIR BÖRNIN

1,5 km

Skráðu þig núna á www.glitnir.is



SPURNING DAGSINS

Villi, verður þú hýr á brá um helgina?

„Já, og örugglega ásamt þúsundum annarra. Mér finnst hafa hýrnað mikið yfir Reykjavík síðan í vor.“

Samkynhneigðir halda Gay pride hátíðina um helgina í Reykjavík. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson er borgarstjóri í Reykjavík.

Fornleifafræðingar grafa upp langhús við Hrísrú í Mosfellsdal:

Greinilega híbyli höfðingja

UPPGRÖFTUR Fornleifafræðingar hafa komið niður á langhús við Hrísrú í Mosfellsdal. Húsið er rúmlega tuttugu metra langt og má ráða af stærð þess að þar hafi búið höfðingjar.



JESSE BYOCK PRÓFESSOR

Jesse Byock, prófessor í norrænni fornleifafræði við Háskólann í Kaliforníu, hefur stjórnað uppgreftinum, en þetta er sjötta sumaríð sem grafið er við Hrísrú.

„Við komum niður á langhúsið í fyrra en vissum þá ekki hversu stórt það var,“ segir Jesse. Hann

segir að stærð hússins hafi komið í ljós í síðustu viku. Jesse segir húsið í merkilega góðu ástandi en það er að öllum líkindum frá 10. öld. „Landnámslagið er í torfum alls staða og húsið liggur langt undir öskulögum úr Kötlugosi frá fimmtánda öld.“

Ýmsar merkar fornminjar hafa fundist við uppgreftinn á Hrísrú, meðal annars kirkja og grafir að kristnum og heiðnum síð.

Mögulegt er talið að Egill Skallagrímsson hafi verið grafinn í kirkjugarðinum við Hrísrú, en fram kemur í Egilssögu að hann hafi eytt síðustu æviárum sínum í Mosfellsdal.

- öhó



HLUTI UPPGRAFTARINS Jesse segir langhúsið í merkilega góðu ástandi, en það er að líkindum frá 10. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Grunnskólakennurum fjölga:

Fleiri kennarar með réttindi

MENTAMÁL Kennurum með kennsluréttindi fjölgaði úr 82 prósentum í 87 prósent á árunum 1998-2005, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Í vikunni var skýrsla um menntamál Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gerð opinber en þar kom fram að fjölgun starfslíðs í grunnskólum hefði svo til eingöngu verið meðal þeirra sem ekki vinna við kennslu, svo sem stuðningsfulltrúa, sálfræðinga og námsráðgjafa.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu fækkaði nemendum á hvern kennara úr 11,4 árið 1998 í 9,8 árið 2005. - sh



FLÚIÐ UNÐAN FELLIBYL Kínverskir hermenn aðstoða verkamenn við að flýja fellibylinn Saomai. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibylur í Kína:

1,5 milljónir flýja heimili sín

KÍNA, AP Fellibylurinn Saomai, sem gengur nú yfir suðausturluta Kína, hefur hrakið 1,5 milljónir manna frá heimilum sínum. Þetta er einn kraftmesti stormur sem ríðið hefur yfir Kína áratugum saman og áttundi fellibylurinn þar í landi í sumar.

Veðurfræðingar spá gríðarlegri rigningu næstu tvo dagana og segja vindhraðann geta mælst allt að sextíu metrum á sekúndu í sterkustu hviðunum.

Auk þeirra sem gert hefur verið að yfirgefa heimili sín hafa um sjöftu þúsund skip lagst að landi vegna fellibyljarins og öllu flugi um svæðið hefur verið seinkað eða það fellt niður. - smk

Átta manns leitað í fyrrakvöld:

Fann fólkið á leið til leitar

BJÖRGUN Björgunarsveitir fóru í tvö útköll vegna týndra ferðamanna í fyrrakvöld. Fernt, þrír Frakkar og einn Japani, varð viðskila við samferðamenn sína við Hekluætur og voru um tuttugu björgunarsveitarmenn og þýrla Landhelgisgæslunnar send til leitar. Björgunarsveitarmáður á leið til leitarinnar ók óvænt fram á fólkið seint um kvöldið, en ekkert amaði að því.

Þá voru um þrjátíu björgunarsveitarmenn kallaðir út um klukkan tíu vegna fjögurra kvenna sem fundust klukkustund síðar. - sh

Skattkerfið hætt að jafna tekjur fólks

Ríkisskattstjóri segir áhrif skatta á tekjudreifingu hafa minnkað til muna undanfarin ár. Skattkerfið hefur aldrei jafnað tekjur landsmanna minna en nú. Hagfræðingur BSRB segir skattkerfið ekki virka sem skyldi.

EFNAHAGUR Áhrif skatta á tekjudreifingu hafa minnkað til muna undanfarin ár, samkvæmt Indriða H. Þorlákssyni ríkisskattstjóra. Embætti hans hefur reiknað út ójöfnuð í tekjum Íslendinga. Skattkerfið hefur aldrei jafnað tekjur landsmanna minna en nú.



HILDIGUNNUR ÓLAFSDÓTTIR




INDRIÐA H. ÞORLÁKSSYNI

Til að bera saman ójöfnuð í tekjum er notað svokallaður Gini-stuðull. Hann er viðtekinn mælikvarði á ójöfnuð í skiptingu tekna milli manna og er reiknaður úr gögnum um tekjur manna, yfirleitt samkvæmt skattframtali.

Árið 2005 var Gini-stuðull Íslands þrjátíu og átta miðað við heildartekjur, en þrjátíu og sex eftir skatta og bætur. Munurinn hefur aldrei verið minni. Eins og sjá má á súluritinu hefur dregið saman með ójöfnuði fyrir og eftir skatta frá 1996.

ÓJÖFNUÐUR Á ÍSLANDI

Til að mæla ójöfnuð í tekjuskiptingu er notast við svokallaðan Gini-stuðul. Hann er viðtekinn mælikvarði sem er reiknaður úr gögnum um tekjur manna, yfirleitt skattframtölum. Ef allir hafa sömu tekjur fær landið Gini-stuðulinn 0, en 100 ef allar þjóðartekjur fara til eins manns.



Heimild: Þorvaldur Gylfason/Ríkisskattstjóri (2005)

© FRÉTTABLAÐIÐ

tekjuójöfnuður væri einn sá mesti í Evrópu en þá voru tölur fyrir árið 2005 ekki komnar. Nú er ljóst að Ísland er komið í efsta sætið ásamt Portúgal. Danmörk hefur minnstan tekjuójöfnuð í Evrópu, með Gini-stuðulinn tuttugu og fimm.

„Eitt af hlutverkum skattkerfisins er að vera tekjujöfnunar-tæki og miðað við þessar tölur virðist skattkerfið ekki vera að virka sem skyldi,“ segir Hildigunnur Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

„Þetta er mjög slæm þróun. Við hjá BSRB höfum bent á að ójöfnuður hefur verið að aukast í þjóðfélaginu og það þarf að sporna við því með öllum tiltækum ráðum.“

Hún bendir á skattleysismörkin sem einn þátt í þessari þróun. „Það hefur margt verið bent á þetta, meðal annars af okkur. Staðgreiðslukerfið var tekið upp 1988 og skattleysismörkin hafa setið eftir síðan þá. Á ráðstefnu hjá Landssambandi eldri borgara tóku allir undir þetta.“

salvar@frettabladid.is



Á GRUNDARTANGA Engan sakaði en kerfið sjálft er ónýtt.

Skammhlaup í álkeri:

Sprenging á Grundartanga

LÖGREGLA Sprenging varð í kerfi í álveri Norðuráls á Grundartanga á sjötta tímanum í gær. Að sögn Slökkviliðsins á Akranesi skapaðist við það hætta en þó náðust fljótt tök á ástandinu. Engum varð meint af en kerfið eyðilagðist og rafmagn fór af skálanum sem það var í. Álið úr kerinu lak í lagastokka sem eru í kringum kerin.

Enginn eldur var á staðnum þegar slökkvilið bar að og voru slökkviliðsbíll og sjúkrabíll sem kallað hafði verið eftir frá Reykjavík afturkallaðir. - sh

Stofnun leikskólaráðs í nánd:

Borgarráð samþykkir nýtt ráð

BORGARMÁL Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær tillögu stjórnkerfisnefndar um stofnun sérstaks leikskólaráðs sem fer með málefni leikskólanna og daggæslu, en þau mál voru áður voru í höndum menntaráðs. Verði tillagan samþykkt í annað sinn á næsta fundi borgarráðs mun aðskilnaðurinn ganga í gegn og nýtt fagsvið hjá Reykjavíkurborg, leikskólásvið, vera stofnað.

Árni Þór Sigurðsson, fulltrúi Vinstri grænna, sagði á fundinum að engin haldbær rök væru fyrir aðskilnaðnum og engin fagleg umræða um málið hefði farið fram. Ólafur F. Magnússon, áheyrnarfulltrúi F-lista, tók í sama streng. - sgj

Átökin milli Hizbollah og Ísraels hers halda áfram í Líbanon:

Óbreyttum neitað um hjálp

LÍBANON, AP Enn náðist ekki samkomulag í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær um orðalag ályktunar sem ætlað er að stuðla að vopnahléi milli Ísraels og Hizbollah-samtakanna í Líbanon. Þó vonast fastafulltrúi Bandaríkjana, John Bolton, til þess að ályktunin verði samþykkt í dag.

Ráðamenn í Ísrael hafa samþykkt að ráðast dýpra inn í Líbanon, en lofuðu að láta ekki til skarar skriða strax heldur gefa öryggisráðinu örlítið meiri tíma.

Þó hertók ísraelski herinn kristnu borgina Marjayoun í gærmorgun og tóku 350 líbanska hermenn og lögreglumenn höndum.

Ástandið í Suður-Líbanon er afar slæmt og hafa hjálparstarfsmenn miklar áhyggjur af líðan óbreyttra Líbana.

Einn yfirmanna mannúðaradstoðar SP, Jan Egeland, sagði



Á FLÓTTA Þessi líbanska fjölskylda reyndi að flýja frá Beirút í gær, eftir að Ísraelsher hótaði hertum aðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„skömm að því“ hvernig Ísraelar og Hizbollah-liðsmenn hindruðu hjálparstarfsmenn í að koma mat og öðrum nauðsynjavörum til þeirra tugþúsunda óbreyttra borg-

ara sem enn eru á átakasvæðinu. „Hizbollah og Ísrael gætu án tafar gefið okkur aðgang. Þá gætum við hjálpað 120.000 manns í Suður-Líbanon,“ sagði Egeland. - smk

120



Landsbankinn

Máttarstólpi Menningarnætur

Menningarnótt 19. ágúst


Hvernig þú velur réttu tös-kuna fyrir barnið.




Kristjana Milla Snorradóttir
 lðjubjálfi veitir ráðgjöf um
 val á réttri skólatösku í
 Eymundsson Smáralind
 í dag á milli kl. 17 og 18.

ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVERNIG TASKAN ER GERÐ.

- 1 Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.



Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg og auðvelt að herða og losa.



Taskan má ekki ve-ga meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

- 4 Æskilegt er að annað hvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem halda tös-kunni sem næst líkamanum.

- 5 Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 10.8.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	70,52	70,86
Sterlingspund	134,09	134,75
Evra	90,64	91,14
Dönsk króna	12,145	12,217
Norsk króna	11,409	11,477
Sænsk króna	9,861	9,919
Japanskt jen	0,6135	0,6171
SDR	105,09	105,71

Gengivísitala krónunnar
125,2569

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samfylkingin ályktar:

Yfirvöld virði rétt borgara

ÁLYKTUN „Í tilefni fréttu af aðgerðum yfirvalda gegn mótmælendum og ferðafólki við Snæfell telur Samfylkingin rétt að minna yfirvöld á mikilvægi þess að virða lýðræðisleg réttindi borgaranna,“ segir í ályktun Samfylkingarfélagi Reykjavíkur. „Einstaklingar hafa skýlausan rétt á að ferðast frjálsum um landið og að tjá hug sinn með friðsamlegum mótmælum.“

„Með mótmælum sínum kom Sigríður í Brattholti í veg fyrir virkjun Gullfoss, Gnúpverjar hafa með mótmælum staðið vörð um Djórsárver og vegna mótmæla var kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafeld lokað,“ segir í ályktuninni. - sgi

Neyðargetnaðarvörn:

Loksins leyfð í búðum vestra

BANDARÍKIN Neyðargetnaðarvörn, eða svokölluð eftir-á-pilla, mun senn fást í lausasölu í Bandaríkjunum.

Framleiðandi lyfsins og Lyfja- og matvælaeftirlit Bandaríkjanna gerðu samkomulag á þriðjudag sem gæti leitt til þess að lyfið fáiast án lyfseðils innan nokkurra vikna. Hingað til hefur lyfið verið lyfseðils-skýlt og hefur það verið gagnrýnt mikið af kvenréttindasamtökum.

Eftir breytingarnar þurfa þó konur yngri en átján ára að framvísa lyfseðli frá lækni til að fá lyfið.

St. Paul Pioneer Press greindi frá þessu. - rsg

LEIÐRÉTTING

Í frétt um biðlista á frístundaheimili í vikunni misritaðist að 420 hefðu sótt um starf frístundafulltrúa hjá Miðbergi í Breiðholti. Hið rétta er að sótt hefur verið um fyrir 420 börn á frístundaheimilum í Breiðholti í vetur.

Sjávarútvegsráðherra á lundaveiðum án veiðikorts í Grímsey í Steingrímsfirði:

Ber við vanþekkingu á reglum

LUNDAVEIÐAR „Ástæðan fyrir því að ég var þarna á veiðum án veiðikorts var að ég gerði mér ekki grein fyrir að til þessara veiða þyrfti ég veiðikort,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra um lundaveiðar hans í Grímsey í Steingrímsfirði á dögunum.

Í Fréttablaðinu á þriðjudag birtist grein um lundaveiðar Einars og bárust í kjölfarið ábendingar um að hann væri ekki með veiðikort. Við nánari athugun reyndist það rétt. Samkvæmt Sigrúði Erni Guðleifssyni, lögfræðingi Umhverfisstofnunar, eru hvorki ráðherra né aðstoðarmaður hans með veiðikort. Samúel

Örn Erlingsson, sem einnig var að veiðum á sama tíma, er líka veiðikortslaus.

Í annarri grein reglugerðar um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna segir: „Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, sbr. lög nr. 64/1994, skulu afla sér veiðikorts.“ Í elleftu grein sömu reglugerðar segir að brot gegn reglunum varði sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu veiðileyfis.

Sigurður segir grein Fréttablaðsins gefa tilefni til að rannsaka málið betur en fullyrðir ekkert um til hvaða aðgerða Umhverfisstofnun grípi. - sjs



HÁFURINN MUNDADUR Samkvæmt lögum eiga allir sem stunda lundaveiðar að vera með veiðikort. Brot á þessum lögum varða fjárfektum eða fangelsi.



BIÐIN LANGA Preyta sótti á suma flugfarþega á meðan þeir biðu eftir því að komast um borð í vél til London. Þessi mynd var tekin skömmu fyrir hádegi og átti fólk þá eftir að biða dagóða nokkra stund enn.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

180 farþegar biðu í níu klukkustundir

Margmenni var í Leifsstöð í gær á meðan beðið var eftir að hægt væri að fljúga til Heathrow-flugvallar. Öryggisreglur í flugi til Bandaríkjanna hafa verið hertar og er nú bannað að fara með flestan vökva í handfarangri vestur um haf.

SAMGÖNGUR Um 180 manns þurftu að biða í um níu klukkustundir á Keflavíkurflugvelli í gær eftir því að komast með flugi Icelandair til Heathrow-flugvallar í London. Flugumferð til og frá Bretlandi, og þá sérstaklega Heathrow, raskaðist talsvert í kjölfar þess að hættuástandi var lýst yfir vegna hryðjuverkaógnar.

Icelandair flaug tvisvar til Heathrow í gær, önnur vélin átti að fara í loftið klukkan átta að morgni, en það flug frestaðist til klukkan þrjú síðdegis. Hin vélin átti að fara um klukkan fjögur síðdegis en var frestað um tæpa klukkustund. Vélarnar flugu síðan með farþega til baka í gærkvöldi.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að eitthvað hafi verið um það að þeir

sem áttu bókað far með vélunum heim í gærkvöldi hafi frestað fluginu til dagsins í dag vegna ástandsins. Flugfélagið hafi opnað fyrir þann möguleika að miðunum væri breytt.

Ásgeir Friðgeirsson var einn þeirra sem frestuðu flugi sínu heim frá London. „Ég vildi losna við örtröðina á Heathrow. Það er betra að vinna fram eftir í kvöld [í gær] og fljúga á hádegi á morgun [í dag].“

Guðjón Arngrímsson segir að gengið sé út frá því að allt flug í dag verði á áætlun.

Iceland Express flaug einu sinni til London í gær, en þar sem ástandið var mun betra á Stansted-flugvelli var það flug á áætlun. Að sögn Birgis Jónssonar misstu þó einhverjir af flugi vélarinnar til

baka vegna seinkana annarra flugfélaga.

Öryggiskröfur á Keflavíkurflugvelli í flugi til Bandaríkjanna voru hertar, að kröfu bandarískra flugmálayfirvalda. Öryggisleit á farþegum var aukin og var þeim meinað að taka með sér vökva í handfarangri í flugvélina. Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri segir að ekki hafi borist sams konar krafa frá breskum yfirvöldum.

Berglind María Tómasdóttir flaug til Bandaríkjanna síðdegis í gær. Hún var mætt tímanlega á staðinn þar sem margt var í flugstöðinni og sagði rólegt yfirbragð á staðnum þrátt fyrir mannmergðina. Engin sérstök óþægindi hefðu hlotist af aukinni öryggisgæslu. stigur@frettabladid.is

Barnabætur árið 2005:

Sex milljörðum úthlutað

SKATTUR Barnabætur ársins 2005 hækkuðu um nítján prósent frá árinu 2004. Alls var tæpum sex milljörðum króna úthlutað til 55.500 framteljenda.

Nú er kominn til framkvæmda annar áfangi af þremur í breytingum á barnabótakerfinu sem samþykktar voru haustið 2004. Ótektj tengdar barnabætur til barna undir sjö ára aldri eru nú 46.747 krónur á ári, fjórðungi hærrí en árið 2004. Þær munu svo hækka upp í 56 þúsund krónur á næsta ári. Þá hækkuðu tektj tengdar barnabætur alls um tfu prósent frá 2004 til 2005. - sgi

Hagnaður SPV eykst milli ára:

570 milljónir í hálfársuppgjöri

VÍÐSKIPTI Hagnaður Sparisjóðs vélstjóra nam rúmum 570 milljónum króna eftir skatta á fyrri helmingi árs. Hagnaður sparisjóðsins jókst um tæp tuttugu og fjögur prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

Hreinar rekstrartekjur námu rúmum 1,2 milljörðum króna og jukust um tæpar tvö hundruð milljónir milli ára. Útlán sparisjóðsins til viðskiptavina námu 30,2 milljörðum króna og hafa aukist um fjórðung frá áramótum.

Í tilkynningu frá Sparisjóði vélstjóra segir að reksturinn hafi gengið vel fyrstu sex mánuði ársins 2006 og að hagnaður sé umfram áætlanir. - jsk

Listaverkþjófnaður:

Vladímír Pútín sker upp herör

RÚSSLAND, AP Vladímír Pútín, forseti Rússlands, skipaði ríkisstjórn sinni í gær að láta gera eignaskrá

yfir öll þau verk sem listasöfn landsins hafa að geyma.

Fyrirskipunin kom í kjölfar þess að upp komst um stórfelldan þjófnað úr safni í Pétursborg, en talið er að 221 listaverki, samtals metin á um 360 milljónum króna, hafi verið stolið á síðustu árum.

Upp komst um þjófnaðinn í júlí og hafa Rússar síðan hneykslast mjög á slökru eftirliti með gerssem þjófáráttar, sem og fjárþröng safnanna.

Yfirvöld hafa endurheimt þrettán listaverk sem fyrrum starfsmaður safnsins hafði með sér heim og lét veðsetja. - smk

VLADÍMÍR PÚTÍN

BÍLL DAGSINS

TOYOTA RAV4 4X4

Nýskr. 01.97 - Sjálfskiptur - Ekinn 149. þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	20°C rigning	London	20°C skýjað	Alicante	31°C heiðskirt
Bergen	18°C skúrir	Paris	19°C léttskýjað	Mallorca	29°C heiðskirt
Osló	20°C skýjað	Frankfurt	17°C skýjað-skúrir	Algarve	31°C léttskýjað
Stokkholmur	22°C léttskýjað	Friedrichshafen	19°C skýjað	Krít	30°C léttskýjað
Gautaborg	20°C skýjað	Berlín	21°C skýjað-skúrir	Las Palmas	25°C heiðskirt

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



Hæg breytileg átt. Fer að rigna vestan til þegar kemur fram á daginn.

Hæg breytileg átt. Dáltili væta víða í fyrstu en styttr svo upp.

Hafðu það gott um helgina



35%
afsláttur við kassa

Villikryddað hátíðarlambalæri

TILBOÐ
1.243 kr/kg
Merkt verð 1.912,-



35%
afsláttur við kassa

Ferskir kjúklingabitar læri og leggir

TILBOÐ
419 kr/kg
Merkt verð 645,-



Kjöt & fisktorgið

Svínagúllas úr kjötborði

TILBOÐ
998 kr/kg
Verð áður 1.549,-

Lambasúpukjöt úr kjötborði

TILBOÐ
798 kr/kg
Verð áður 898,-

Vinsælu þurrsteiktu grænmetisbuffin. Hefur þú smakkað?



25%
afsláttur við kassa

Findus snúðar og vinarbrauð - tilvalið með kaffinu



25%
afsláttur við kassa

Dumle súkkulaði karamellur - mjúkar og gómsætar



TILBOÐ
99 kr/stk
Verð áður 215,-

Pepsi Max - 2 lítra

Gildir til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Ætlar þú að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni?

Já	60%
Nei	40%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Óttast þú hryðjuverk í ferðalögum erlendis?

Segðu skoðun þína á visir.is



Öryggismálasérfræðingar spá í nýjstu ógnir við farþegaflug eftir handtökurnar í London í gær:

Sprengjur settar saman um borð

HRÝÐJUVERK Næstu hryðjuverkarárásir á farþegaflugvélar kunna að verða framdar af mönnum sem smygla íhlutunum í sprengju um borð í sakleysilegum umbúðum svo sem fyrir barnamat eða lyfjaflokkur. Sprengjuna myndu þeir setja saman úr íhlutunum bak við luktur salernisdýr um borð í flugvélinni. Við þessu vara öryggismálasérfræðingar sem AP-fréttastofan ræddi við í gær.

Fréttin af því að breskum yfirvöldum hefði tekist að koma upp um samsæri um að sprengja í loft upp nokkrar farþegaflugvélar í einu, sem fljúga áttu frá Lundúnum til Bandaríkjanna, með

sprengiefni smygluðu um borð í handfarangri, hefur vakið vangaeltur um að nú séu hafnir nýir tímar í baráttunni gegn hryðjuverkum í flugi. Tímar þegar flugfarþegar þurfa að una því að sæta klukkustunda löngu öryggiseftirliti þar sem þeir þurfa meðal annars að sýna svo ekki verði um villst að lyf sem þeir hafa meðferðis séu ósvikin. Einnig verði bannað að taka hluti eins og fartölvur eða vökva hvers konar með sér um borð.

Sprengjusérfræðingar sem AP leitaði álits hjá telja að fartölvur, farsímar, armbandsúr og hvaðeina sem gangi fyrir raf-

hlöðum eigi að banna að tekið sé um borð í flugvélar, ef gæta eigi fyllsta öryggis. En þeir vara við því að allar slíkar ráðstafanir munu þó sennilega ekki duga til að hindra næsta sjálfsmorðsprengjutilræði í flugi, þar sem öryggisráðstafanir lagi sig jafnan að síðustu árásum sem gerðar voru, ekki að nýjum ógnum. Staðráðnir hryðjuverkamenn finni alltaf glufurnar í því öryggiskerfi sem komið sé upp á hverjum tíma.

EFTIRLIT HERT Flugfarþegar þurfa að una stórhertu öryggiseftirliti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VÖKVAR BANNADIR Leiddar eru líkur að því að ætlunin hafi verið að smygla sprengiefni í vökvaformi um borð í flugvélar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gerð hryðjuverkasprengju:

Ræsibúnaður úr ljósaperu

HRÝÐJUVERK Hryðjuverkasvarnaryfirvöld í Bretlandi og Bandaríkjunum vildu í gær ekkert gefa upp um það hvers konar sprengjum þau teldu að hryðjuverkamenn hefðu ætlað sér að smygla um borð í farþegaflugvélar. Þar sem algert bann var lagt við því að hafa hvers konar vökva með í handfarangri voru leiddar að því líkur að óttast væri að hryðjuverkamenn reyndu að smygla með sér sprengiefni á vökvaformi.

Sennilegast þykir að ýmsa aðra íhluti þurfi í slíka sprengju. Að mati sérfræðinga eru nokkrir möguleikar á vökvasprengju fyrir hendi, annað hvort á grunnni nítróglýseríns, eða - sem líklegra þykir - á grunnni ammóníumnítrats í duftformi, sem gert yrði sprengifimt með blöndun við brennisteinssýru, fljótandi aseton eða hvort tveggja. Ræsibúnaðurinn gæti verið innvolsið úr ljósaperu og farsími eða tölvuúr.

- aa

Viðbrögð markaða:

Bréf lækka

HRÝÐJUVERK Hlutabréf í flugfélögum og ferðaskrifstofum hröpuðu í verði í gær, í kjölfar fréttanna af samsæri um hryðjuverk í farþegaflugvélu á milli Lundúna og Bandaríkjanna. Jafnframt lækkaði heimsmarkaðsverð á olíu vegna væntinga um að samdráttur í flugi valdi minni eftirspurn eftir eldsneyti.

- aa

Komu í veg fyrir fjöldamorð á flugfarþegum frá London

Sprengja átti bandarískar vélar á leið frá Bretlandi. Allur vökvi og raftæki eru nú bönnuð í farþegaflugi. Gífurleg gæsla og miklar tafir á Heathrow-flugvelli. Lögreglan handtók 21 mann í gær.

HRÝÐJUVERK Bresk yfirvöld segjast hafa komið í veg fyrir eitt umfangsmesta hryðjuverk sem reynt hefur verið að fremja í Evrópu á seinni tímum. Til stóð að smygla sprengiefni í vökvaformi um borð í farþegaflugvélar frá Bretlandi til Bandaríkjanna. Flugvélu frá bandarísku flugfélagnum United, American og Continental átti að granda samtímis, meðan þær væru á flugi.

Heathrow-flugvöllur lamaðist um stund eftir að komið var á hámarks öryggisgæslu á vellingum og allsherjabbann á handfarangur var sett á. Fjöldi fólks beið í röðum við innritunarborð og öryggiseftirlit, meðan gæslumenn grandskoðuðu föggur farþega í leit að hvers kyns vökva og raftækjum sem nýta mátti sem einfaldar hvelthettur. Ekkert efni í fljótandi formi var leyft um borð, fyrir utan ungbarnamjól.

Heathrow er einn umferðarþingsti alþjóðaflugvöllur heims og aðgerðirnar höfðu áhrif á flugsamgöngur um víða veröld. Flestum ferðum til Evrópu var aflýst og British Airways aflýsti einnig innanlandsflugi og öllu flugi til Líbíu, en líbískir leynipjónustumenn stóðu fyrir Lockerbie-óðæðinu árið 1988, með sprengju í handfarangri.

Breska lögreglan handtók í gær 21 mann í Lundúnum og Birmingham. Mennirnir eru taldir heimamenn, en ekki var gefið upp hvort þeir væru allir breskir ríkisborgarar. Haft var eftir lögreglu að samráð hefði verið haft við fulltrúa fólks sem á rætur að rekja til Suður-Asíu.

Rannsókn bresku lögreglunnar



ÖRYGGISGÆSLA Á MANCHESTER-FLUGVELLI Gífurleg öryggisgæsla var á öllum helstu flugvöllum í gær og mikið um tafir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

á hryðjuverkasamsærinu mun hafa staðið yfir svo mánuðum skiptir og hafði í för með sér „svo mikið eftirlit að það er einsdæmi,“ að sögn yfirmanns hryðjuverkalögreglunnar, Peter Clarke. Einnig var haft eftir honum að samsærið hefði teygst anga sína til margra landa.

Viðbúnaður bresku leynipjónustunnar, MI5, vegna hryðjuverkaógnar var í hámarki í gær og John

Reid, innanríkisráðherra Bretlands, tjáði fréttamönnum að svo mundi vera um einhvern tíma „til vonar og vara“. Ráðherrann bætti við að þrátt fyrir að lögreglan í Bretlandi væri sannfærð um að tekist hefði að koma í veg fyrir óðæðið yrði rannsókn haldið áfram og hún væri afar flókin.

Bandarísk yfirvöld óttuðust í gær að hryðjuverkamenn tengdir samsærinu gengju enn lausir og brugðust við með því að auka öryggisgæslu á flugvöllum og banna allan vökva um borð í flugvélu, til að mynda drykkjarföng, hárgel og linsuvökva. Allt fljótandi efni hefur reyndar verið illa séð í bandarískum vélu sem fljúga til Austur-Asíu allt frá árinu 1995, þegar upp komst um æfntun um að nota fljótandi sprengiefni til að torntíma vél yfir Kyrrahafi.

Nær öll raftæki eru nú bönnuð um borð, því þau væri hægt að nota sem hvelthettur. Þeirra á meðal eru



ÓMISSANDI MUNIR Í GLÆRA PLASTPOKA Allur handfarangur hefur verið bannaður, annar en sá sem telst ómissandi af öryggisástæðum eða lífsnauðsynlegur fyrir farþega.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ferðatölvur, farsímar, iPod-tæki, fjarstýringar og allir fjarstýrðir hlutir, sem og allt sem knúði er af rafhlöðu.

HANDFARANGUR BANNADUR

Flugfarþegum er meinað að taka handfarangur um borð í vélina, þar á meðal vökva og öll raftæki, eftir að breskir leynipjónustumenn afhjúpuðu samsæri um hryðjuverk í flugvélu. Ómissandi hluti skal bera í glærum plastpokum um borð.



Leyfdir munir:

- ▶ Seðlaveski og buddur fyrir krítarkort, reiðufé og persónuskilríki.
- ▶ Vegabréf og flugmiðar.
- ▶ Lyfseðilsskyld lyf. Séu þau í vökvaformi þarf að sannreyna þau sem slík.
- ▶ Glæraugu, en engin glæraugnahylki.
- ▶ Augnlinsur, en ekki linsuvökvi.
- ▶ Pelamjól; foreldri drekki af henni áður en farið er um borð.
- ▶ Dömbúndi og bleiur án umbúða.
- ▶ Pappírþurrkur, ekki í umbúðum.
- ▶ Gamaldags lykjar, ekki raflykjar.

Heimild: Samgönguráðuneyti Bretlands © GRAPHIC NEWS



ALLUR VÖKVI BANNADUR Eftir að upp komst um sprengiefni í fljótandi formi voru tilkynningar um allsherjabbann á vökva hengdar upp í skyndi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SKÓLA TILBOÐ! TAKMARKAÐ MAGN!

ACER ASPIRE 5612WLMi - Duo Core

Intel Duo Core 1.66Ghz
1GB DDR2 Vinnsluminni
80GB SATA Harður diskur
15.4" CrystalBrite skjár
Intel 945GM Skjåkort

4.124,-
Á MÁNUÐI

119.900,-

WWW.SVAR.IS | svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Þetta er skartgripur



Hjá Námsmannapjónustu Sparisjóðsins getur þú gert mikið úr litlu. Gott dæmi um það er 2 fyrir 1 í Sambíóin alla þriðjudaga auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin. Nánari upplýsingar á www.spar.is eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Poppkorn er ekki bara gott, það er líka fallett. Ef þú átt nál og tvinna er lítið mál að búa til flotta perlufesti.

Gerðu **mikið** úr litlu!



 **SPARISJÓÐURINN**
Námsmannapjónusta



VEISTU SVARID?

- 1 Í hvaða landi fer nú alþjóðleg trúða-háttíð fram?
- 2 Hvaða ofurfyrirsæta tilkynnti á dögunum að hún væri hætt í fyrir-sætubransanum?
- 3 Hver leikstjóri kvikmyndinni Miami Vice?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Sundlaugargestir óánægðir með frágang í útiklefa í Salalaug í Kópavogi:

Hættulegar flísar valda slysum

ÖRYGGISMÁL Flísar í útiklefa Salalaugar í Kópavogi hafa valdið óhöppum, þar sem viðnám er ekki nægilegt og þær verða hálar. Stefnt er að því að skipta um flísar á næstu vikum.

„Þetta er stórhættulegt og það eru flestallir óánægðir með fráganginn sem nota útiklefa í lauginni. Félagi minn datt þarna og fékk gat á hausinn og ég þekki fleiri dæmi um óhöpp,“ segir Jón Aðalsteinsson, sundlaugargestur í Kópavogi. Hann segir að fólk haldi sér í vegg til að detta ekki. Laugin var tekin í notkun síðasta sumar.

„Þetta kom í ljós við opnun laugarinnar og við brugðumst

strax við með því að setja sérstakt hálkuvarnarefni á flísarnar,“ segir Guðmundur Harðarson, forstöðumaður laugarinnar. Hann segir að aðvörunum hafi verið komið fyrir við klefann og að allt sé gert til að tryggja öryggi sundlaugargesta. Hafist verði handa við að skipta um flísar í klefanum á næstu vikum.

Þangað til verða sundlaugargestir að ganga varlega um útiklefa til að hrasa ekki á hálu gólfinu.

- öh

ÚTIKLEFI Í SALALAUG Flísar á gólfi útiklefans verða mjög hálar en stefnt er að því að skipta þeim út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ákærður fyrir fíkniefnabrot:

Með hass og amfetamín

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldrri hefur verið ákærður fyrir að hafa tæplega 45 grömm af hassi og tvö grömm af amfetamíni í fórum sínum.

Lögreglan í Keflavík gerði húslleit hjá manningu 5. maí síðastliðinn, eftir að vísbendingar bárust um að maðurinn kynni að hafa fíkniefni á heimili sínu. Fundust fíkniefnin á heimili mannsins.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Þess er krafist að hálfu ákæranda, Sýslumannsins í Keflavík, að maðurinn verði dæmdur til refsingar fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

- mh

Nýr ritstjóri Mannlífs:

Kristján tekur við Mannlífi

ÚTGÁFA Kristján Þorvaldsson verður næsti ritstjóri Mannlífs. Kristján var ritstjóri Séð og heyrð í tíu ár og hefur undanfarið gegnt starfi ritstjóra Vikunnar.

„Já, það er rétt. Ég mun líklega taka við ritstjórn Mannlífs núna um helgina,“ segir Kristján, sem var ritstjóri Mannlífs fyrir rúmlega tíu árum en segist ekki hygga á miklar breytingar. „Það er ágætis mynd á Mannlífi núna. Það er þróað og þétt blað. Ég tek þetta verkefni að mér og það vonandi til frambúðar.“

Eln Arnar, blaðamaður á Vikunni, mun taka við ritstjórn Vikunnar.

- sh



KRISTJÁN ÞORVALDSSON

Leikskólar Reykjavíkur gefa út upplýsingaefni:

Upplýsingarnar eru á átta tungumálum

LEIKSKÓLAR Reykjavíkurborg hefur nú gefið út upplýsingaefni á átta tungumálum um leikskóla og tví-



LEIKSKÓLABÖRN Bæklingar um leikskólann og tvítyngi leikskólanna í Reykjavík eru nú fánlegir á mörgum tungumálum.

tyngi barna á leikskólasviði. Bæklingunum, sem eru tvenns konar, er ætlað að mæta vaxandi þörf fyrir upplýsingum meðal erlendra foreldra leikskólabarna, en börn af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur eru um tíu prósent leikskólabarna í borginni.

Upplýsingabæklingarnir eru á íslensku, ensku, taflensku, víetnömmsku, rússnesku, serbnesku, spænsku og pólsku en flest leikskólabarna af erlendu bergi brotin eiga pólska, filippseyska og taflenska foreldra.

Um síðustu áramót áttu 667 börn erlendra foreldra en þar af áttu 239 börn eitt íslenskt foreldri. Meðal barnanna eru töluð fleiri en sextíu tungumál.

- rsg



OFBELDISEMENN TEKNIR HÖNDUM Lögreglan handtók menn sem í gær sem voru grunaðir um að hafa lamið mann að beiðni annars manns. Allir eru kunnugir lögreglunni.

Árás á stúlku á leið í vinnu

Tvær líkamsárásir voru framdar í fyrrakvöld og -nótt. Reynt var að nauðga rúmlega tvítugri stúlku á leið til vinnu í Breiðholti. Fyrr höfðu þrír menn ráðist að öðrum á Hverfisgötu og lamið með bareflum.

LÖGREGLA Skömmu fyrir níu á miðvikudagskvöld réðust þrír menn að þeim fjórða við verslun 10-11 á Hverfisgötu með bareflum og börðu. Maðurinn fékk einhverja áverka af barsmíðunum sem voru þó ekki mjög alvarlegir. Bjarnþór Aðalsteinsson, varðstjóri í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, segir árásina hafa verið fólksulega.

Að sögn Bjarnþórs þekktu árásarmennirnir ekki fórnarlambið. „Það liggur í loftinu að þeir hafi gert þetta í umboði einhvers þriðja aðila.“ Allir mennirnir, jafnt árásarmenn sem fórnarlambið, hafa áður komið við sögu lögreglu, þó mismikið. Bjarnþór segir málið ekki tengjast fíkniefnum.

Einn árásarmannanna var liðsmaður vélhjóla klúbbsins Fánis, sem komst í sviðsljósið fyrir hálfu þriðja ári þegar hann gekk berserksgang í Leifsstöð og réðst í kjölfarið inn á ritstjórnarskrifstofu DV. Ekki liggur fyrir hvort hinir árásarmennirnir voru einnig liðsmenn Fánis. Mönnunum var sleppt úr haldi eftir yfirheyrslur í gær. Fórnarlambið hefur kært árásina.

Um klukkan fjögur aðfaranótt

fimmtudags var ráðist á rúmlega tvítuga stúlku á leið til vinnu í Breiðholti og reynt að nauðga henni. Stúlkan, sem vinnur í bakaríi, var stödd á göngustíg sem liggur frá heimili hennar að vinnustaðnum þegar karlmaður, vopnaður hnífi, réðst að henni aftan frá og reyndi að afklæða hana. Manninn tókst að fella stúlkuna í jörðina en ekki að koma fram vilja sínum við hana. Stúlkan hlaut smávægilega áverka og tilkynnti málið strax til lögreglu símléiðis.

Bjarnþór segir stúlkuna hafa afar litlar upplýsingar getað gefið um árásarmanninn, dimmt hafi verið úti og hún lítið séð til hans þar sem hann kom aftan að henni. Sú litla lýsing sem lögreglan hafði gat hins vegar bent til þess í upphafi rannsókna að menn sem tengdust líkamsárasmálinu frá því fyrr um kvöldið og voru í haldi hefðu komið að nauðgunartilrauninni. Tveir þeirra voru því yfirheyrðir vegna þess líka en fljótlega kom í ljós að sá grunur var ekki á rökum reistur.

Lögreglan hefur engan grunaðan um nauðgunartilraunina að svo stöddu.

stigur@frettabladid.is

Kúabændur á Suðurlandi prófa nýjar aðferðir:

Kýr inni um nætur

LANDBÚNAÐUR „Það hefur aukist á seinni árum að kýrnar séu inni á nóttunni. Eftir að lausagöngufjós fóru að ryðja sér til rúms fóru menn að gefa kúnum hey með beitinni allt sumarið,“ segir Ketill Ágústsson, bóndi á Brúnastöðum.

Þegar kúnum er hleypt út á vorin hækkar frumutalan í kúnum

en það dregur úr gæðum mjólkurinnar. Það er því álit margra bænda að betra sé að hafa kýrnar inni á nóttunni.

„Menn eru að færast nær þeirri skoðun að það eigi að færa kúnum fæðuna. Útvera í misjöfnum veðrum hefur áhrif á gæði mjólkurinnar,“ segir Ketill.

- öh

LEGACY SUBARU

Sumartilboð á Legacy

2.470.000 kr.

SUMARTILBOÐ Á LEGACY TAKMARKAÐ MAGN

	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
SEDAN		
Sjálfskiptur	2.620.000	2.470.000
WAGON		
Beinskiptur	2.690.000	2.490.000
Sjálfskip	UPPSELDUR 1.000	2.640.000

Legacy er mjög kraftmikill bíll og sérlega þægilegur og mjúkur undir stýri - hvort sem þú ert að sækja börnin í leikskólann eða á leiðinni upp í sumarbústað. Legacy er rétti bíllinn fyrir íslenskar aðstæður, og þig.

www.subaru.is

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Simi 525 8000 www.ih.is	Opí: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njaróvík 421-8808
	Höfn í Hornafni 478-1990	Reykjarfírdi 474-1453

* Á meðan birgdir endast.

Veldu þér vinnufélaga!



Caddy

Lipur vinnubjarkur með frábæra aksturseginnleika og vinnuástöðu fyrir bílstjóran. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsisvörn og hljómflytningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur með dísilvél.

Verð frá 1.760.000 kr.
eða 28.300 kr. á mánuði*



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

Transporter

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

Verð frá 2.520.000 kr.
eða 40.973 kr. á mánuði*



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

Transporter Pickup

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

Verð frá 2.625.000 kr.
eða 42.677 kr. á mánuði*



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar



Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK


20%
AFSLÁTTUR

SMEG gaseldavélar á tilboði

Smeg gaseldavél - 70 sm

4 gashellur með pottjárnsgrindum
65 ltr ofn með 8 kerfum

Verð: kr. 198.500

Tilboð: kr. 158.800

Smeg gaseldavél - 90 sm

5 gashellur með pottjárnsgrindum
97 ltr ofn með 8 kerfum

Verð: kr. 247.500

Tilboð: kr. 198.000


smeg
 hönnun og gæði

Smeg gaseldavélar eru ítalskar gæðavélar fyrir alla þá sem unna glæsileika og góðum mat.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Smeg gaseldavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

4 400 400 / mest.is



– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhellu 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Landvernd vill að vistkerfi hafsins verði skoðað:

Sjófuglum fækkar

DÝRALÍF Sjófuglum hefur fækkað umtalsvert á Norður-Atlantshafi og hvetja Landvernd og norræn systursamtök Norðurlandaráð til að finna orsakir fækkunarinnar og koma með tillögur til úrbóta.

Fækkun sjófugla einskorðast ekki við Ísland en þeim hefur einnig fækkað í Færeyjum og Noregi. Þessi þróun kann að vera tilkomin vegna breytinga á vistkerfi hafsvæðisins og hefur skortur á sandsilum verið nefndur sem ástæða.

Landvernd telur að skoða þurfi vistkerfi hafsins með heildstæðum hætti á fjölbjóðlegum vettvangi þar sem ferfið sé í eðli sínu hnattrænt.

- hs



LUNDI Sjófuglum fer fækkandi við Ísland.



LAXÁRVIRKJUN Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir aðstæður til orkuframleiðslu hér á landi sérstakar vegna smæðar samfélagsins og fjarlægðar frá öðrum löndum. Erfitt sé um virka samkeppni.

Sjálfsgagt að skoða tillögur

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir viðhorf um gagnsæi orkugeirans sem fram koma í skýrslu OECD vera alþekkt. Sjálfsgagt sé að taka þau til athugunar.

EFNAHAGUR „Það er sjálfsgagt að taka til athugunar að gera orkugeirann gagnsærri,“ segir Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra um skýrslu OECD sem kynnt var í fyrradag. Þar kom fram að óvissa væri uppi um ávinning þjóðarþúsins af stóriðju og orkusölu vegna viðskiptaleyndar raforkusölusamninga. Þörf væri á alvarlegri umræðu um verulega annmarka þeirrar umgjörðar sem iðnaðinum sé búinn.

„Þetta er þeirra viðhorf og alþekkt sjónarmið. Þetta hefur reyndar verið haft í huga í öllum samningum svo ég viti til,“ segir Jón. „Viðhorfið er sjálfsgagt og ráðandi af hálfu íslenskra stjórnvalda en hins vegar eru frjálsir samningar þannig að það verður að taka tillit til óska mótaðila líka. Umræður um gagnsæi eða ekki eru þó stundum skrýtnar þar sem það hefur komið fram að ef menn skoða verð sem þeir sjá í árskýrslum geta þeir alltaf fundið hvert það er.“

Varðandi tillögur um að opinberir aðilar eigi að draga sig út úr raforkuframleiðslu segir Jón mikla þróun hafa verið á því sviði á undanförunum árum. Ný lög hafi verið sett árið 2003 sem geri ráð fyrir því að hér sé byrjað að þróa markað á raforkusviðinu. „Það hefur verið unnið með þessum anda í árabíl og er gert enn. Hins vegar eru augljóslega sérstakar aðstæður hér því Ísland er ekki stærra samfélag en það er og það langt frá öðrum löndum að það er vægast sagt erfitt um virka samkeppni.“

Meðal annarra athugasemda í skýrslu OECD voru að æskilegt sé að fresta nýjum stóriðjuframkvæmdum þangað til jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum. Þá verði að mæta þensluáhrifum skattalækkana með viðbótandiurskurði útgjalda þar til fram komi skýr merki um minnkandi þenslu. Auk þess þurfi stjórn peningamála að vera skýr áfram.

salvar@frettabladid.is

Eldsvoðar í gripahúsum:


Laga þarf eldvarnir

DÝRAVERND „Við teljum að eldvörn um í eldri gripahúsum sé mjög víða ábótavant,“ segir Sigríður Ásgeirsdóttir, formaður Dýravandarsambands Íslands. Sambandið hefur sent umhverfisráðherra bréf þar hvatt er til þess að eftirlit með eldvörn um í gripahúsum verði eftt.

Í bréfinu segir leitt að vita til þess að dýrin séu í öðru sæti þegar komi að öryggismálum. Staðreynd málsins sé nefnilega sú að oftast þurfi fólk að leggja sig í hættu þegar eldur komi upp. Til séu ágæt lög um eldvarnir en þau dugi skammt ef eftirliti er ábótavant.

- öh

risaSMÁR



ISINNA AUGLÝSINGASTOFNANNAIS TOY 33484 07/2004

Yaris risaSMÁR - aftur og aftur

Yaris er enginn venjulegur bíll.

risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Núna færðu risaSMÁAN Yaris 1.0 I með frábærum aukahlutum sem gera tilfinninguna risaSMÆRRI.

Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR aukahlutapakki

- Filmur í rúður
- Krómliði á hlera
- Krómstútur á púst
- Vindskeið

Verð frá **1.585.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



Í SÓL OG SUMARYL Þær nutu heldur betur sólarinnar, þessar bandarísku systur, á meðan hundarnir þeirra kældu sig í Arnará í Colorado fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hert lög gegn ólöglegum innflytjendum í Bandaríkjunum:

Sérsveitir smala brottrækum

BANDARÍKIN, AP Yfir tuttugu þúsund ólöglegir innflytjendur hafa verið handteknir og vísað burt úr Bandaríkjunum það sem af er þessu ári og er það gríðarleg aukning frá fyrri árum. Herferðin er hluti af baráttu George W. Bush Bandaríkjaforseta gegn ólöglegum innflytjendum.

Sérþjálfaðir lögregluþjónar leita nú dyrum og dyngjum að fólki sem úrskurðað hefur verið brottrækt frá Bandaríkjunum vegna glæpa eða brota á vegabréfsáritunum þeirra og fylgja brotamönnum síðan í flugvélararnar sem flytja þá úr landi.

Þó heimila lögin ekki að gerður sé greinarmunur á annars löghlyðnum ólöglegum innflytjendum og þeim sem tilheyra glæpagengjum eða hafa framið glæpi, og dæmdir glæpamenn eru eingöngu um fimmtingur þeirra sem handteknir hafa verið í ár. Innflytjendayfirvöld hafa því bent á að lagabreytingar séu nauðsynlegar.

„Ef fólk til að vinna gæti gefið sig fram, þá gætum við einbeitt okkur að þeim sem [...] eru hættulegir öryggi fólks,“ sagði Julie Myers, talskona heimavarnaráðuneytisins.



TEKINN Bandarísk lögregla handtekur ólöglegan innflytjanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að um hálf milljón ólöglegra innflytjenda sem þegar hefur verið vísað úr landi sé enn stödd í Bandaríkjunum. - smk

Egyptar í Bandaríkjunum:

Ellefu skipti-nemar hverfa

BANDARÍKIN, AP Ellefu nemar á tvítugsaldri frá Egyptalandi hafa horfið sporlaust í Bandaríkjunum, en þeir höfðu skráð sig í mánaðarlangt skiptinám við háskóla í Montanaríki.

Þeir voru í hópi sautján manna sem komu inn í Bandaríkin 29. júlí á námsmannaáritunum til að hefja nám við skólann en aðeins sex úr hópnum mættu á námskeiðið.

Alríkislögreglan leitir nú manna, en eftir árásirnar 11. september var farið að fylgjast nánar með erlendum nemum í Bandaríkjunum. Nokkrir hryðjuverkamannanna voru í landinu árið 2001 undir því yfirskini að vera í flugnámi. - rsg



HUNDAÁTI MÓTMÆLT Aðgerðasinnar hafa löngum kvartað yfir illri meðferð á hundum og hafa krafist banns á hundaáti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýtt æði í Norður-Kóreu:

Hundakjöt fyrir húðina

SUÐUR-KÓREA, AP Hundakjöt verður sífellt vinsælla meðal norður-kóreskra kvenna, en þessi kóreski þjóðarréttur er talinn vera góður fyrir húðina. Bæði í Suður- og Norður-Kóreu er hundakjöt sagt gott fyrir úthald og auka hreysti og er vinsælt á heitum sumardögum.

Norður-Kórea hefur sérhæft sig í ljúffengum hundakjötsréttum, en þar í landi er hundakjöt kallað „hið sæta kjöt“. 35 af hundræði suður-kóreskra hundaeigenda gæða sér einnig reglulega á hundasúpu. Hundakjöt er einnig vinsælt í Kína, Víetnam og Laos. - sgi

LÖGREGLUFRETTIR

Mjólkurbíll út af Mjólkurbíll fór út af veginum við Króksbjarg á Skagaströnd í gærmorgun. Ökumaður slapp ómeiddur og ekki er ljóst hversu mikið tjón varð á bílnum. Annar mjólkurbíll var sendur á staðinn til að sækja mjólkina og koma í veg fyrir mjólkurþurrð.

Pallbíll stolið Lögreglan á Akureyri auglýsir eftir upplýsingum um Nissan Navara pallbílfreið með númerinu IY-013 sem stolið var frá Stóragarði í fyrri nótt. Þeir sem kunna að hafa séð til ferða bifreiðarinnar eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Akureyri.

Hraðakstur Á síðasta sólarhring voru fimmtán ökumenn stöðvaðir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík, flestir yngri en 25 ára að sögn lögreglu. Nokkrir þeirra höfðu komið við sögu lögreglunnar áður vegna umferðarlagabrota. Einn þeirra var sautján ára piltur sem hefur haft ökuréttindi í fáeina mánuði.

DÓMSMÁL

Með kannabis og e-töflur Nítján ára Njarðvíkingur hefur verið ákærður fyrir að hafa haft í vörslu sinni eitt gramm af kannabisefnum og 22 e-töflur í febrúar. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

DANMÖRK

Pungaðar of feitar Ein af hverjum þremur dönskum konum er of feit þegar við þungun, að því er fram kemur á fréttavef Politiken. Einkum eru þær konur of þungar sem vænta síns annars eða þriðja barns. Býður þessi þróun hættunni heim, því mun meiri líkur eru á að taka þurfi barnið með keisaraskurði sé móðirin of feit.

Fjárlögin ekki virt í menntamálunum

Menntamálaráðherra segir mögulegt að hagræða innan ráðuneytisins, sérstaklega á háskólastiginu. Þriðjungur fjárlagaliða ráðuneytisins fór fram úr áætlunum á síðasta ári. Fjárlagagerðinni stórlega ábótavant, segir Ingibjörg Sólrún.

FIJÁRMÁL Meira en þrjátíu prósent fjárlagaliða innan menntamálaráðuneytisins fóru fram úr heimildum á síðasta ári.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er frá því greint að 35 af 104 fjárlagaliðum sem falla undir ráðuneytið hafi farið fram úr heimildum. Þar á meðal eru tæplega þrjátíu liðir sem fóru meira en fjögur prósent umfram heimildir, en samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber ríkisvaldinu að grípa til sérstakra aðgerða ef farið er yfir þessi mörk. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir vinnu sem miðar að



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Segir frávik stjórnvalda frá fjárlögum allt of mikil.

aukinni hagræðingu innan ráðuneytisins þegar hafna. „Ég er nú þegar byrjuð að hagræða innan ráðuneytisins, og sumar ákvarðanirnar sem ég hef tekið eru umdeildar. Ég hef lagt niður Kvikmyndaskoðun, sem var með mestu framúrkeyrsluna miðað við fjárlög, og verkefni þar færast annað. Það eru gerðar miklar aðhaldskröfur innan einstakra liða sem falla undir menntamálaráðuneytið og samkvæmt þeim verður unnið áfram. Framhaldsskólar, eins og Menntaskólinn á Laugarvatni og Framhaldsskólinn á Laugum, eiga í erfiðleikum með leigugreiðslur og það er verið að taka á málefnum framhaldsskólanna innan ráðuneytisins.“

Þorgerður Katrín vonast til þess að hagræðing leiði til skilvirkara starfs sem sé til þess fallið að efla menntastofnanir. „Því er ekki að neita að það er hægt að ná betri tökum á rekstri innan ráðu-



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Þorgerður Katrín segist bjartsýn á að hagræðing innan menntamálaráðuneytisins gangi vel á næstu árum. Hún sést hér ræða við blaðamann eftir ríkisstjórnarfund í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

neytisins, og ég nefni í því samhengi sérstaklega háskólastigið. Þar er möguleiki á því að koma málum til betri vegar.“

Menntamála-, heilbrigðis-, og utanríkisráðuneyti fóru hlutfallslega mest fram úr fjárheimildum á síðasta ári. Ríkisendurskoðun gagnrýndi stjórnvöld harkalega í skýrslu sinni vegna framkvæmdar fjárlaga fyrir árið 2005, en í henni kom meðal annars fram að það væri „alltof algengt að ámæli ríkisendurskoðunar væru virt að vettugi“.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir stjórnvöld þurfa að endurskoða fjárlagerðina í heild. „Skýrsla Ríkisendurskoðunar ber það með sér að fjárlagagerðinni sjálfri er verulega ábótavant. Liðir eru ýmist verulega yfir eða undir heimildum og það segir manni að það er illa staðið að fjárlagagerðinni. Mér sýnist vera

almenn viðurkenning á því innan ráðuneyta og stofnana að eftir fjárlögum þurfi ekki að fara með ströngum hætti. Menn virðast búast við því að það sé alltaf hægt að fá viðbótarfé, og sú aðferðarfræði gengur ekki. Reiknilíkin sem forsvarsmenn ráðuneytanna notast við taka ekki mið af veruleikanum. Ráðuneytin sem greinilega eru verst í þessu efni eru menntamála- og heilbrigðisráðuneyti.“

Ingibjörg Sólrún segist ekki halda að hagræðing, sérstaklega hjá Háskóla Íslands, geti samræmst yfirlýstum markmiðum. „Ég fæ ekki betur séð en að Háskóli Íslands telji sig fjársveltan og ef hann ætlar að ná markmiði sínu, að verða einn af hundræðum bestu háskólum í heimi sem menntamálaráðuneytið hefur tekið vel í, þá samræmist niðurskurður á háskólastiginu því ekki vel.“ magnush@frettabladid.is

Nýjung í ræstingum

Unilav ræstitæki með 40 cm moppugrind

Á tilboði í ágúst

Þurr- og blautmoppað með sama áhaldinu



Auðveld áfylling, einfalt í notkun



Sérlega handhægt



6.996 kr.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Laxeldisstöðvar hérlandis því sem næst uppiskroppa með lax:

Seldu nær allan lax úr landi

LAXELDI Helstu laxeldi landsins eru uppiskroppa með lax. Ástæðan er að aukin eftirspurn eftir eldislaxi á heimsvísu og hækkandi heimsmarkaðsverð hefur leitt til þess að nær allur íslenskur lax hefur verið seldur úr landi.

Að sögn Rúnars Gíslasonar, eiganda Furðufiska, er ástandið afar erfitt á markaðnum hérlandis. „Við vorum að taka um tonn á viku af laxi. Nú er aðeins einn framleiðandi sem á einhvern lax eftir og hann skammtar okkur um hundrað kíló á viku,“ segir Rúnar.

Að sögn Rúnars munaði á tímabili um helmingi á heimsmarkaðsverði og verðinu á markaðnum



VEITINGAMENN ÞURFA AÐ FLYTJA INN LAX

hér og því var nær allur laxinn seldur úr landi.

„Vegna laxaskortsins hérlandis kaupum við nú lax á heimsmarkaðsverði frá Noregi en kostnaðurinn við að flytja hann hingað er gífurlegur,“ segir Rúnar. „Þessi flutningskostnaður leggst svo ofan á

verðið til viðskiptavina okkar og því hefur salan dregist aðeins saman hjá okkur. Okkur stóð einfaldlega ekki íslenski laxinn til boða.“

Rúnar segir menn í matvælaíðnaðinum uggandi yfir ástandinu vegna jólaanna. „Menn eru orðnir ansi hræddir fyrir jólavertíðina, fyrirtækin sem reykja og grafa lax fyrir hátíðirnar eru farnar að birgja sig upp af frosnum lax frá Chile til að anna eftirspurn í desembermánuði.“

Að sögn framkvæmdarstjóra laxeldisstöðvarinnar Rifós getur tekið rúmlega tvö ár að auka framleiðslu á eldislaxi. - æpe

SINDRI RISIAUSTRI

Sindri opnar nýja og glæsilega verslun fyrir fagmenn að Viðarhöfða 6 í Reykjavík.


Nú geta viðskiptavinir notið þjónustu okkar og vöruúrvals á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

- DeWalt verkfæri
- Lincoln rafsuðuvélar og vír
- Festingavörur, boltar og skrúfur
- Ridgid pípulagningaverkfæri
- Loftpressur frá Atlas Copco

SINDRI er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili **DEWALT** á Íslandi.



NÝ VERSLUN
SINDRA



DEWALT
...á heima hjá **SINDRA**

SINDRI

sími 575 0000 www.sindri.is

Klettagöndum 12 - Reykjavík

Viðarhöfða 6 - Reykjavík

Strandgötu 75 - Hafnarfirði

Draupnigötu 2 - Akureyri



SÍGILT SKIP Þetta þrjátíu og eins metra langa skip er eftirlit af kaupfari sem notað var í Norður-Evrópu á tólftu öld. Skipið, sem ber nafnið Wissemara, sést hér sigla fram hjá Mole-vitanum við Warnemünde í Norður-Þýskalandi á leið til Rostock, þar sem skipahátíð hófst í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húsaleiga hefur hækkað um 10-20 þúsund krónur að meðaltali:

Herbergi leigð á 35 þúsund

HÚSNÆÐISMÁL Leiguverð tveggja herbergja íbúða á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 10-20 þúsund krónur að meðaltali frá í fyrra, að sögn Elísabetar Björgvinsdóttur, sölumanns hjá Fasteignamiðluninni Ársölum. „Meðal-leiguverð tveggja herbergja íbúða nú er 70 þúsund krónur á mánuði en í fyrra var meðalverðið 50-60 þúsund krónur.“

Elísabet segir eftirspurn eftir leiguhúsnæði meira en framboð og að mest ásókn sé eftir minni íbúðum og herbergjum. „Núna bíða þrjátíu manns hjá okkur eftir leiguhúsnæði og daglega berast okkur fyrirspurnir.“



HÚSNÆÐISMÁL Leiguverð tveggja herbergja íbúða hefur hækkað um 10-20 þúsund krónur frá í fyrra.

Hanna María Jónsdóttir, rekstrarstjóri Stúdentamiðlunar Háskóla

Íslands, tekur í sama streng og Elísabet og segir verð á leiguhúsnæði umtalsvert hærra en í fyrra.

Á vefsíðu Stúdentamiðlunarinnar voru ellefu íbúðir auglýstar til leigu í gær og var ódýrast að taka sextán fermetra herbergi á leigu en uppsett leiguverð fyrir það var 35 þúsund krónur á mánuði. Uppsett leiga á 76 fermetra húsnæði var 95 þúsund krónur á mánuði og á 60 fermetra íbúð var uppsett verð 85 þúsund krónur.

Hanna María segist finna fyrir því að erlendir stúdentar hafi ekki möguleika á að borga svo háa leigu og eru margir þeirra í leit að meðleigjanda.

- hs

Námskeið fyrir kennara:

Vilja tala um samkynhneigð

SAMKYNHNEIGÐ Námskeið um samkynhneigð fyrir alla grunnskólakennara á Akureyri verður haldið þann 14. ágúst. Tilgangurinn er að búa kennara og aðra starfsmenn skóla á Akureyri undir þá nýjung að talað verði um samkynhneigð í skólanum en ekki þagað yfir henni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fundarstjóra, Sverri Páli Erlendssyni.

Stefna Skóladeildar Akureyrar, sem stendur fyrir námskeiðinu, er að taka upp kennslu þar sem fjallað verður um samkynhneigð eins og hvert annað lífsform í samfélaginu.

- sps

Sveitarfélagið Skagafjörður:

Styrkir uppgröft á Hólum

UPPGRÖFTUR Sveitarfélagið Skagafjörður hefur ákveðið að styrkja uppgröft á Hólum í Hjaltadal næstu þrjú árin. Uppgröftur hefur staðið yfir á Hólum í sumar, en þetta er fimmta sumarið sem grafið er þar. Uppgröfturinn hefur fram til þessa verið unnin með styrk frá Kristnihátíðarsjóði.

„Það er mikil viðurkenning á okkar rannsóknunum að sveitarfélagið ákveður að koma að uppgröftrinum,“ segir Ragnheiður Traustadóttir, stjórnandi Hóla-rannsóknarinnar.

- öhó

Sala á tjöldum enn mikil yfir sumartímann:

Húsvagnar sífelld vinsælli

FERDALÖG „Það er alltaf selt meira af húsvögnum en árið áður,“ segir Gunnlaugur Ingibergsson hjá Seglagerðinni Ægi, sem selja



TJALDVAGN Húsvagnarnir hafa tekið við af tjöldunum, að sögn Gunnlaugs Ingibergssonar hjá Seglagerðinni Ægi.

tjaldvagna, fellihýsi, pallhýsi, hjólhýsi og húsbíla. „Hjólhýsin hafa verið sérstaklega vinsæl, en áður fyrr voru þetta bara tjaldvagnar og fellihýsi. Við erum bara með samkomutjöld til leigu en seljum engin tjöld. Við hættum því vegna minnkandi eftirspurnar.“

Að sögn Gísla Páls Hannessonar, verslunarstjóra Útilífs í Glæsbæ, selst svipað mikið af tjöldum nú í sumar og í fyrra. „Við seljum hvað mest af fjölskyldutjöldum, fjögurra eða sex manna. Svo seldist náttúrulega talsvert af ódýrari tjöldunum fyrir verslarmannahelgina,“ segir Gísli.

- sj

SÓFADAGAR

ÚTSALA!

30% - 60% afsláttur af öllum húsgögnum



gallerí húsgögn

Dalvegi 18 - 201 Kóp. - Sími 5545333
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is

heimen.egunn

Borgaraflokkarnir vinna á

Þegar rúmur mánuður er til þingkosninga í Svíþjóð mælist kosningabandalag borgaraflokka með meiri hlutfylgi í tveimur nýjum skoðanakönnunum.

SVÍÞJÓÐ Kosningabandalag borgaralegu flokkanna í Svíþjóð mælist með meirihlutfylgi í tveimur nýjum skoðanakönnunum. Fylgi jafnaðarmanna og bandamanna þeirra á vinstri vængnum dalar talsvert frá síðustu könnunum. Þingkosningar fara fram í Svíþjóð hinn 17. september næstkomandi.

Í könnun Sífos-stofnunarinnar, sem niðurstöður voru birtar úr í Svenska Dagbladet og fleiri blöðum í gær, fá borgaraflokkarnir samtals 50,5 prósent atkvæða, en fylgi Jafnaðarmannaflokksins og smáflokka tveggja sem eru með honum í vinstribandalaginu, Græningja og Vinstriflokksins, mælist samtals 45,8 prósent.

Í niðurstöðum könnunar sem Demoskop gerði fyrir sjónvarpsstöðina TV4 og dagblaðið Expressen mælist fylgi borgaraflokka

50,4 prósent en vinstriflokka-bandalagsins 45,8 prósent.

Í fyrrnefndu könnuninni mælist fylgi jafnaðarmanna nú þremur prósentustigum minna en í síðustu könnun um miðjan júní, í hinni tveimur prósentustigum minna.

Nærri fimmti hver kjósandi segist í könnunum ekki hafa gert upp hug sinn ennþá.

Dagens Nyheter hefur eftir stjórnmálafræðingnum Olof Petersson að minna sé að marka kannanir sem gerðar eru á samræyfastíma landsmanna. Í Svenska Dagbladet er bent á að í tveimur síðustu kosningum hafi jafnaðarmenn haldið því fylgi í kosningum í september sem þeir mældust með í ágúst, en borgaraflokkarnir fengu minna upp úr kjörkösunum þá en þeir mældust með mánuði fyrr.

audunn@frettabladid.is

Lögbrjótur villti á sér heimildir í þrítugum árið 2002:

Kom saklausri konu í miklar ógöngur

DÓMSMÁL Kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð fyrir að villa á sér heimildir í þrítugum árið 2002 þegar hún var stöðvuð vegna umferðarlagabrot.

Konan er sökuð um að hafa gefið upp nafn og kennitölu konu á fertugsaldri þegar hún var stöðvuð í þrjú skipti í febrúar og mars 2002, sem leiddi til þess að róng kona var sökuð um umferðarlagabrot og boðið að ljúka þeim með sektargreiðslu. Sú neitadi því, enda hafði hún enga sök átt að máli, og voru sektarboðin þá árituð af héraðsdómara um viðurlög. Þung refsing getur legið við því að gera saklausu fólki upp sakir.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Kona var dæmd fyrir að villa á sér heimildir.

Ríkissaksóknari fer með málið. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

- sh

allt í matinn á einum stað

veglegar lækkanir

31%
verðlækkun

frábært
verð

Mexíkófjör í nettó

GOÐI

999 kr/kg
Verð áður 1.449 kr/kg
Gourmet ungnautakjöt



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 11. ágúst til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

„ORÐRÉTT“

Hvar er draumurinn?

„Það væri auðvitað draumur að geta lækkað tekjuskattinn sem mest.“

Arni Mathiesen fjármálaráðgjafi segir erfitt að lækka tekjuskatt á tímum grósku og mikils hagvaxtar. Fréttablaðið, 10. ágúst.

Alvarleg umræða

„Þar er þörf á alvarlegri umræðu um verulega annmarka þeirrar umgjörðar sem orkuíðnaðinum er búinn.“

Val Korozay, yfirmaður landaransóknar efnahagsdeildar OECD, talar um orkuíðnaðinn á Íslandi vegna nýrrar skýrslu stofnunarinnar um efnahagsmál hér á Íslandi. Fréttablaðið, 10. ágúst.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL
OFURLAUN BANKASTJÓRA



GÍSLI MAGNÚSSON TÓNLISTARMAÐUR

Ættu að gefa með sér

„Þessi peningasöfnun virðist mér eiginlega drifkrafturinn í nútímasamfélagi,“ segir tónlistarmaðurinn Gísli Magnússon, aðspurður um þróun launa hjá bankastjórum. „Auðmennirnir sjálfir mættu gjarnan taka sér til fyrirmyndar menn eins og Björgólfur og Míkhaíl Khodorkovski hjá Yukos og deila með öðrum velgengninni, því það verður ekki blásið svo auðveldlega á móti þessari þróun. Þannig verður líka auðveldara að akseptera þessa ólígarka, þegar þeir taka sig til og gefa eitthvað aðeins til baka til samfélagsins, heldur en að vera bara að vinna fyrir sjálfa sig. Mér finnst handstýring ríkisvalds eða afskipti lífeyrissjóða hljóma svolítið geggjáð eða gamaldags, án þess að ég hafi kynnt mér það mikið. Alla langar jú til að vera ríkir og keppa að því marki og því er fátíðlegt að refsast þeim sem tekst það. Það er mun fállega að hinir ríku gefi bara sjálfir til baka.“



TÁFRELSI

Teva

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

HVAD ER AÐ FRÉTTA? BJARTMAR ÞÓRÐARSON SÓNGVARI OG LEIKARI

Frá Tyrklandi í Gay Pride

„Það er bara allt rosalega gott að fréttu, ég var að koma heim í gærkvöldi úr vikufri í Búlgaríu og Tyrklandi. Við fórum saman sex vinir, ákváðum að fara í svona strákafé og það var alveg frábært,“ segir Bjartmar Þórðarson, söngvari og leikari. „Það var 40 stiga hiti í Istanbúl en merkilegt nokk var það þolanlegt, enda er þessi borg alveg æðisleg. Mjög mikil heimsborg en samt þjóðleg. Í Búlgaríu vorum við í litlum sólarbæ,“ segir Bjartmar.

Það er nóg að gera framundan hjá Bjartmari, en hann mun koma fram á Gay Pride hátíðinni á laugardag og flytja lagið „Vil annan dag í paradís“ sem hefur átt góðu gengi að fagna á útvarpsstöðvunum. „Það er ákveðinn misskilningur að þetta sé Gay Pride lagið í ár en þetta er



bara lag sem ég og Örylgur Smári gerðum saman. Hann samdi lagið sem ég söng í Eurovision síðast,“ segir Bjartmar, en hann segir að nýtt lag sé á leiðinni. „Svo er aldrei að vita nema það komi út diskur á næstunni.“ Bjartmar er einnig að leika og syngja í Footloose en hann er menntaður leikari frá Weber Douglas leiklistarskólunum í Bretlandi.

„Svo er ég að flytja eftir helgi, ég var að selja íbúðina sem ég bý í en það er enn óráðið hvert ég fer. Ég verð eitthvað á faraldsfæti næstu daga, margar breytingar framundan,“ segir Bjartmar. Tónleikar Gay Pride hefjast kl. 15.15 í Lækjargötu á laugardag og lofar Bjartmar frábærum skemmtiatriðum. „Ég hvet alla að láta sjá sig og sýna stuðning í verki með því að skemmta sér.“

Karnival leikjanámskeiðanna

Um hundrað krakkar skemmtu sér á Karnivali, uppskeruhátíð leikjanámskeiða Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar, sem haldið var í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær.

Karnivalið hófst með skruðgöngu sem lagði upp frá Sigtúni, fór gegnum Laugardalinn og endaði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Lögreglubílar með blikkandi ljós fylgdu skruðgöngunni sem vakti mikla lukku hjá krökkunum að sögn Gunnars Sigurjónssonar, umsjónarmannsleikjanámskeiðsins Regnbogalands hjá ÍTR í Grafarvogi. „Boðið er upp á skemmtiatriði og grill fyrir krakkana auk þess sem fritt verður í öll tæki garðsins sem mælist mjög vel fyrir hjá krökkunum. Þannig að við verðum bara að leika okkur hér í allan dag,“ sagði Gunnar.

Krakkarnir skórtuðu búningum í tilefni dagsins og voru ýmist í sjóræningjagervi með viðeigandi andlitasmálningu eða uppáklædd sem hetjur með flaksandi skikkjur.

Vinirnir Flóki Haraldsson og Jakob Clark sátu saman í brekkuinni fyrir framan sviðið og fylgdu með skemmtiatriðunum. „Það er búið að vera voða gaman í sumar og við erum búnir að leika okkur mikið.“ Flóki og Jakob kváðust hæstánægðir með sjóræningjabúningana sína og biðu spenntir eftir að fara í tækin.

Leikjanámskeiðum Reykjavíkurborgar lýkur í næstu viku en skólarnir hefjast mánudaginn 21. ágúst. Venjulega er hver borgarhluti með sína eigin uppskeru-



UPPI VIÐ SVIÐIÐ Krakkarnir tóku vel við sér þegar skemmtikraftarnir á sviðinu spiluðu Eurovisionlagið Til hamingju Ísland með Silvíu Nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hátíð en í ár var ákveðið að sameina hátíðir þeirra sem gátu að sögn Gunnars en þrír af sex borgarhlutum gátu ekki verið með. Voru um hundrað börn úr Vesturbænum, Grafarvogi og Árbænum samankomin á Karnivalinu og sagði Gunnar það bara gaman að hafa svona stóran hóp. „En við höfum þetta á þeim tíma sem einna minnst er að gera hjá okkur og því er hópurninn minni en venjulega.“

Tara Dögg Bergsdóttir og Davíð Þór Torfason komu frá leikjanámskeiðinu Broslandi í Gufunesbæ og voru klædd upp sem Brosbæjarhetjur. Davíð Þór sagðist kunna því vel að vera í sumarfrí og var ánægður með leikjanámskeiðið. Daginn áður hafði Davíð borið sigur úr býtum í keilukeppni leikjanámskeiðisins með flest stig. „Ég vann diskókúlu.“
sdg@frettabladid.is



AGLA ÓLAFSDÓTTIR, ODDNÝ GUÐRÚN EINARSDÓTTIR OG ARNA KALDAL Þær stóllur komu frá leikjanámskeiðinu Draumalandi í Vesturbænum og sögðu að Karnivalið sjálf væri það skemmtilegasta sem þær hefðu gert á leikjanámskeiðinu.



FLÓKI HARALDSSON OG JAKOB CLARK Hreiðruðu um sig í brekkuinni til að fylgjast með skemmtiatriðunum.



TARA DÖGG BERGSDÓTTIR OG DAVÍÐ ÞÓR TORFASON Á leið að fá sér grillaða pulsu.

VINSÆLASTI ERLENDI
PÁTTURINN SEM SÝNDUR
HEFUR VERIÐ Í ÍSLENSKU
SJÓNVARPI

Sönn rokkstjarna

70%


Íslendinga yngri en 50 ára
horfa á hann á SkjáEinum

Samkvæmt nýrri könnun Gallups er Rock Star: Supernova lang vinsælasti erlendi sjónvarpsþátturinn sem sýndur hefur verið í íslensku sjónvarpi frá upphafi. Takk fyrir magnaðar viðtökur.



Svona erum við

> Útgjöld í auglýsingar í fréttablaðum í milljónum króna á hvern íbúa.



1.-4. ársfjórðungur 2006

Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: OECD

Leita lausna á sameiginlegum vanda

Ný skýrsla OECD um efnahagsmál á Íslandi var kynnt í fyrradag. Þar er meðal annars hvatt til þess að fresta nýjum stóriðjuframkvæmdum þar til jafnvægi náist í þjóðarþúskapnum.



Hvað er OECD?

OECD, eða Organization for Economic Co-operation and Development, eru alþjóðleg samtök þróaðra ríkja sem aðhyllast fulltrúalyðræði og frjálsan markað. Samtökin voru stofnuð árið 1948 til þess að hjálpa við stjórnun á Marshall-áætluninni um endurbyggingu Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. Þá voru þátttakendur einungis evrópskar þjóðir en seinna var þjóðum utan Evrópu hleypt inn.

Hvað gerir OECD?

Samtökin sjá fyrir umhverfi þar sem ríkisstjórnir

geta borið saman bækur sínar varðandi stefnur, leitað lausna á sameiginlegum vandamálum og unnið saman að innlendum sem og alþjóðlegum stjórnarstefnum. Samskipti milli ríkisstjórna í OECD fara fram gegnum aðalskrifstofu samtakanna í París, en þar er gögnum safnað saman og þróun í efnahagsmálum ríkjanna greind. Einnig er fylgst með þjóðfélagslegum og viðskiptalegum breytingum ásamt fleiri sviðum.

Hverjir eru í OECD?

Í OECD eru þrjátíu þjóðir, þar af tuttugu sem tóku þátt í stofnun samtakanna. Ísland var ein þeirra þjóða ásamt Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi, Bandaríkjunum og fleirum. Nefnd á vegum Evrópusambandsins tekur þátt í starfsemi OECD ásamt þeim ríkjum Evrópusambandsins sem eru í samtökunum. Um mitt ár



FRÁ PARÍS Höfuðstöðvar OECD eru í París.

2007 verða nýjar þjóðir teknar inn og er búist við að þá bæstist við þær Evrópusambandsþjóðir sem ekki eru meðlimir nú, auk Ísrael og Chile.

SPURT OG SVARÐ STÍGAMÓT



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR TALKSONA STÍGAMÓTA

Stígamót á staðinn

Hjá Stígamótum er kynferðisofbeldi alltaf í eldlinunni. Guðrún Jónsdóttir er talkskona Stígamóta.

Hvað eru Stígamót?

Stígamót eru óformleg samtök sem eru rekin með árlegu fjárfraumlági frá ríki og sveitarfélögum. Við leitumst við að gera tvennt. Annars vegar reynum við að veita því fólki þjónustu sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi og langar að öðlast betri lífsgæði og hrista af sér gamla drauga. Við bjóðum upp á ókeypis ráðgjafarviðtöl og þátttöku í sjálfshjálparhópum, auk ráðgjafar í gegnum síma og tölvupóst. Hins vegar vinnum við að „lobbisma“ gagnvart stjórnmalamönnum og veitum almenningsfræðslu, til dæmis í skólum og fyrir alla sem vilja. Einnig erum við í samstarfi við fræðifólk og erum í tengslum við fólk erlendis.

Hvað er fram undan?

Við ætlum að ráðast í verkefnið „Stígamót á staðinn“ til að sinna fólki úti á landi. Þá munum við senda þjálfað fólk reglulega á þá staði á landsbyggðinni sem óska eftir því. Fólk getur þá farið í regluleg viðtöl heima hjá sér.

Hefur eitthvað unnist í baráttunni?

Það hefur gífurlega mikið áunnist síðan Stígamót fóru af stað fyrir sextán árum, þar á meðal vitundarvakning, lagabætur og ný úrræði. En það er okkar að knýja á að samfélagið sinni þessu málum betur því verkefnið eru ærin enn þá.

Boðar nýja sókn með bros á vör

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir Framsóknarflokkinn þurfa að setja sér nýja og skýra víglínu í stóriðju- og umhverfismálum. Bregðast þurfi við svo ekki skapist stéttaskipting á Íslandi og til greina komi að skattleggja hina auðugu meira en gert er í dag. Guðni sækist eftir endurkjöri í embætti varaformanns Framsóknarflokksins á flokksþinginu um aðra helgi.

„Framsóknarflokkurinn þarf að marka sér mjög öflugna stefnu fyrir næstu kosningar,“ segir Guðni og bætir við að um leið þurfi að fara vandlega yfir þau mál sem hafa verið floknum erfið síðustu ár. Þar á hann ekki síst við stóriðju- og umhverfismál, sem á stundum hafa klofið þjóðina í fylkingar. „Við þurfum að setja okkur skýra víglínu í þeim málum. Við ætlum ekki að virkja hvern einasta foss á Íslandi og við ætlum ekki að sökkva landi í stórum stíl. Sá tími er liðinn.“ Guðni bendir á að með jarðvarmavirkjunum skapist ný tækifæri. „Framsóknarflokkurinn hefur sætt óvæginni umræðu og hún hefur ekki verið sanngjörn. Við elskum okkar land og náttúra Íslands er ekki öll á leið undir stóriðju, þótt orkufreker iðnaður sé þjóðarþúskap Íslandinga mikilvægur. Við töldum að sáttargjörð Jóns Kristjánssonar hefði skilað því að ekki færi svo mikið sem lófastór blettur af Þjórsárverum undir vatn en nú stefnir í deilur á ný og þá er best að hætta og stækka friðlandið og nýta aðra möguleika sem eru fyrir hendi til orkuöflunar.“

Guðni efast þó ekki um að rétt hafi verið að ráðast í virkjun við Kárahnjúka og byggingu álvers í Reyðarfirði enda telji hann framkvæmdirnar mikilvægar byggð á Austurlandi og fyrir þjóðarþúði allt þegar fram í sækir.

Hinir auðugu borgi meira

Íslenskt samfélag hefur breyst heil ósköp á síðustu tíu, tuttugu árum. Frelsi til athafna hefur aukist á flestum sviðum, sem aftur hefur kallað á ný úrlausnarefni. Guðni óttast að stéttaskiptingar muni gæta, verði ekki eitthvað að gert. „Umhverfið er allt annað en var og margt við þessar breytingar er mjög sárt. Við erum lítil þjóð, samhugur og samheldni skiptir þá miklu máli. Við þurfum að vera eins og ein fjölskylda,“ segir Guðni, sem eins og aðrir fylgst með fréttum af áður óþekktum launasamningum og hagnaði einstaklinga og fyrirtækja. „Við horfum upp á alþjóðlegt umhverfi í launamálum, starfslokasamninga fáránleikans, milljarða gróða og nýja stétt auðmanna og í slíkri umgjörð verða fátækt og bág kjör enn sárari en annars.“ Því sé mikilvægt að sátt ríki milli ríkisvaldsins og hins venjulega launamanns. Nýlegt samkomulag við eldri borgara sé liður í



GUÐNI ÁGÚSTSSON „Pólítíski áróðurinn er sá að þakka Sjálfstæðisflokknum hagvöxtinn og kraftinn en þar á Framsóknarflokkurinn ekki síðri þátt. Áróðurinn gegn floknum og átök innan hans hafa reynt á flokksmenn. Þessu þarf að snúa við með bjartsýni og bros á vör og hefja nýja sókn.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að skapa slíka sátt. Guðni telur mikilvægt að þeir sem mest bera úr bótum taki ríkan þátt í samfélagsrekstrinum. „Þeir sem vilja vera Íslendingar og vera í þessu landi þurfa að borga keisararum það sem keisarans er og ekki síður - eins og raunar margir hafa gert - taka duglegan þátt í ýmsu menningarstarfi.“ Guðni er ekki þeirrar skoðunar að misráðið hafi verið að afnema hátekjuskatt sem hér var við lýði í nokkur ár. „Hann bitnaði hvað þungst á ungu fólki með há náms- og íbúðalán. Ég sé hins vegar fyrir mér annars konar skattheimtu og spyr hvort hagnaður af sölu



hlutabréfa sé skattlagður of lítið. Og er sanngjarn að menn geti gert allt að fjármagnstekjum og talið fram tiltölulega lág laun? Ég tel að áþessu sviði þurfum við framsóknarmenn að beita okkur. Þeir auðugu verða að borga meira til samfélagsins í framtíðinni.“

Landsvirkjun ekki seld

Í formannstíð Halldórs Ásgrímssonar hefur sumum þótt Framsóknarflokkurinn hneigjast um of

til hægri. Guðni kannast við slíkar skoðanir en segir mörg verk ríkisstjórnarinnar, sem túlka má sem hægri stjórnarmál, til komin vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. „Þar er kveðið á um að ríkið fari út af markaði þar sem samkeppni ríkir og þess vegna varð að selja bankana og Símann. Þetta er samningur sem við höfum þurft að uppfylla og hver sem hefði verið við stjórnvöllinn hefði þurft að gera það. Menn geta hins vegar deilt um hvort of hratt hafi verið farið.“ Guðni segir að sér sé vel kunnugt um að félagshyggju- og vinstrimönnum innan Framsóknarflokksins hafi mörgum liðið heldur illa vegna þessa og talið Sjálfstæðisflokkinn fara með öll völd innan ríkisstjórnarinnar. „Pólítíski áróðurinn sá að þakka Sjálfstæðisflokknum hagvöxtinn og kraftinn en þar á Framsóknarflokkurinn ekki síðri þátt. Áróðurinn gegn floknum og átök innan hans hafa reynt á flokksmenn. Þessu þarf að snúa við með bjartsýni og bros á vör og hefja nýja sókn.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra vill einkavæða Landsvirkjun þegar fram í sækir en Guðni þvertur fyrir slík áform. „Það fyrir-tæki á aldrei að selja og verður vonandi ekki gert. Fyrirtækið yrði að selja á alþjóðlegum markaði og það gæti hugsast að Alcan eða Alcoa eignuðust það. Slíkt má aldrei gerast.“

Guðni segir eigið hjarta slá á miðjunni og aðeins til vinstri við hana. „Ég er af því bergi brotinn, ég er kominn af fátæku alþýðufólki eins og flestir Íslendingar og styð þess vegna félagsleg gildi.“

Ótímabært að ræða ESB

Guðni var í þeim hópi þingmanna sem greiddi atkvæði gegn EES-samningnum á sínum tíma. Engu að síður telur hann samninginn hafa gagnast Íslandi vel. „Framsóknar-

flokkurinn klofnaði á milli Halldórs og Steingríms Hermannssonar. Steingrímur taldi samninginn snerta stjórnarskrána og ég fylgdi honum og greiddi atkvæði á móti en minnihluti þingflokksins sat hjá. En okkur hefur vegnað vel innan EES, við fáum það besta úr Evrópusambandinu en sleppum við það versta eins og til dæmis tólf til fimmtán milljarða króna greiðslur til sambandsins og hugsanlega atvinnuleysið. Þá ráðum við okkar auðlindum sjálf. Ísland er það land innan Evrópu þar sem hvað mestur uppgangur ríkir, hér er mestur hagvöxtur og lífshæðin batna mest. Sé horft til verðbólgunnar má segja að hún sé fylgifyiskur bjartsýni og framkvæmdagaleið þjóðarinnar. Við þurfum sjálf að stíga á bremsurnar. Það gerir það enginn fyrir okkur.“ Guðni segir Evrópusambandsaðild ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar en verði hún það eftir fimm til átta ár komi það í hlut þjóðarinnar að ákvarða hvaða skref verði stigin. „Ég tel ekki skynsamlegt að kljúfa flokkinn um átök um Evrópusambandið og ótímabæra umræðu um umsókn eða inngöngu.“

Að mati Guðna hefur samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í ríkisstjórn síðustu ellefu árin gengið vel. Hann vill þó ekkert segja til um hvort nóg sé komið. „Maður segir það aldrei í pólitík heldur gengur hver flokkur til kosninga með sína stefnuskrá og svo snýst verkefnið um að ná saman. Það gæti orðið með Sjálfstæðisflokknum og það gæti orðið með vinstri flokknum. Samsteypustjórnir hafa gefist vel en ég yrði logandi hræddur ef einn flokkur næði hreinum meirihluta á Alþingi.“



FRÉTTAVIÐTAL

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

allt
atvinna
Alla sunnudaga

Skólavertið

Fyrstir koma fyrstir fá!



Glósubók A5



Teygjumappa A4



Skrúfblyantur, blý og strokleður



Stílabók A4




www.odd.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: HÓTEL BLÖNDUÓS

Boðið upp á Fjalla-Eyvind í baði

Starfsmenn Hótel Blönduóss segja að viðbrögðin hafi ekki leynst á sér þegar veitingastaður hótelsins var opnaður. Hann ber nafnið Sauðabjórurinn og kennir þar ýmissa grasa. Til dæmis má fá Fjalla-Eyvind í baði en svo er kjótsúpan kölluð á þeim bænum. Ekki voru allir bæjarbúar ánægðir með þessa markaðssetningu meðan öðrum þótti bráðsniðugt að nota sveitungann Fjalla-Eyvind í þessum tilgangi. En fleiri réttir hljóma undarlegar en þeir bragðast á Sauðabjórnum því sennilega myndu fæstir panta sér beitu til að nærast á, nema þá á Sauðabjórnum en þar þýðir beita rækjukokkteill með drottningarsósu. Hverafnykur er einnig nokkuð sem flestum þykir miður lystugt en öðru máli gegnir um Hverafnykinn á Sauðabjórnum sem er djúpstektur Camembert-ostur með rífsberjahlaupi og ristudu brauði. Af öðrum réttum má nefna Illan feng, Höllu-

konfekt í lime, Gróu á Leiti, Hreppstjórabúðing og fleira.


Aðstandendur Sauðabjórnsins beita einnig ýmsum brögðum til að halda í gott starfsfólk. „Við fengum hann Halldór Hólm til að mála fyrir okkur í nokkra daga,“ segir Magnús Hreinsson. „En hann reyndist hinn besti kokkur, rafvirkir og margt fleira þannig að við hleyptum loftinu úr dekkinu áður en hann komst frá okkur og nú er hann fastur hérna,“ segir hann og hlær. „Ekki er nóg með það en hann spilar einnig undir borðum þegar svo ber undir, þannig að er nema von að við viljum halda í hann?“

HALLDÓR HÓLM Kokkurinn er hér á milli Hákons og Eykóns eða Kevins og Bacons eins og sumir kalla þessa afhafsuðu og væntanlega stolnu sauði.



STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Blönduós

Íbúaföldi í desember 2005: 837
Íbúaföldi í desember 2000: 929
Íbúaföldi í desember 1997: 981

Sveitarfélag: Blönduósbær

Bæjarstjóri: Jóna Fanney Friðriksdóttir

Helstu atvinnufyrirtæki: Vilko, Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi, SAH söluafurðir, Trésmiðjan Stígandi, Vélsmiðja Alla, Hafissetrið, Heimilis-iðnaðarsafnið

Skólar: Grunnskóli Blönduóss, Leikskólinn Barnabær, Tónlistarskóli Austur-Húnavatnssýslu

Vegalengd frá Reykjavík: 243 km



STEINUNN HULDA MAGNÚSDÓTTIR OG KÁRI KÁRASON STÖÐVARSTJÓRI Athafnamaðurinn Kári hefur lent í skipsbroti á sinni starfsævi en hann er léttur og bjartsýnn enda opnast alltaf nýjar dyr þegar öðrum er lokað. Hér bregður hann á leik með kollega sínum á Pósthúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Fjölbjóðabærinn við þjóðveginn

Það er sól og blíða á Blönduósi þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kemur akandi þangað á löglegum hraða eins og vænlegast er í þessu umdæmi. Hann komst að því að ýmislegt leynist í bænum við þjóðveginn.

Flestir hafa þeyst framhjá Blönduósi á ferð sinni um landið og í það mesta kannski fengið sér hressingu og fyllt á bílinn á Esso-stöðinni. Íbúarnir gera sitt í þeim tilgangi að gera viðdöl ferðamannsins lengri en svo. Þar er Hafissetur, Heimilis-iðnaðarsafn, kaffihús og hótél svo eitt-hvað sé nefnt. Þó hefur hefur fólk- ið eflaust mesta aðdráttarflíð fyrir þá sem því kynnast. Einnig geta svartklæddir Húnvetningar neytt ökumenn til að staldra við þótt þeir hafi ekki haft það á ferða-áætlun sinni, en eins og flestir vita er lögreglan á Blönduósi iðin við kolann í umferðareftirlitinu og hefur hún stundum verið nefnd stærsta hraðahindrun í heimi.

Á kaffihúsinu Við árbakkann fyrirfinnast jafnt heimamenn sem ferðalangar þegar blaðamaður ber að garði. „Það eru alltaf einhverjir ferðalangar sem vilja annað en sjoppufæði,“ segir Sóley Elsa Magnúsdóttir þjónustustúlka. Hún býr á Skagaströnd og segir það ekki tiltökumál að fara til vinnu daglega á Blönduósi. „Þetta er bara það sama og sumir leggja á sig til að komast til vinnu í Reykjavík,“ segir hún meðan hún ber kræsingar á borð. Kollegi hennar Ólína Björk Hjartardóttir er reyndar frá Sauðárkróki en hún gistir stundum á Blönduósi svo hún þurfi ekki að fara þessa leið á hverjum degi.

Það er ekki nóg með það að Blönduós laði að liprar þjónustustúlkur því engu líkara var en blaðamaður væri staddur í heims-

BLÖNDUÓS Bærinn við þjóðveginn lætur lítið yfir sér en hann á sér rómantískar hliðar sem færri þekkja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



borg þegar hann skrapp í sundlaugina en þar var Helen Swartling Leiludóttir frá Svíþjóð að afgreiða Timmers-systur frá Hollandi og svo innanbæjarmenn frá Póllandi.

Vegirnir eru fyrir fólkíð í landinu

Grímur Gíslason hefur lengi flutt landanum fréttir af Blönduósi og nágrenni á Ríkisútvarpinu. Það mætti því segja að blaðamaður hafi fengið að bragða á eigin meðali þegar hann sótti Grím heim en gamli fréttasnapurinn spurði blaðamanninn spjörnum úr. Eina leiðin til að komast undan yfirheyrslu Gríms var að brydda upp á umræðu sem brennur á mörgum Húnvetningum; hvort stytta eigi hringveginn með því að leggja nýjan veg norðan Svínvatns sem sneiða myndi framhjá Blönduósi. Grími líst illa á þær hugmyndir og minnir á hlutverk vegakerfisins. „Ja, til hvers eru vegir?“ spyr hann ákveðinn. „Eru þeir ekki til fyrir fólkíð almennt í landinu eða eiga þeir aðeins að vera fyrir tvo endapunkta, það er að segja Reykjavík og Akureyri? Þess vegna held ég að íbúar á Vestfjörðum, Vesturlandi og á Norðurlandi vestra ættu einnig að vera mótfallnir því að fara með veginn beint úr Reykjavík yfir hálendið til Akureyrar eins og Halldór Blöndal vill gera.“

Bundinn yfir veðrinu í 25 ár

Grímur er á 95. aldursári og við hestaheilsu. Hann kvartar þó helst yfir því að gamall vani sem hann þurfti að tileinka sér starfs síns vegna hafi leikið sig grátt síðustu ár. „Ég var veðurathugunarmaður í 25 ár og það er ákaflega mótandi að vera í svo bindandi starfi þetta lengi. Athaganirnar voru dreifðar frá því tæplega níu og framyfir miðnætti. Og það að geta ekki í 25 ár farið að sofa fyrir miðnætti hefur komið mér í koll því þegar ég hætti störfum og hafði í hyggju að fara að sofa fyrir miðnætti eins og annað fólk komst



GRÍMUR GÍSLASON Fréttaritariinn hefur gegnt ýmsum störfum í gegnum tíðina. Hann var hreppstjóri í Ásahreppi og svo veðurathugunarmaður og því getur hann ekki með nokkru móti farið að sofa fyrir miðnætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

ég að því að það er mér með öllu ómögulegt, ég ligg bara andvaka ef ég reyni. Þar sannast hið forn-kveðna að fjórðungi bregði til fósturs. Svona er þetta, ég tók mér aldrei frí fyrir utan einu sinni eða tvisvar þegar ég fór í söngferðalag. Þess vegna sótti ég ekki mannabót nema innan þessara marka, ég varð alltaf að hverfa af mannafundum til að fara heim og athuga veðrið.“

Grímur segir með stolti að aldrei hafi frétt verið rekin ofan í hann, enda vandi hann alla heimildavinnu afar vel. Það fer því vel á því að maður sem veit hvað hann syngur sé í tveimur kórnum en hann er bæði í kirkjukórnum á Blönduósi og kór eldri borgara.

Alltaf opnast nýjar dyr

Íbúar Blönduóss hafa þurft að þola ýmis áföll á undanförunum árum. Eitt þyngsta höggdi var þegar Rækjuvinnslan Særún lagði upp laupana á síðasta ári en þegar mest lét störfuðu þar um 120 manns. Kári Kárasón, sem nú er



FJÖLÞJÓÐLEGT ANDRÚMSLOFT Í SUNDLAUGINNI Helen Swartling Leiludóttir afgreiðir hér Timmers-systur frá Hollandi sem eru í Íslandsreiðu en á eftir þeim komu svo pólskir innanbæjarmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

stöðvarstjóri Pósthússins á Blönduósi, var framkvæmdastjóri Særúnar. Það er ljóst að hann hefur bognað en ekki brotnað í þeim átökum sem áttu sér stað þegar Særún var að sigla í strand, því hann er hvergi banginn þótt reynslan hafi markað hann.

„Það opnast alltaf dyr,“ segir Kári. „Eins og staðan er í dag tel ég vonlaust að vera að hugsa um rækjuvinnslu. Þetta breytir ýmsu, því er ekki hægt að neita, bryggjan er orðin að minnisvarða en það kemur alltaf eitthvað nýtt í staðinn.“

Hann lauk nýverið námi í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri sem hann stundaði samhliða vinnu en þó þykir honum ágætt að vera kominn úr viðskiptalífnum og á kontór stöðvarstjórans. „Aðal-breytingin er sú að nú er ég kominn heim klukkan fimm og hugurinn líka. Áður var hugurinn alltaf upptekinn af áhyggjum af því hvernig veðrið væri, hvort olíuverð hefði hækkað, hvort einhver hefði verið sprengdur í Írak og svo framvegis. Það eru svo margir þættir sem huga þarf að í þessum sjávarútvegi.“

Spurður hverju hann stefni að í nánustu framtíð segir hann ákveðinn: „Það þarf að koma Hvöt upp í 2. deild.“ Augnaráðið gefur þó til kynna að margt annað og meira bíði athafnamannsins.

Bavaria, hollenskur gæðabjór:



Kom best út í blindprófun

Bavaria bjórinn kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið De Telegraaf gerði á dögunum. 10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórinn hæstu einkunn.

1	Bavaria	7.4
2	Grolsch	6.7
3	Best (Dirk)	6.4
4	Dommelsch	6.1
5	Amstel	6.0
6	Vaandel	5.8
7	Euroshopper	5.0
8	Finkbräu	4.7
9	Heineken	4.6
10	Albert Heijn	4.3

LÉTTÖL

TÖLVULISTINN

KL 10:00 Í DAG OPNUM VIÐ Á EGILSSTÖÐUM

**OPNUNAR
TILBOÐ**

Fyrstu 30 viðskiptavinum Tölvulistans
á Egilsstöðum býðst glæsileg Raidsonic
hýsing með 320GB Western Digital
hörðum disk á aðeins

13.900

Tilboð gildir einungis á Egilsstöðum

Opnum kl. 10
Opnum nýja og glæsilega
Tölvulistaverslun að Miðvangi 2-4
á Egilsstöðum. Stúf full búð af
mögnum tilboðum.
Sjáumst!

www.tolvulistinn.is

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR



REYKJAVÍK

Nóatúni 17
Sími 562 6730



AKUREYRI

Glerárgötu 36
Sími 464 7400



KEFLAVÍK

Hafnargötu 90
Sími 534 7400



EGILSSTÖÐUM

Miðvangur 2-4
Sími 471 2011



99 kr. stk
~~199~~

Bioline pizza
350gr - 2 teg



30%
afsláttur

296 kr. kg
~~429~~

Krónu kjúklingur
blandaðir bitar

Krónan alltaf hagstæð!

30%
afsláttur



Goði
nauta-
lambahakk



Goði
skinka

249
kr/kg

30%
afsláttur

Bergen kex
3 teg.
49
kr/pk



Queens
hvítlauksbrauð
83
kr/stk



Nóa banana-
sprengjur

109
kr/stk

Kotasæla
m. hvítlauk
99
kr/stk



Kotasæla
89
kr/stk

Kotasæla
m. ananas
99
kr/stk



Krónuís 2Ltr
súkkulaði, vanilla
199
kr/stk



**Virk
Sam-
keppni**

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIDHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21
 Allir dagar 12-23
 virkir dagar 11-19 föstudagar 11-20 laugardagar 11-19 sunnudagar 11-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19



30% afsláttur
Goði naggar



507 kr. kg
~~724~~
Goði kjötbúðingur



Fjörfisur
forsteiktir
ýsubitar

Fjörfisur
spjátrungur
ýsubitar

20% afsláttur



Vínber græn
199
kr/kg

Blómkál
158
kr/kg



Líf safi
-epla, -appelsínu,
-blandað
89
kr/stk

Svali 3 í pakka
epla - appelsínu
-sumar
89
kr/pk



Melónur gular
88
kr/kg

Köttlu
kartöflumús
99
kr/pk



30% MEIRA MAGN



Zendium
barnatannkrem
147
kr/stk

25% afsláttur



Surf þvottaefni
7kg
1298
kr/pk



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.350 +0,52% Fjöldi viðskipta: 169
Velta: 1.105 milljónir

MESTA HÆKKUN

Actavis
Bakkavör
Alfesca3,05%
1,66%
0,96%

MESTA LÆKKUN

Flaga
Atorka2,33%
1,70%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 64,30 +3,05% ... Alfesca 4,21 +0,96% ... Atlantic Petroleum 555,00 +0,18% ... Atorka 5,80 -1,70% ... Avion 32,30 +0,31% ... Bakkavör 49,00 +1,66% ... Dagsbrún 5,44 +0,74% ... FL Group 15,50 +0,00% ... Glitnir 17,40 +0,00% ... KB banki 706,00 +0,14% ... Landsbankinn 20,80 +0,00% ... Marel 78,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,90 +0,63% ... Össur 110,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Hluthafar græða líka

Tveir stjórnendur í litla jóska bankanum Ringkjøbing Landbobank (RL) skipta með sér 1,2 milljörðum króna í desember þegar þeim gefst færi á að kaupa 120 þúsund hluti í bankanum. Árið 2000 bauðst þeim að þiggja um 1,8 milljóna króna launahækkun á ári eða skrifa undir kauprétt til sex ára gegn því að starfa hjá bankanum í sex ár. Þeir tóku seinni kostinn, sem í dag telst rétt ákvörðun, því gengi hlutabréfa í RL hefur meira en tífaldast. „Auðvitað eru þetta frábær laun en okkar hluthafar hafa líka fengið frábæra ávöxtun þar sem gengið hefur tífaldast,“ segir Bent Naur Kristensen, annar bankastjórnari, í samtali við Berlingske Tidende og bendir á að hagnaður þeirra félaga nemi tveimur prósentum af hækkun markaðsvirðis bankans á tímabilinu. BT spyr hvort það sé við hæfi að bankastjórnar þéni svona mikið. „Ég er ekki rétti maðurinn til að svara. Nær væri að spyrja stjórnina.“

Í upphafi skyldi endinn skoða

Þetta er auðvitað ágætt innlegg inn í orðræðu um ofurlaun stjórnenda á Íslandi. Með hækkandi hlutabréfaverði á undanföllum þremur til fjórum árum hefur það gerst að kaupréttarsamningar, sem gerðir voru í byrjun aldarinnar, hafa margfaldast í virði. Ísland er ekkert einsdæmi í þessum efnun. Hæst launuðu forstjórnarnir hafa sýnt fram á þessar miklu tekjur fyrst og fremst vegna kaupréttarsamninga sem gerðir voru fyrir löngu. Hefðu þeir stjórnsmámennt og fjölmiðlar, sem gala hvað hæst þessa dagana um ofurlaun stjórnenda, ekki átt að spyrja að þessu árið 2000 þegar íslensk fyrirtæki fóru af stað með slíka samninga? Og hvernig hlutabréfahækkunir, til dæmis í bönkunum, hafa svo skilað sér til hluthafa, starfsmanna, lífeyrissjóðanna og samfélagsins í formi arðs, eignamyndunar, launa og aukinna tekju- og veltuskatta.



XAVIER GOVARE Jakob Sigurðsson hefur látið af störfum sem forstjóri Alfesca og í hans stað ráðinn Xavier Govare.

Nýr forstjóri nær mörkuðum

Xavier Govare hefur verið ráðinn nýr forstjóri Alfesca og Jakob Óskar Sigurðsson látið af störfum um eftir tveggja ára starf. Í tilkynningu félagsins kemur fram að sameiginleg ákvörðun stjórnar og framkvæmdastjórnar þess hafi verið að færa stjórn félagsins nær mörkuðum þess.

Fram kemur að Xavier þekki starfsemi félagsins vel en hann hefur verið forstjóri Labeyrie, dótturfélags Alfesca, frá árinu 2002. Þá segir að Alfesca hafi vaxið bæði og dafnað undir stjórn Jakobs Óskars og að gengið hafi eftir sú stefna sem mörkuð var fyrir tveimur árum um að Alfesca yrði leiðandi framleiðandi kældra fullunninna matvæla á Evrópumarkaði. Eru honum þökkvað vel unnin störf. „Áhugavert var að takast á við þetta verkefni og í dag er félagið vel í stakk búið til áframhaldandi vaxtar. Nú hefur vissum áfanga verið náð og í kjölfar þess var ákveðið að færa stjórn félagsins nær mörkuðum þess,“ segir Jakob.

Xavier Govare er 48 ára gamall, kvæntur og á fjögur börn; tvær dætur og tvo syni.

- óká

Tekjur Actavis jukust um tæp 200 prósent milli ára

Hreinn hagnaður Actavis á öðrum ársfjórðungi þessa árs nemur rúmum 29,9 milljónum evra, eða rúmum 2,7 milljörðum króna. Félagið er í örum vexti, hefur keypt fjölda fyrirtækja og reynir nú yfirtöku á samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA.

Árangur Actavis samkvæmt árs- hlutauppgjöri sem birt var í gær er umfram væntingar stjórnenda fyrirtækisins. Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi þrefölduðust og námu 364,1 milljón evra, en voru á sama tímabili í fyrra 121,9 milljónir evra. Aukningin nemur 198,4 prósentum.

Hagnaður fyrir skatta nemur 40,9 milljónum evra og hreinn hagnaður nemur 29,9 milljónum evra, eða rúmum 2,7 milljörðum króna. Á öðrum ársfjórðungi í fyrra var hreinn hagnaður 10,5 milljónir evra, eða um 950 milljónir króna samkvæmt gengi gærdagsins og hefur nærri þrefaldast. Framlegðarhlutfallið (EBITDA) á öðrum ársfjórðungi er 21,8 prósent.

Actavis hefur keypt mörg fyrirtæki síðan á öðrum ársfjórðungi 2005, þar á meðal Amide Pharmaceuticals í Bandaríkjunum, Keri Pharma í Tékklandi, dreifingarfyrirtækið Higia í Búlgaríu, samheitalyfjasvið Alpharma og rúmenska lyfjafyrirtækið Sindan, sem nú er að fullu komið inn í reikninga samstæðunnar.

„Við erum gífurlega ánægð með niðurstöðuna og erum við að ná góðum árangri á flestum okkar lykilmörkuðum,“ segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis, og bætir við að árangur félagsins sé



RÓBERT WESSMAN FORSTJÓRI ACTAVIS Actavis sendi króatíska samkeppnisefirlitinu á síðustu stundu beiðni um að fá að leggja fram yfirtökutilboð í PLIVA. Frestur til að gera það rann út á þriðjudagskvöld, en sama dag var pósthöfundur beiðni með aðstoð lögráðgjafar í Zagreb í Króatíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

bæði yfir væntingum stjórnenda félagsins og markaðarins líka. „Ég sé ekki betur en við séum um tíu prósentum yfir spám í EBITDA og sennilega rétt um eða yfir væntingum í nettóhagnaði,“ segir hann og kveður ástæðu þess að félagið sé hlutfallslega hærra yfir framlegðarspám vera að inni í tölunum sé gengistap upp á þrjár milljónir evra. „Og svo erum við með herra skatthlutfall á öðrum ársfjórðungi út af því að Ameríka kemur sterkari inn.“

Í viðlíka vexti og verið hefur segir Róbert tæplega hægt að bera félagið saman milli ára. „Það hefur náttúrlega vaxið alveg gríðarlega öll þessi ár síðan 1999,“ bætir hann við og gerir ráð fyrir miklum vexti áfram.

Á síðari helmingi ársins 2006 væntir Actavis þess að tekjur félagsins verði um 685 milljónir evra og að framlegðarhlutfall (EBITDA) verði um 20 prósent. Í heild er reiknað með að á árinu verði heildartekjur félagsins um

1,39 milljarðar evra og framlegðarhlutfallið um 20,5 prósent. Reiknað er með góðum vexti bæði í Norður-Ameríku og í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu á árinu, auk þess sem áfram á að efla innri vöxt með markaðssetningu nýrra lyfja og sókn inn á nýja markaði. Á ársfjórðungnum markaðssetti félagið 107 ný samheitalyf á helstu markaði.

Þessa dagana vinnur Actavis svo að fjandsamlegri yfirtöku á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA og keppir þar við ameríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals.

Actavis hefur lagt fram beiðni til HANFA, fjármálaeftirlits Króatíu, um samþykki fyrir birtingu yfirtökutilboðs í allt hlutfé PLIVA og hefur fjármálaeftirlitið nú hálfan mánuð til að taka afstöðu til beiðninnar. Í gær var samþykkt sambærileg beiðni frá Barr. Með samruna PLIVA við hvort heldur sem er Actavis eða Barr yrði til þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi.

oikr@frettabladid.is

Sorgarstund fyrir sænskan túrisma

Ryanair, stærsta lággljaldflugfélag Evrópu, ætlar að draga saman seglin í flugi til Svíþjóðar vegna áætlana stjórnvalda þar um að leggja á nýjan skatt á flugfarþega. Telur Ryanair að fargjöld muni hækka um þrjátíu prósent.

„Sænska ríkisstjórnin er að eyðileggja lággljaldferðalög fyrir Svíum og fyrir þá sem vilja heim-sækja þetta fallega land,“ segir Michael Cawley, talsmaður Ryanair.

Félagið telur að sænskir stjórn-málamenn tali í kross. Annars vegar vilji þeir auka veg ferðal-þjónustu með því að leggja fram fjármagn til uppbyggingar hennar en hins vegar dragi þeir úr vexti og samkeppnishæfni hennar.



ÓSÁTT VIÐ RÍKISSTJÓRN GÖRANS PERSSON Ryanair ætlar að draga úr umsvifum í Svíþjóð vegna hærri skatta á farþega.

Ferðalangar muni því frekar kjósa að halda til suðlægari og ódýrari slóða.

FRÁBÆR KAUP GLÆSILEGT PARHÚS Á GÓÐUM STAÐ Á VÖLLUNUM Í HAFNARFIRÐI Húsið fullbúið utan og langt komið að innan. Gert er ráð fyrir þremur svefnherbergjum, möguleiki á því fjórða. Íbúðin er 147 fm á tveimur hæðum og bílskúrinn 33,7. Laust til afhendingar strax.



GÓÐ EIGN Í BARNVÆNU HVERFI - ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR BALDVIN ÓMAR Í S. 898-1177 EÐA 585-0100

Baldvín Ómar Magnússon
Sökstjóri

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggtur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Foto: SITA



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Leikskólar

Deildarstjóri

Fálkaborg, Fálkabakka 9
Upplýsingar veitir Jónína Lárusdóttir leikskólastjóri í síma 557-8230

Leikskólakennari/Leiðbeinandi

Fálkaborg, Fálkabakka 9
Upplýsingar veitir Jónína Lárusdóttir leikskólastjóri í síma 557-8230

Geislabaugur
Upplýsingar veitir Ingibjörg Eyfells leikskólastjóri í síma 517-2560 / 693-9899

Hof, Gullteigi 19
Upplýsingar veita Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Særún Ármannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 553-9995

Jöklaborg, Jöklalesi 4
Upplýsingar veitir Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 557-1099

Rauðaborg, Viðarási 9
Upplýsingar veitir Ásta Birna Stefánsdóttir leikskólastjóri í síma 567-2185. Um er að ræða stöðu frá 1. ágúst

Sólhlíð, við Engihlíð
Upplýsingar veitir Elísabet Auðunsdóttir leikskólastjóri í síma 551-4870.

Sérkennari

Jöklaborg, Jöklalesi 4
Leikskólasérkennari/þroskajálfi með góða reynslu/þekkingu á atferli-meðferð óskast. Upplýsingar veitir Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 557-1027

Yfirmaður í eldhúsi

Jörfi, Hæðargarði 27a
Upplýsingar veitir Sæunn E. Karlsdóttir leikskólastjóri í síma 553-0347

Sólhlíð, við Engihlíð
Upplýsingar veitir Elísabet Auðunsdóttir leikskólastjóri í síma 551-4870.

Aðstoð í eldhús

Hof, Gullteigi 19
Upplýsingar veita Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Særún Ármannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 553-9995

Jörfi, Hæðargarði 27a
Upplýsingar veitir Sæunn E. Karlsdóttir leikskólastjóri í síma 553-0347

Sólhlíð, við Engihlíð
Upplýsingar veitir Elísabet Auðunsdóttir leikskólastjóri í síma 551-4870. Um er að ræða fullt starf.

Grunnskólar

Grunnskólakennarar

Breiðholtsskóli, sími 557-3000 / 664-8150
Danskenndari óskast

Kennari í tækniment (smíði) óskast

Foldaskóli, sími 540-7600 / 664-8180

Stærðfræðikennari óskast á unglingsstigi. Um er að ræða 100% stöðu næsta skólaár.

Hamraskóli, sími 567-6300

Danskenndari óskast í hlutastarf

Smíðakennari óskast

Hlíðaskóli, sími 552-5080/664-8225
Íþróttakennari óskast í 50% stöðu við sundkennslu.

Hvassaleitisskóli, sími 570-8800
Kennari í tækniment / smíði óskast.
Landfræðikennari óskast í 8. og 9. bekk.

Ingunnarskóli, sími 411-7828 / 664-8265
Forfallakennari óskast

Langholtsskóli, sími 553-3188 / 664-8280

Náttúrufræðikennari á unglingsstigi óskast

Laugalækjarskóli, sími 588-7500 / 664-8290

Smíðakennari óskast

Stærðfræðikennari óskast

Laugarnesskóli, sími 588-9500 / 664-8300

Bekkjá- og samvinnukennari á miðstigi óskast

Tónmenntarkennari óskast í 60-100% starf

Víkurskóli, sími 545-2700

Bókasafnskennari óskast

Sérkennari óskast

Vogaskóli, sími 553-2600 / 664-8350

Danskenndari óskast í 7 kennslustundir

Íþróttakennari óskast í 75%-100% stöðu

Stuðningsfulltrúar

Háteigsskóli, sími 530-4300 / 664-8215 / 664-8216

Stuðningsfulltrúi óskast. Um er að ræða 50% stöðu á yngsta stigi.

Ingunnarskóli, sími 411-7828 / 664-8265

Stuðningsfulltrúi óskast

Laugarnesskóli, sími 588-9500 / 664-8300

Stuðningsfulltrúi óskast í 70% starf

Víkurskóli, sími 545-2700

Stuðningsfulltrúi óskast í 70% – 100% starf

Þroskajálfrar

Ingunnarskóli, sími 411-7828 / 664-8265

Þroskajálfrar óskast

Ritarar

Víkurskóli, sími 545-2700

Ritari óskast

Skólaliðar

Álftamýrarskóli, sími 570-8100 / 664-8111

Skólaliði óskast í mótuneyti skólans. Um er að ræða vinnu frá kl. 9:30 -14:00

Breiðholtsskóli, sími 557-3000 / 664-8150

Skólaliði óskast

Foldaskóli, sími 540-7600 / 664-8180

Skólaliði óskast í 90-100% starf.

Háteigsskóli, sími 530-4300 / 664-8215 / 664-8216

Skólaliði óskast

Hvassaleitisskóli, sími 570-8800

Skólaliði óskast

Ingunnarskóli, sími 411-7828 / 664-8265

Skólaliði óskast

Laugarnesskóli, sími 588-9500 / 664-8300

Skólaliðar óskast bæði í hluta- og fullt starf

Víkurskóli, sími 545-2700

Skólaliði óskast í 60% – 100% starf

Vogaskóli, sími 553-2600 / 664-8350

Baðvörður drengja óskast. Um er að ræða stöðu á mánudögum og föstudögum (12-14 klst.)

Skólaliði óskast

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingur má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf.
RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA

Rafvirkjar óskast

Rafvirkji óskast í söludeild, fjölbreytt starf og góð starfsaðstaða.

Rafvirkji óskast í þjónustudeild, fjölbreytt starf og góð starfsaðstaða.

Í boði eru góð grunnlaun og ýmis hlunnindi (bifreið - 1/2 fæði - sími og fatnaður). Lámærks menntun er sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun.

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra, Bjami H. Matthiasson með póstli eða á netfang: bjami@ri-verslun.is

www.ri-verslun.is



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Þjónustu- og rekstrarvið

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar óskar eftir að ráða til starfa:

Félagsráðgjafa

Helstu verkefni:

Félagsráðgjöf og þjónusta m.a. við börn og fjölskyldur þátttaka í þverfaglegu samstarfi og uppbygging félagsauðs í hverfinu

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

Starfsréttindi í félagsráðgjöf
Hæfni í mannlegum samskiptum
Góð þjónustulund

Sjúkraliða eða starfsmann vanann umönnun

Helstu verkefni:

Umönnun og félagsstarf

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

Sjúkraliðamenntun eða reynsla af umönnun
Hæfni í mannlegum samskiptum
Góð þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Óskar Dýrmondur Ólafsson, framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvarinnar í síma 664 7780/411 1700 og með tölvupósti: oskar.dyrmondur.olafsson@reykjavik.is. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknnum skal skilað á skrifstofu Þjónustumiðstöðvarinnar að Vesturgarði, Hjarðarhaga 45-47 fyrir 18. ágúst n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingur má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU



2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2 herb. verð frá
KR. 12.850.000*
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

3 herb. verð frá
KR. 16.450.000*
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa
FASTEIGNAFÉLAG
AUSTURLANDS

567 3400

FASTEIGNA- OG SKIPASALA
AUSTURLANDS EHF.

580 7905

domus

545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

VISSIR ÞÚ...

... að hin bandaríska Mia Hamm er markahæsta knattspyrnukona í landsleikjum? Hamm skoraði 144 landsleikjamörk á ferli sínum, en hún lék sína fyrstu meistaraflokksleiki árið 1987 þá fimmtán ára. Árið 2001 var hún kjörin knattspyrnukona ársins af Alþjóðaknattspyrnu-sambandinu FIFA. Núna leikur hún með Washington Freedom en landsleikjaferli hennar er lokið.

... að Walt Disney & Resorts er stærsta skemmtigarðafyrirtæki í heimi? Samkvæmt tímaritinu Amusement Business er talið að 101 milljón gesta hafi heimsótt skemmtigarða fyrirtækisins árið 2004. Til samanburðar má nefna að Frakkland, sem er fjölsóttasta ferðamannaland veraldar, fær til sín 75 milljónir erlendra ferðamanna á ári. Á árinu 2004 voru átta af tíu vinsælustu skemmtigörðum veraldar í eigu Disney.

... að mest notaða jarðlestakerfið er í Moskvu? Daglega fá á bilinu 8 til 9 milljón farþegar sér far með jarðlestum borgarinnar. Til samanburðar má nefna að 4,5 milljónir ferðast dag hvern með jarðlestakerfi New York og 3 milljónir í London - elsta jarðlestakerfi í heimi.

... að bandaríski tónlistarmaðurinn Earnon (Earnon Doyle) á flest blótsyrði í topplagi vinsældalista? Lag hans F*** It (I don't want you back), sem komst í efsta sæti vinsældalista Bretlands, Bandaríkjanna, Ástralíu og fjölda Evrópuríkja, innihélt 33 hríkaleg blótsyrði.

... að Bandaríkjamadurinn Brian Salcedo hefur fengið lengsta fangelsisdóm fyrir tölvuinnbrot? Hinn 16. desember 2004 var hann dæmdur í níu ára fangelsi í Charlotte, Norður-Karólínu í Bandaríkjunum fyrir að brjótast inn í tölvakerfi. Skömmu áður hafði hann reynt að stela greiðslukortaupplýsingum úr tölvakerfi byggingavörverslunarinnar Loewe.

... að stærsta matarboð fíla var haldið árið 2003 í Súrin-héraði í Taílandi árið 2003? Á árlegri fílahátíð sem þar er haldin komu 269 fílar saman og hámuðu í sig um 50 tonn af ávöxtum og grænmeti af ýmsu tagi en krásirnar höfðu verið reiddar fram á silkidúkuðu borði.

... að þyngsta sjókrabbadýr veiddist 11. febrúar árið 1977 undan strönd Nova Scotia í Kanada? Það var risastór ameríkuhumar (Homarus americanus), sem vó 20,14 kg og mældist 1,06 m frá hala fram á kló. Veitingamaður í New York keypti síðan humarinn.

... að Bretinn Gari Sullivan er yngsti framleiðandi leiksyningar á West End? Hann var títugur og 152 dögum betur þegar hann setti upp fjöllistasýninguna Energy í London 18. mars 2001. Í sýningunni komu fram 200 listamenn, þar á meðal einsöngvarar, danshópar, hljómsveitir og kórar.

... að Móna Lisa, málverk Leonardos da Vinci, er talið vera verðmætasti hlutur sem stolið hefur verið? Enda þótt verð verksins hafi aldrei verið áætlað má færa rök fyrir þessari staðhæfingu. Málverkið hvarf úr Louvre-safninu í París í Frakklandi 21. ágúst 1911 en fannst svo á Ítalíu 1913. Ítalinn Vincenzo Perugia var ákærður fyrir þjófnaðinn.

DRAUMAHELGI: Vaknað upp í Króatíu

„Helgin hæfist í Flatey þar sem ekkert símasamband fæst," segir Alexía Björg Jóhannesdóttir hlæjandi um sína draumahelgi, en undanfarið hefur hún verið önnur kafin við aðstoðarleikstjórn á kvikmyndinni Astrópiu, sem er í ævintýrastíl og beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu.

„Ég myndi vilja njóta kyrrðarinnar sem er þarna á eyjunni ásamt kærastanum mínum," segir hún. „Um kvöldið kæmu vinir okkar úr Reykjavík út í eyju og við færum saman á heljarinnar harmonikkuball þar sem dansað yrði fram undir morgun."

Daginn eftir myndi Alexía síðan vilja vakna upp einhvers staðar allt annars staðar, helst í Króatíu sem hún segir lengi hafa heillað sig. „Það yrði heitt

í veðri og mín biði dýrindis morgunverður þegar ég færi á fætur. Um daginn snorklaði ég í fallettum sjónum og slappaði síðan af á ströndinni, þar sem eldað væri ofan í mig. Eins og þú heyrir kannski eiga svefn og matur hug minn allan þessa daga enda hafa kvikmyndatökurnar verið ansi stífar," segir hún og hlær. „Draumahelgin er svolítið lituð af því."

-rve

Alexía gæti hugsað sér að eyða degi út í Flatey en flatmaga síðan á strönd í Króatíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



AFSAKIÐ HLE!

VIÐ BIÐJUMST VELVIRÐINGAR Á ÞVÍ
AÐ VERSLUNIN VERÐUR LOKUÐ Í DAG
VEGNA UNDIRBÚNINGSS ÚTSÖLUNNAR
SEM HEFST Á MORGUN
LAUGARDAGINN 12. ÁGÚST
KLUKKAN 10.

ALLT AÐ



TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÚPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

allt
bílar

Alla laugardaga

Ellilaunin: „Ekki hægt að hrópa hátt húrra“

UMRÆÐAN
ELLILÍFEYRIR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Mikil eftirvænting ríkti hjá mörgum eldri borgurum 1. ágúst, þegar launaseðlar Tryggingastofnunar ríkisins bárust þeim. Það var búið að tala svo mikið um það í fjölmiðlum, að ellilaunin mundu stórhækka, að aldraðir áttu von á góðum glaðningi. Morgunblaðið sagði með stríðsletri þvert yfir forsíðu 20. júlí: Þetta er veruleg aukning bótagreiðslna. Það var því von, að eldri borgarar ættu von á góðum glaðningi. En hvað kom upp úr launaumslögunum? Jú, 1.258 krónur. Von, að Pétur Guðmundsson (LEB) segði í viðtali við NFS um hækkunina: Það er ekki hægt að hrópa hátt húrra fyrir henni. Þetta var hækkunin sem hinn dæmigerði ellilífeyrisþegi fékk. Hvernig mátti þetta vera. Jú, það var eingöngu hækkun á grunnlífeyri, sem flestir fengu. Grunnlífeyririnn var hækkadur í 24.131 krónur á mánuði. Þetta er sú upphæð sem dæmigerður ellilífeyrisþegi fær frá Tryggingastofnun eftir að hafa greitt háa skatta til samfélagsins á langri starfsævi. Síðan er tekinn skattur af þessari hungurlús. Dæmigerður ellilífeyrisþegi, sem er í lífeyrisjóði, fær enga tekjuþryggingu. (Á Norðurlöndum heldur hann óskertum bótum almannaþrygginga þrátt fyrir tekjur úr lífeyrisjóði.)

Hvað varð um 15 þúsund krónurnar?

En hvað varð um 15 þúsund króna hækkunina, sem talað var um, að ellilífeyrisþegar ættu að fá frá 1. júlí. Hún sást ekki nema hjá örfáum. Aðeins 400 manns fengu hana að frádregnum skatti. Það tók því að blása í lúðra og auglýsa þetta sem stórfelldar kjarabætur fyrir aldraða. Þetta virðist fyrst og fremst hafa verið auglýsingamennska. Morgunblaðið sagði 20. júlí: Hærri bætur, minni skerðingar og aukin uppbygging. En ekkert varð vart við minni skerðingu 1. ágúst. Talað er um að draga eigi úr skerðingu bóta vegna tekna maka, m.a. vegna tekna maka úr lífeyrisjóði. En það kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2009. Til hvers er verið að blása þetta upp í



Sanngjarn skattur

Birting skattskrár vekur athygli á því geræði stjórnvalda að láta eigendur fjármagns borga 10% tekjuskatt, en almennig 37%. Græðgishagræðingar segja þetta þurfa að vera svona, því að annars mundu ríkir kallar flýja land og alls ekki borga skatt, eins og þeir feðgar Björgólfur og Björgólfur Thor hafa raunar gert. Við getum hins vegar ekki verið fangar slíkra hótana, enda er gott að losna við verstu græðgisfíklana. Tekjuskattur á að vera jafn og flatur, hinn sami á fjármagn og vinnu, háar tekjur og lágar. Ef svo væri, þyrfti tekjuskattur almennings aðeins að vera 25%, það er að segja sanngjarn.

Jónas Kristjánsson af jonas.is

Formannskjör Framsóknar

Enn bíða stjórn málaá hugamenn eftir ákvörðun Sjvjar Friðleifsdóttur. Núna þegar að örfáir dagar eru til formannskjörs hefur hún ekki tekið endanlega ákvörðun um hvert hún stefni. Ákvörðun hennar mun hafa lykílahrif á það í hvaða átt stjórn málaferill hennar mun þróast. Hún hefur leitast eftir því að vera í forystu jafnréttisumræðu flokksins og hlýtur að vilja marka sér sess sem lykílförystukona flokksins við þau forystuskípti sem við blasa nú.

Stefán Friðrik Stefánsson af stebbifr.blogspot.com.

dag, sem koma á til framkvæmda eftir mörg ár. Er það til þess að vekja falsvönir hjá ellilífeyrisþegum? Talað er um að einfalda eigi kerfið og hækka frítekjumark atvinnutekna en ekkert af þessu kemur til framkvæmda strax. Það líða mörg ár áður en frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verður hækkað.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekkert talað um að skila aftur því mikla fjármagni, sem ríkið hefur haft af öldruðum á síðustu 11 árum, en það eru margir tugir milljarða.

Heimahjúkrun og vistun á hjúkrunarheimilum.

Í kaflanum um búsetu- og þjónustumál aldraðra er mikið talað

um stórfelldar aðgerðir í framtíðinni og aukin fjárframlög til þeirra mála en það er þó eftir að leggja þau mál öll fyrir Alþingi. Talað er um að auka framlag til heimahjúkrunar um 200 milljónir á næsta ári. Sú upphæð segir lítið, ef stefnan á að vera sú, að sem flestir aldraðir búi heima. Síðan er fjallað um fjölgun hjúkrunarrýma. Þar er stærsta atriðið að fé úr framkvæmdasjóði aldraðra eigi í framtíðinni að renna til uppbyggingar öldrunarstofnana! Sem sagt: Ríkið hefur í mörg ár látið greipar sópa um fé úr framkvæmdasjóði aldraðra og notað í rekstur. En nú ætlar ríkið náðarsamlegast að hætta því ráðslagi. Með því á fjármagn til byggingar öldrunarheim-

ila að aukast um 200 milljónir á ári en þó verður ekki látinn nema helmingurinn af því næsta ár, eða 100 milljónir. Það verður ekki gert stórt átak í því að byggja hjúkrunarheimili fyrir 100 milljónir. Ekki er gert ráð fyrir meira fjármagni til byggingar öldrunarheimila árið 2007. Ekkert er minnst á að ríkið skili þeim 2,5 milljörðum króna, sem það hefur tekið úr framkvæmdasjóði aldraðra á síðustu 10 árum. Ef þeir peningar hefðu skilað sér til byggingar hjúkrunarheimila eins og til var ætlast í upphafi væri ástandið annað í þeim málum í dag en það er.

Menn verða að athuga það, að stefnubreyting varðandi vistun

aldraðra tekur langan tíma. Því verður ekki breytt í einu vetfangi að vista fleiri aldraða í heimahúsum. Enn um sinn verður mikil þörf fyrir auknið rými á hjúkrunarheimilum. Það virðist ekki fylgja mikill hugur máli hjá stjórnvöldum, ef þau ætla að auka framlag til heimahjúkrunar um 200 milljónir á næsta ári. Það segir lítið.

Það ber allt að sama brunni í þessu máli. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og LEB í málefnum aldraðra virðist fyrst og fremst vera áróðursplagg. Það hefði mátt bíða með að blása í lúðra í fjölmiðlum og sjá fyrst hvernig tækist til með framkvæmd á lofordum ríkisstjórnarinnar varðandi úrbætur í málefnum aldraðra.

EIN AF MÖRGUM

Í TÖLVULISTANUM ER MESTA ÚRVAL FERÐAVÉLA Á ÍSLANDI OG ER ACER ASPIRE 5601AWLMI AÐEINS EIN AF MÖRGUM



ACER ASPIRE 5601AWLMI FERÐAVÉL

Glæsileg ferðavél á einstöku verði með öflugum **1.6GHz Intel Core Duo T2050** örgjörva, **1GB DDR2** vinnsluminni, **80GB** 5400RPM harðdisk, DVD±RW/DL skrifara, **15.4"** WXGA CrystalBrite skjá, **128MB** Radeon X1300 skjákorti, 10/100/1000 netkorti, módemi, þráðlausu neti, innbyggðri **1.3MP** vefmyndavél í skjá og Windows **XP Home** stýrikerfi á íslensku eða ensku

EINSTAKT VERÐ AÐEINS **144.900**

VAXTALAUST AÐEINS KR. **9.660** Í 15 MÁNUÐI

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn. Nóatúni 17 **Reykjavík**. ☎ 562 6730 • Tölvulistinn. Glerárgötu 36 **Akureyri**. ☎ 464 7400
Tölvulistinn. Hafnargötu 90 **Keflavík**. ☎ 534 7400 • Tölvulistinn. Miðvangi 2-4 **Egilsstaðir**. ☎ 471 2011



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Eðlilega er hraðaksturinn á götunum

UMRÆÐAN
HRAÐAKSTUR



FRÍÐGEIR SVEINSSON
FORMAÐUR BIFHJÓLAKLÚBBSINS H.S.L.

Ég, undirritaður, var að lesa Bakþanka Gerðar Kristnýjar í Fréttablaðinu þann 9. ágúst síðastliðinn. Þar er hún að kasta fram hugleiðingum sínum um fund sem fór fram í samgönguráðuneytinu þann 4. ágúst síðastliðinn. Eins skemmtilegur penni og mér þykir Gerður Kristný oft vera, þá verð ég að bæði leiðrétta það sem hún hélt þarna fram og kannski koma að öðru sjónarmiði í leiðinni.

Ég vil byrja á því að taka skýrt fram að ég ætla með pistli mínum hvorki að réttlæta hraðakstur né vera að biðja um eitthvert „sér-umferðarreglu-kerfi“ fyrir bifhjólafélk. Bara koma að sjónarmiði, og smá leiðréttingu.

Ég sat þennan fund, ekki Gerður Kristný, og veit nokkuð um hvað þarna fór fram. Betur en Gerður Kristný. Eitt af því sem mikið var talað um var til dæmis hversu vegakerfið væri orðið úr sér gengið, og hreinlega hættulegt allri umferð. Fyrir vegfarandur almennt, ekki bara hjólafélk. Svo var því líka komið að með því er mér fannst mál-efnalegum hætti að „fólkið í landinu“ virðist í auknu mæli hafa meiri áhuga á mótörhjólum sem sést best á þeirri gríðarlegu fjölgun sem er á innflutningi mótörhjóla, og sér ekki fyrir endann á.

Og þá er kannski rétt að koma því sjónarmiði að hjá bæði stjórnvöldum og fólki sem aðhyllist skoðanir eins og Gerðar, sleggjudóma byggða á bæði litlum og

jafnvel röngum upplýsingum; einni mjög skemmtilegri staðreynd. Við „hjólafélkið“ erum líka partur af því sem kallast „fólkið í landinu“. Og stjórnámálemenn sem sitja þing og bæjarstjórnir voru meðal annars kosnir af okkur „hjólafélkinu“ og við „hjólafélkið“ leggjum líka heilan helling til samfélagsins í fjármagni. Til dæmis námu tollar, aðflutningsgjöld og skattar árið 2005 af innflutningi hjólanna 1,7 milljörðum króna, þá eru allar rekstrartengdar tekjur eftir. Þessa tölu er gaman að horfa á með það í huga að þessi hjól eru ekki nauðsynjavara, heldur fristundafarartæki. Ég hef til dæmis aldrei heyrt talað um „heimilis-mótörhjól“ í sama samhengi og heimilisbílinn. Og þar af leiðandi nýtur þetta ökutæki ekki náðar og miskunnar sleggjudómaranna þegar kemur að því að blása skoðunum sínum yfir lýðinn.

1,7 milljarðar og við erum ennþá í þeirri stöðu að vera talin vandræðagemsar, þurfalingar og hin hreinasta óþurft og jafnvel plága í gegnum rannsakandi augu, eins og sumra stjórnámálmanna og almennra sleggjudómara sem hika ekki við að dæma alla! Út frá því að einn og einn misstigur sig. Og auðvitað verður að koma lögum yfir slíkan lýð sem hvílir allan sinn bagga á samfélaginu. Og þá náttúrlega allir sem einn!

Ég vil koma öðru sjónarmiði að. Ef stjórnámálemenn væru að sinna sínu starfi fyrir fólkið í landinu væri sennilega löngu búið að koma upp alvöru æfinga- og keppnisástöðu fyrir kappakstur, og þá er ég ekki að tala um út frá frekjusjónarmiðinu bara fyrir þá sem að keyra hratt. Heldur þjóðhagslegum hagsmunum. Bæði það að koma öllum þeim

hraðakstri af götunum sem er þar í dag, með öllum þeim hættum sem af honum stafa. Hvort sem um bíla eða mótörhjól er að ræða. Og til að gefa þjóðinni okkar tækifæri á að láta ljós okkar skína á erlendra grundu með miklum íslenskum ökuþórum. Það er nú ekkert lítið sem að þjóðin er að rifna úr monti yfir öllum þeim sem stunda fótþolta á erlendum völlum, með Eið Smára í fararbroddi. Og slíku ber að fagna. En fólkið í landinu hefur ekki bara áhuga á fótþolta, handþolta, hestum og golfi. 90.000 Íslendingar fylgjast stíft með Formúlu 1 kappakstri. Það er mikill áhugi á kappakstri hjá landanum, „en það má bara horfa á hann“, allar aðrar ríkis-samþykktar íþróttir má stunda jafnhliða því að horfa. Sennilega vegna þess að þeir sem með völdin fara í landinu eru búnir að fatta að það er mikið fengið með því að byggja upp öflugt íþróttastarf, íslenskri æsku til framdráttar og líka fyrir alla hina sem leggja sitt af mörkum til uppbyggingar íþróttagreina. Svo líka að njóta þess að horfa á alla þá frábæru íþróttamenn sem þjóðin hefur af sér alið landi og þjóð til sóma, landkynninguna. En þetta gildir ekki um kappakstur, hann er bannaður, og sér ekki fyrir endann á því banni! Skilningsleysi stjórnámálmanna á því að mikill áhugi er fyrir kappakstri endurspegladist í því að samgönguráðuneytið sá sig knúð til að setja 1,5 milljarða í auglýsingaherferðir og forvarnir í fjögurra ára verkefni með Umferðarstofu. Og 0 kr. í það að koma hinum síaukna áhuga þjóðarinnar á kappakstri í þroskandi farveg. Og af götunum!! Því að á götunum mun hann vera meðan hann ekki kemst annað. Það er einfaldlega í eðli mannsins að vilja fara



Mótörhjólafólk er líka fólk, og í raun skrautfjóður í íslensku samfélagi, að mati bréfitara.

hratt og má rekja þann áhuga allt til kappreiða Rómverja til forna, og lengra ef við viljum. Það er náttúrlega barnalegt að halda það að þessi hvöt blundi ekki í Íslandi, jafn nýjungagjarnir og við Íslendingar erum. Og hefur þessi áhugi því miður skilað sér út í umferðina á þann eina stað sem hann gat ratað. Ástæðan er einföld; það er hvergi til staðar til að taka við þessari hvöt, útrásarþörf. Þau fáu mannvirki sem til eru undir kappakstur eru „MJÖG“ takmörkuð og öll í einkaeign, og aðgangur því mjög af skornum skammti. Til samanburðar fæ ég ekki sjálfvirkir leyfi til að fara inn á KR-völlinn bara af því að ég keypti mér fótþolta.

Niðurstaðan er því þessi, Gerður Kristný, og aðrir lesendur. Það fá ekki allir Íslendingar útrás á sömu sviðum, fótþolta, hestamennsku, golfi eða jafnvel ritstörfum eins og hinn ágæti penni Gerður Kristný. Mótörhjólafólk er líka fólk, og í raun skrautfjóður í íslensku samfélagi. Ekki stór umferðarglæpasamtök eins og maður er farinn að sjá í gegnum frekar einstefnukennnda umfjöllun fjölmiðlamanna. Vissulega er það rétt að sumir mótörhjólamenn og -konur fara hraðar yfir en aðrir,

og ætla ég ekki að afsaka eða réttlæta það. En það gera vissulega líka margir öikumenn bíla án þess að ég sjái sterkar raddir í fjölmiðlum um það, raddir sem jafnvel ganga svo langt að vilja gera alla öikumenn útlæga í Surtsey. Það yrði frekar tómt á meginlandinu þá, og einsleitt. Áhugi landans á mótörhjólum, sportbílum og kappakstri vex dag frá degi og það eina sem ráðamönnum dettur í hug er „STÓRA BANNIÐ“, frekar en að koma þessum stigvaxandi áhuga í farveg sem fólkið í landinu á skilið. Lokað æfinga- og keppnis-umhverfi. Því ekki gleyma því að ekki er það bara þjóðarheill og landinu til sóma heldur líka góður tekjustofn til fólksins í landinu. Það er nefnilega heilmikil fjármagnsvelta sem fylgir þessu brótti.

Kappakstur er íþrótt! Og hún er komin til landsins, í raun gerði kappaksturinn vart við sig um leið og bílafjöldi landsmanna var kominn í tvo bíla. Svo byrjaði þetta að vinda upp á sig og er nú komið á fullt út í umferðina, og verður þar þangað til úr verður bætt, hvað sem tautar og raular í röddum skynseminnar. Hvort sem það er frá Alþingi, Umferðarstofu, foreldrum, tryggingafélögum, lögreglu eða beittum og dómhörðum pennum fjölmiðla.

Ég vil kappakstur og hraðakstur af götunum, rétt eins og flestir lesendur sennilega. Það er bara langt síðan ég gerði mér grein fyrir því að hann verður ekki þurrkaður út. Það verður bara að koma þessu í réttan farveg og til þess þarf skilning ráðamanna, ekki hert viðurlög.

Ég vona að þessi sjónarmiði hafi kannski víkkað sjóndeildarhring ráðamanna og sleggjudómaranna sem vilja senda okkur út í Surtsey. Öllum til heilla.

Útsölu lok

60-80%

afsláttur

Haustvörurnar komnar

SAND

WOMAN

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK

KRÓNU TILBOÐ

Office 1
Skæri
Gæða skæri fyrir skólann.
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast

Office 1
Pennar
Uni Ball needle point pennar í mörgum litum.
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast

Office 1
Strokleður
Maped Mini Technic fyrir skólann.
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast

Office 1
Blýantar
Blýantar fyrir skólann.
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast


Allt fyrir skólann!

Office 1
Plastmöppur
Dura Quick Plastmöppur með glærri forsiðu.
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast

Office 1
A4 stílabækur
A4 stílabækur fyrir skólann
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast

Office 1
A5 stílabækur
A5 stílabækur fyrir skólann
Aðeins 1kr.
5 stk. á mann á meðan birgðir endast

Office 1 Superstore



**HULK HOGAN FÆDDIST
Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1953**

„Öllum mínum ungu
aðdændum ráðlegg ég að
biðja bænirnar sínar og
taka inn vítamínin sín,
þá mun þeim vegna vel.“

Hulk Hogan er bandarískur
glimukappi.


PETTA GERÐIST 11. ÁGÚST 1987
Greenspan verður seðlabankastjóri

Alan Greenspan fæddist í mars árið 1926 og sýndi ungur að hann var gæddur hæfileikum til þess að reikna og spila á hljóðfæri. Alan lærði hagfræði við háskólann í New York og lauk þaðan meistaranámi í hagfræði.

Eftir brautskráningu stofnaði hann fyrirtæki sem sérhæfði sig í efnahagslegri ráðgjöf og varð forstjóri þess og aðaleigandi nokkrum árum síðar. Árið 1967 tók Greenspan að sér ráðgjöf fyrir Richard Nixon þegar hann bauð sig fram til forseta en afþakkaði formlega stöðu innan stjórnkerfisins þegar Nixon náði kjöri. Í stjórnartíð Gerald Ford var Greenspan formaður efnahagsráðs forsetans og tókst meðal annars að lækka verðbólguna um fimm prósent á þriggja ára valdatímabili forsetans en snéri sér síðan aftur til fyrirtækis síns í New York.



Tíu árum síðar hóf Greenspan störf sem seðlabankastjóri en hann hafði í millitíðinni meðal annars unnið sem kennari við New York háskóla þaðan sem hann öðlaðist doktorsgráðu sína. Eftir rúma tvo mánuði í starfi tók Dow Jones hlutabréfavisitalan skarpa dýfu niður á við en með því að lækka vexti strax tókst Greenspan að afstýra brotlendingu hagkerfisins. Hann hlaut einnig heiður af að bregðast rétt við efnahagsvandnum sem fylgdi hryðjuverkunum ellefta september og efnahagskreppunni sem breiddist frá Asíu víða um heim seint á tíunda áratugnum.

Greenspan lét af störfum í janúar á þessu ári eftir tæplega tuttugu ára starf sem seðlabankastjóri en hann hefur löngum verið talinn næstvaldamesti, ef ekki valdamesti maður heims.

MERKISATBURÐIR

- 1919** Weimar-stjórnarskráin gengur í gildi og þar með verður Þýskaland að lýðveldi.
- 1934** Fangelsi er opnað á Alcatraz-eyju í Bandaríkjunum.
- 1956** Myndlistarmaðurinn Jackson Pollock lætur lífið í bílslysi.
- 1973** Austurstræti er lokað fyrir bílaumferð en opnað var fyrir hana aftur að hluta í desember 1991.
- 1991** Brasilíska knattspyrnugóðið Pele kom hingað til lands og heilsaði upp á unga knattspyrnuðikendur.
- 1994** Leikmenn í bandarísku hafnaboltadeildinni hefja verkfall sem varð til þess að fresta þurfti leiktímabilinu.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÚTFARIR

- 13.00 Gunnar Kristjánsson** frá Ísafirði verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju.
- 13.00 Magnús Gunnlaugsson**, íþróttakennari, Vogatungu 28, Kópavogi, verður jarðsönginn frá Digraneskirkju í Kópavogi.
- 14.30 Valgeir Matthiasson**, Vallarási 4, áður til heimilis í Tunguseli 10, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Seljakirkju.
- 15.00 Axel Sigurbjörnsson**, Ljósheimum 2, verður jarðsönginn frá Langholtskirkju.
- 15.00 Halla Arnljótsdóttir**, Hraunbæ 156, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.
- 15.00 Þorbjörg Guðlaugsdóttir** verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

AFMÆLI


Bragi Ólafsson
ríthöfundur er
44 ára.



Sigursteinn Másson,
formaður
Öryrkjabanda-
lags Íslands, er
39 ára.



UNGLINGAR Í VINNUSKÓLANUM Þessir krakkar í Vesturbænum létu rínginguna í gær ekkert á sig fá enda vanir votviðrinu í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR: LOKADAGUR Í DAG

Vinnuskólinn verði fyrsta valnemenda og leiðbeinenda

„Það hefur bara gengið vonum fram frá mínum bæjardyrum séð, veður-guðirnir léku svolítið við okkur á sinn hátt en starfið hjá krökkunum hefur gengið afskaplega vel og þeir hafa skilað góðum árangri,“ segir Guðrún Þórsdóttir, skólustjóri Vinnuskólans, en starfi hans lýkur í dag.

„Það hafa verið lagðir fleiri kílómetrar af göngustígum í útmörkinni og líka hér inni í borgarlandinu,“ segir Guðrún en nemendur hafa einnig fegrað borgina til muna. „Það hefur kannski ekki verið kalt og það hefur verið gott vinnuveður þó það hefði mátt vera aðeins þurrara,“ segir Guðrún en margir hafa eflaust hugsað hlýlega til fólks sem hefur unnið úti í sumar.

„Þeim var boðið að fá aukavinnu-viku og það kom mér á óvart hvað það nýttu sér það margir, ég vissi nú að margir vildu gjarnan vinna lengur en

fjöldinn kom mér á óvart,“ segir Guðrún og bætir við að hlutfall þeirra sem vildu fegra borgina enn frekar var allt að 70 prósent í sumum hópum. „Þetta var samþykkt af borgarráði í vor þegar ég óskaði eftir því að geta nýtt þennan möguleika en það var vegna þess að við vorum með svo fáa nemendur. Síðan kemur það í ljós að þessar hópastærðir sem að við erum með núna eru að skila jafnvel betri árangri heldur en þegar fleiri eru í hóp vegna þess að það eru nánast engin vandamál,“ segir Guðrún.

Guðrún er sérstaklega ánægð með leiðbeinendur skólans í sumar og segir þá hafa staðið sig mjög vel. Hún segir að leiðbeinendurnir séu fólk sem sækist eftir því að vinna með unglingum og margir séu í uppeldisnámi en þeir voru tæplega þrjú hundruð við skólann í sumar. „Það eru margir sem töluðu um það að þeir vildu frekar vera á

lægri launum og geta verið úti heldur en að vera inni á skrifstofu. Launin hafa nú örlítið hækkað hjá okkur eins og hjá borginni þannig að þetta er að verða meira aðlaðandi en við leggjum náttúrulega áherslu á í framtíðinni að gera Vinnuskólann að fyrsta vali, bæði nemenda og leiðbeinenda,“ segir Guðrún.

Valur Gunnarsson, yfirleiðbeinandi í Vesturbænum, segir starfið í sumar hafa gengið mjög vel þó að veðrið hafi verið leiðinlegt á köflum. Hann segir að helstu verkefni krakkanna í Vesturbænum sé að hreinsa beð og garða og lagfæra leiksvæði. „Auðvitað voru einhverjir sem voru súrir en svo komu góðir dagar inn á milli og þá gleymir fólk þessu oft en það var náttúrulega orðið langþreytt á þessu leiðindaveðri um tíma,“ segir Valur og er ánægður með hvernig til tókst í sumar. gudrun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Þorvarður Guðmundsson
skipasmíðameistari, Dalbraut 16,

andaðist hinn 7. ágúst. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. ágúst nk. kl. 15.00.

Súsanna Þorvarðardóttir
Björgvin Þorvarðarson
Guðmundur A. Þorvarðarson
Aðalbjörg Þorvarðardóttir
Bylgja Þorvarðardóttir
og afabörnin.

Atli S. Grétarsson
Vilhjálmur J. Guðjónsson
Sigurður Gíslason
Sveinn Þorsteinsson



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Bjarkar Hafrúnar Kristinsdóttur
Blikabraut 7, Keflavík.

Sérstakar þakkir til krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Guð blessi ykkur öll.

Arnar Gunnlaugsson
Árni Heiðar Árnason
Pétur Ragnar Árnason
Gréta Lind Árnadóttir
Steinunn Björk Árnadóttir
ömmubörn og langömmubarn.

Hafðís Kjartansdóttir
Hallgrímur Færseth
Eiríkur Waltersson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ásthildur Teitsdóttir
áður húsfreyja á Hjarðarfelli, Snæfellsnesi,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjólí 4. ágúst verður jarðsöngin frá Fáskrúðarbakkakirkju laugardaginn 12. ágúst kl. 14.00.

Guðbjartur Gunnarsson
Högni Gunnarsson
Sigríður Gunnarsdóttir
Hallgerður Gunnarsdóttir
Teitur Gunnarsson
Þorbjörg Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Harpa Jónsdóttir
Bára K. Finnbogadóttir
Michel Sallé
Sturla Böðvarsson
Lilja Guðmundsdóttir
Erlendur Steinþórsson



LIST Petta glæsilega svín var búið til af íbúum Muxall í Norður-Þýskalandi en þar á búa miklir strálistamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varða til minningar um Pétur Þorvarðarson

Á dögunum fóru liðsmenn í björgunarsveitinni Vopna inn að Langafelli í Hauksstaðaheiði og hlóðu þar vörðu til minningar um Pétur Þorvarðarson sem fannst látinn þar eftir mikla leit á Norðausturlandi síðastliðið vor.

Jörgen Sværissón, formaður björgunarsveitarinnar, segir að Björn Magnússon, félagi í sveitinni, hafi átt frumkvæðið að því að varðan var hlaðin en það var gert í samráði við fjölskyldu Péturs. Pétur var sautján ára gamall þegar hann lést.



HLAÐAN ER Í HAUKSSTAÐAHEIÐI

FRÉTTABLAÐIÐ/JÖRGEN

Við erum Mazda



sóltíloð

Veldu Mazda á sóltíloði Brimborgar

2.525 þús.*

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



sóltíloð



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.575.000 kr.
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.625.000 kr.
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku sóltíloði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltíloði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltíloði Brimborgar.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- 16" Álfelgur
- Hraðastillir

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltíloði Brimborgar.

Skoðuðu úrval Mazda á sóltíloði.



Mazda2 Core 1,4i
5 dyra, 5 girá*
Sóltíloð 1.590.000 kr.
Bílasamningur 19.670 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra, 5 girá*
Sóltíloð 1.920.000 kr.
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 girá*
Sóltíloð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

Við erum Mazda
Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.

Sumarið er
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sólluga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Óperutónleikar




Arndís Halla
Ásgeirsdóttir



Ólafur Kjartan
Sigurðarson



Kristinn
Sigmundsson



Kolbeinn
Ketilsson



Sigríður
Aðalsteinsdóttir



Guðmundur Óli
Gunnarsson
Stjórnandi

BM Vallá hf. býður til **Óperutónleika á Miklatúni**.
Þar koma fram allir helstu stórsöngvarar landsins ásamt
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Komdu og sjáðu Kristinn Sigmundsson, Arndísi Höllu Ásgeirsdóttur,
Ólaf Kjartan Sigurðarson, Kolbein Ketilsson og Sigríði Aðalsteinsdóttur
flytja allar helstu perlur klassískrar tónlistar.

Missið ekki af fágætum tónlistarviðburði fyrir
alla fjölskylduna á Menningarnótt.

Efnisskrá:

G. Verdi:	Forleikurinn að „La Forza del destino“	Ólafur Kjartan Sigurðarson, barítón.
G. Rossini:	Largo al factotum úr „Rakaranum frá Sevilla“:	Arndís Halla Ásgeirsdóttir, sópran
G. Rossini:	Una voce poco fa úr „Rakaranum frá Sevilla“:	Kristinn Sigmundsson, bassi.
W.A. Mozart:	Finch'han dal vino úr „Don Giovanni“:	Sigríður Aðalsteinsdóttir, Mezzósópran
G. Bizet:	Habanera úr „Carmen“:	Kolbeinn Ketilsson, tenór.
G. Bizet:	La Fleur que tu m'avais jetée úr „Carmen“:	
Ch. Gounod:	Danse antique, ballettónlist úr „Faust“	Kristinn Sigmundsson, bassi
Ch Gounod:	Le veau d'or est toujours debout úr „Faust“:	Arndís Halla og Sigríður
J. Offenbach:	Barcarolle úr „ævintýrum Hoffmanns“:	Kolbeinn og Ólafur Kjartan
G. Verdi:	Dio che nell'alma úr „Don Carlos“:	Kristinn Sigmundsson, bassi
R. Wagner:	Mögst du, mein Kind úr „Hollendingnum fljúgandi“:	Kristinn Sigmundsson, bassi
G. Verdi:	Un di, se ben rammentomi úr „Rigoletto“:	Arndís, Sigríður, Kolbeinn og Ólafur Kjartan
G. Verdi:	Come dal ciel precipita úr „Macbeth“:	Kristinn Sigmundsson, bassi
G. Verdi:	Libiamo ne' lieti calici úr „La traviata“:	allir

Sérstakur verndari tónleikanna er frú Vigdís Finnbogadóttir.



á Miklatúni

Á MENNINGARNÓTT
19. ÁGÚST KL.20

Það hófst árið 1946
á ári nýsköpunar á Íslandi.
Því eigum við **60 ára** afmæli í ár.

Á þeim tíma höfum við átt því láni að fagna
að njóta viðskiptavináttu svo margra Íslendinga.

Það viljum við þakka með
óperutónleikum á Menningarnótt
í Reykjavík.



STUÐ MILLI STRÍÐA: Ólíkar sundferðir

ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR NJÓSNAR Í SUNDI



Sund er allra meina bót. Meinin eru misjöfn og sundferðirnar eftir því. Ég fer til dæmis oft í sund til að hreinsa hugann. Fá ró og bæga burtu áhyggjum. Það er nefnilega ekkert sem fangar athygli mína þegar ég er komin undir vatnsyfirborðið. Fyrir utan myndir sundskýlur. Annars þarf ég yfirleitt að einbeita mér algjörlega að önduninni, til þess að drukkna ekki. Sérstaklega í skriðsundinu. Í dag fer ég yfirleitt með börnin mín með mér í sund til að veita orku þeirra farveg. (Sem þýðir að þreyta þau fyrir

kvöldið). Þá er slegist, kafað, farið í hákarlaeik og rennt sér tíu sinnum niður rennibrautina. Farið í sturtu, beint í náttföt, komið við í pylsvagninum og upp í rúm. Mjög huggulegt.

Stundum fer ég eini í sund á kvöldin en þá er það forvitnin sem rekur mig áfram. Ég hef alltaf verið forvitnari um menn en málefni. Í sundi missir maður ytri einkenni sín. Jeppinn er hvergi sjáanlegur, tiskufötin eða uppsetta hárið. Ég persónulega missi hreinlega andlit- ið þegar maskarinn er farinn þannig að ég fer í sannkallað njósnargervi. Svo er gaman að þæla í hverjum og einum. Aðstæðum hans, fjölskyldustöðu, atvinnu eða hvernig

týpa viðkomandi er. Ég sit í pottinum, lygni aftur augunum og hlusta á síðasta dömpið, lækkandi gengi og erfitt barnauppleði. Svo ímynda ég mér líf manneskjunnar í kringum það. Svolítið „kripí“. Ég veit.

Ég legg samt líka minn skerf í pottinn. Daðra við kærastann, sit með vinkonunni og reyni að ráðleggja í strákamálum eða geri tilraunir til að hafa hemil á börnunum mínum. Og alltaf gleymi ég að það eru til fullt af manneskjum sem eru eins og ég. Sem sitja og hlusta á hvert einasta orð og búa til mynd af mér í hausnum. Sem er allt í lagi þar sem ég er kona í ljótum sundbol, með hárið klesst og skjanna- hvíta marblettaleggi.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



EKKERT GERVIGRAS

OPNUM 10.08.06

KL 23:59:59



LINDSAY LOHAN Leikkonan unga lýgur að slúðurbliðunum um ástarlíf sitt.

Lýgur um ástarlífið

Leikkonan unga Lindsay Lohan viðurkennir í viðtali við tískutímaritið Elle að hún hafi logið að slúðurbliðunum um ástarlíf sitt. Leikkonan hefur verið orðuð við marga í gegnum tíðina svo sem Jared Leto, leikarann og hjartaknúsarann Colin Farrell og rokkarana Ryan Adams og Jamie Burke. Lohan segir að hún segi stundum sannleikann um ástarmálin, en stundum bregður hún á það ráð, ef hún er að hitta strák og vill ekki að slúðurbliðin komist að því, að hringja í vini sína og spyrja þá hvort það sé í lagi að hún segist vera að hitta þá. „Slúðurbliðin koma illa fram við mig og því fæ ég ekki samviskubít þótt ég fari illa með þau.“ Lohan heldur þó í vonina um að hún muni finna þann eina rétta og segist vera að prófa sig áfram í þeim efnum.



MOSS OG DOHERTY Þarið hefur verið bæði sundur og saman um tíma en virðist nú hafa fundið ástina á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Saman á ný

Rokkarinn og ólátabelgurinn Pete Doherty og ofurfyrirsætan Kate Moss eru byrjuð saman aftur, samkvæmt breska blaðinu Daily Mirror. Sást til þeirra skötuþjúga á útihátíð í Bretlandi þar sem þau leiddust og dönsuðu saman fyrir allra augum. Pete mun vera himinlifandi yfir að hafa fengið Moss tilbaka og segja vinir hans að ást hans til Kate hafi bjargað honum frá eiturlyfjadraugnum sem hann er á góðri leið með að losna við.

Doherty og Moss hafa verið stöðugt í fréttum síðustu misserin fyrir óheilbriggt lífni. Þau hafa verið sundur og saman og látið ýmis miður falleg orð falla um hvort annað. Einhvern veginn virðast þau þó alltaf ná aftur saman.

Brúðkaup

Söngkonan Kylie Minogue og unnusti hennar, franskur leikarinn Olivier Martinez, ætla nú loksins að ganga upp að altarinu í september. Skötuþjúgin eru búin að panta lúxushótel í Suður-Frakklandi þar sem athöfnin mun fara fram. Búist er við um 200 manna veislu með öllu tilheyrandi og er Martinez búinn að panta söngvara hljómsveitarinnar Scissor Sisters, Jake Shears, til að syngja í veislunni.



KYLIE MINOGUE Er á leiðinni upp að altarinu með unnusta sínum Olivier Martinez.

Kylíetóksérfrífráskemmtanabransanum þegar hún greindist með brjóstakrabbamein á síðasta ári. Nú virðist hún þó vera komin á fullu skrið á ný og er önnu kafin við að taka upp nýja plötu.

Meistarastykki Muse

[TÓNLIST]

UMFIJÖLLUN

Samband mitt við bresku rokk-sveitina Muse er mjög viðkvæmt. Oft finnst mér þeir vera helvíti nálægt því að fara yfir strikið þegar kemur að því sem ég get sætt mig við í tilgerð. Platan heitir Black Holes and Revelations og það er lag á henni sem heitir The Knights of Cydonia! Gæti ekki verið mikið nördalegra en það. Svo þegar fyrsta lagið, Take a Bow, fer í gang hljómar það eins og ofurlyft epísk blanda af Queen og ELO. Ekki nóg með það heldur er þessi pirrandi hljómborðsskali, sem einkenndi síðustu tvær plötur, í gegnum allt lagið. Ekki góð byrjun.

Svo strax á öðru lagi er maður minntur á það af hverju maður tók Muse í sátt eftir að þeir svinluðu sér inn á sjónarsviðið með því að stæla Radiohead á fyrstu plötunni. Strax með annarri plötunni óx þessi sveit gífurlega og fann sinn eigin hljóð. Þriðja platan var svo þó nokkuð betri, og hér kemur svo meistarastykkið. Þrátt fyrir að mér finnst þeir stundum alveg yfirnáttúrulega hallærislegir er tónlistin í fyrsta klassa.

Þessi plata er full af slögurum, og sveitin tekur risastökk þegar kemur að útsetningum. Það heyrir vel á laginu Supermassive Black Hole, sem er nú í spilun, en bíðið bara þar til þið rennið lögunum Map of the Problematique (enn og

aftur gott lag með ómurlegan titil!) eða Elvis-lega laginu Soldiers Poem. Í síðarnefnda laginu sannar Bellamy að hann er fullfær um að semja meira en epískar rokkballöður. Ég þori svo að veðja að lagið Starlight eigi eftir að verða stærsti slagari Muse fyrr og síðar. Það er svo einfalt og barnlegt að það er nær ómögulegt að ná pianómelódíu þess úr höfðinu á sér.

Þeir sem óttast að Muse sé að missa kraftinn og snerpuna þurfa svo bara að renna laginu Assassin í gegn til að sannfærast um annað.

Ef Muse festi sig í sessi sem ein stærsta rokk-sveit Breta með síðustu plötu er vel hugsanlegt að hún hrindi loksins Radiohead úr því háseti með þessari plötu. Að



MUSE

BLACK HOLES AND REVELATIONS

Niðurstaða: Fjórða plata Muse er sú besta. Stundum eru þeir þó hættulega nálægt því að vera of tilgerðarlegir, en þegar allt kemur til alls er hljómur þeirra magnaður, og algjörlega þeirra eigin.

minnsta kosti hvað vinsældir varðar, því þessi plata á eftir að seljast í skípsförmum. **Birgir Örn Steinarrson**

lenovo™

NÝ LEIÐ TIL ÁRANGURS

Lenovo 3000

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
INNBYGGÐUR MINNISKORTALESARI
FINGRAFARALESARI
VIBRANTVIEW LCD SKJÁR
AFAR EINFALT AÐ TENGJAST NETKERFUM



Lenovo er alþjóðlegur leiðtogi á tölvumarkaðnum sem framleiðir ThinkPad og Lenovo 3000 og er þriðji stærsti tölvuframleiðandi í heimi. Lenovo veitir viðskiptavinum sínum betri lausnir, eykur framleiðni og veitir forskot hvort sem er í leik eða starfi.

HÖNNUN SEM HENTAR ÖLLUM

3000 línan frá Lenovo boðar áhyggjulausa og auðveldla notkun á fartölvu. Hún er fyrir flotta frumkvöðulinn í okkur öllum sem horfir einbeittur fram á veginn og vill gæði í einföldu viðmóti. Lenovo 3000 kemur frá sama framleiðanda og hinar þekktu og vönduðu ThinkPad fartölvur. Afkastamikil vél þar sem gæði og glæsileg hönnun fá að njóta sín á góðu verði.

Kíktu á www.lenovo.is og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.



Lenovo 3000 N100

Intel Celeron M 1,46GHz
512MB minni (stækkanlegt í 2GB)
80GB 5400sn harður diskur
14,1" skjár / 1280x800 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 4x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 2.5 kg
Windows® XP Home** stýrikerfi
Mánaðarlegar greiðslur*: **3.780 kr.**
Verð: **109.900 kr.**

Lenovo 3000 V100

Intel Core Duo T2300 1,66GHz
512MB minni (stækkanlegt í 2GB)
80GB 5400sn SATA harður diskur
12,1" skjár / 1280x800 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 3x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 1.8 kg
Windows® XP Pro stýrikerfi
Mánaðarlegar greiðslur*: **5.156 kr.**
Verð: **149.900 kr.**

Lenovo 3000 N100

Intel Core Duo T2500 2,0GHz
1GB minni (stækkanlegt í 2GB)
100GB 5400sn SATA harður diskur
15,4" skjár / 1680x1050 upplausn
nVidia GeForce FX 128MB skjákort
DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 4x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 2.8 kg
Windows® XP Home** stýrikerfi
Mánaðarlegar greiðslur*: **6.188 kr.**
Verð: **179.900 kr.**



FYLGR FRÍTT MEÐ

Ef þú kaupir Lenovo 3000 eða ThinkPad fartölvu hjá Nýherja færðu Plantronics Bluetooth þráðlaust heyrnartól frítt með.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluáðilar um land allt.**



NÝHERJI

www.lenovo.is

Nýherji hf.

Borgartúni 37

105 Reykjavík

Sími 569 7700

www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2006. / ** Nýherji mælir með Windows XP Pro.

Eins dags ævintýri



Kl. 20.30

Einleikurinn Gísli Súrsson verður sýndur á ensku í Byggðasafni Vestfjarða á Ísa-firði. Höfundur og flytjandi er Elvar Logi Hannesson.

menning

menning@frettabladid.is

Myndlistarmaðurinn Júlíus Samúelsson heldur óvenjulega myndlistarsýningu á skemmtistaðnum Broadway á morgun en hún ber þann viðeigandi titil, „12. ágúst.“ Júlíus sýnir stærðarinnar olíumálverk á Broadway-sviðinu en ekki er vítað til þess að slíkur staður hafi verið valinn fyrir málverkasýningu hérlendis en sýningin stendur aðeins í einn dag.

„Þetta er stór og mikil yfirlitssýning sem spannar síðustu 6-7 ár,“ segir listamaðurinn. „Meginþórin eru stór verk, tvisvar sinnum tveir metrar.“ Júlíus hefur haldið nokkrar stórar sýningar á þessu tíma-



bili en á þessari sýningu verður hægt að sjá þróunina í verkunum hans allt frá upphafi. „Ég var í Afríku í sex ár og byrjaði að mála þegar ég kom til baka fyrir tíu árum. Þetta eru mjög litsterk verk með nokkuð augljósum áhrifum þaðan. Ég hef síðan til dæmis málað sköpunarsögu heiðni samkvæmt Snorra Eddu en nú er ég kominn mikið út í portrett.“

Sýningin verður opnuð kl. 14 á morgun og stendur til kl. 21 um kvöldið. Frítt er inn á skemmtistaðinn af þessu tilefni.

JÚLÍUS SAMÚELSSON MYNDLISTARMAÐUR Velur óvenjulegan sýningarstað fyrir yfirlitssýningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Ekki missa af...

hátíð á **Hólum í Hjalptadal** í tilefni af 900 ára afmæli biskupsstóls og skólahalds á staðnum. Líflæg dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

listahátíðinni **Art Fart** sem nú stendur yfir í húsi **Ó. Johnson & Kaaber** við Sættún.

myndlistarsýningunni **Hugrís** í galleri **Klíng og bang** við Laugaveg. Austurríski listahópurinn **Gelítin** setti mark sitt á land og þjóð þegar þeir komu við nýlega. Sjón er sögu ríkari.

Gróskumikill Drekkaskógur í Austurbæ

Fyrsta sýning Barna- og unglíngaleikhúss Austurbæjar fer á fjalirnar á Menningarnótt. Leikhópurinn og aðstandendur Drekkaskógar eru í óða önn að undirbúa en ævintýrið hefur samt varað í allt sumar.

Agnar Jón Egilsson, leikstjóri og höfundur verksins, hefur kynnst fjölmörgum ungum leikurum í sumar því í Austurbæ hafa verið haldin námskeið fyrir upprennandi leikhúslustafólk, en leikhópurinn samanstendur af þátttakendum af námskeiðunum. „Þetta er fyrst og fremst búið að vera gaman,“ segir Agnar Jón. „Við ráðumst í þetta allt saman vegna þess að við teljum að það sé þörf á næsta metnaðarstigi í leikhúslífinu, með það fyrir augum að gera áhugaleikfélag fyrir börn og unglínga þar sem fólk borgar hvorki fyrir kennsluna né sýningar sem þau taka þátt í.“ Barna og unglíngaleikhúsið er þannig grasrótastarf sem án efa á eftir að blómstra enn frekar því nægur er áhuginn og krafturinn ekki minni í unga fólkinu.

Verkið verður frumsýnt á Menningarnótt og þá gefst gestum líka kostur á að kynna sér starfið í húsinu. Verkið verður síðan sýnt fram í september.

Agnari Jóni verður tíðrætt um mikilvægi ímyndunarafslins, orkunna og leikgleðinnar hjá leikurum og áréttar að hann sé alls ekki eini kennarinn á svæðinu. „Hér er mikið af krökkum með mikla reynslu og þau gefa hvort öðru mikið og mér líka. Venjulega leik ég ekki mikið þegar ég er að leikstýra en þau eru svo skemmtileg að ég hreinlega get ekki hamið mig og verð að leika með þeim,“ segir hann og kímir.

Í hópnum eru tæplega tuttugu krakkar á aldrinum 9-17 ára. „Þetta er mikið aldursbil og maður trúir því alveg þegar þau eru að leika börn og foreldra,“ segir leikstjórinn, en í Drekkaskógi eru ekki aðeins átök milli kynslóða heldur er klassísk barátta góðs og ills. Persónurnar í verkinu eru dregin inn í hættulegan og myrkan álagaskóg þar sem skógardísir, eldflugur og svartálfar eru á vappi og dreki kemur að sjálfsgöðu við sögu. Agnar Jón skrifar verkið og segist hafa verið stressaður að láta frá sér handritið. „Maður er það alltaf



BLÓMSTRANDI GRASRÓTARSTARF Í AUSTURBÆ Frumsýna ævintýralegt leikrit eftir Agnar Jón Egilsson á Menningarnótt.

og hvað þá fyrir börn sem eru mjög hreinskilin og segja hiklaust: „Þetta er ömurlegt,“ ef þeim sýnist svo. En þau hlógu og keyptu verkið strax og fannst það skemmtilegt.“ Börnin passa líka

upp á ævintýrin og þar skal allt vera á sínum stað „Við þessi fullorðnu þurfum samt að passa okkur að taka ekki dramatíkuna og grimmdina úr ævintýrunum, því ef einhver er upptekinn af ástum

og örlögum eru það krakkarnir. Nornin skal sko aldeilis fá að hlaupa um berfætt í eldi því hún var vond og hinir góðu skulu sko fá að vera góðir líka,“ segir Agnar Jón hlæjandi.

-khh

A&Ú

Anna & Útlitið &

The Academy of Colour and Style

ALPJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastill	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stilisti
			Verlunarstjóri

Kristín, ráðgjafi

Ég hef mikín áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, líti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lífandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.



Birna, verzlunareigandi - Stilistinn

Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að stofna verzlun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í rekturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.



Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heimilíkið um fatasamsetningu, textil, litfræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.



Barrokk og endurreisn

Eyþór Ingi Jónsson orgelleikari heldur tvenna tónleika á vegum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju en nú er komið að síðustu tónleikahelgi sumarsins. Eyþór Ingi lærði orgelleik og kórstjórn í Tónskóla þjóðkirkjunnar og lauk þaðan kantorsprófi árið 1998. Hann stundar nú framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð en hann er annar organisti og kórstjóri Akureyrarkirkju og sinnir því starfi meðfram námi.

Eyþór hefur kennt við tónlistarskólana á Akranesi, Dalasýslu og Akureyri, ásamt því að spila í kirkjum og með kórum víða um land. Hann hefur haldið fjölda tónleika hérlendis, í Svíþjóð, Danmörku og í Noregi og stjórnað mörgum kórum bæði hérlendis og erlendis, til dæmis sönghópnum Hymnodia.

Á hádegistónleikunum í dag leikur hann tónlist frá endurreisnar- og barrokk tímabilunum en annað kvöld kl. 20 mun efnisskrá Eyþórs byggjast á upphafs- og lokakafla orgelmessa J. S. Bachs, sem jafnan er kölluð Prelúdía og fúga í



SÍÐUSTU TÓNLEIKAR ALPJÓÐLEGS SUMARS Eyþór Ingi Jónsson heldur tvenna tónleika um helgina.

Es-dúr, en efnisskráin inniheldur einnig verk eftir Louis-Nicolas Clérambault, Georg Muffat, Louis Vierne og César Franck.

-khh

Söngmenn framtíðar

Kórskóli Langholtskirkju stendur fyrir vikulöngu söngnámskeiði fyrir drengi frá sex ára aldri. Námskeiðið hefst á mánudaginn og stendur saman af blöndu af söng, raddþjálfun og leikjum.

Markmið námskeiðsins er að virkja sönggleði drengjanna en að því loknu gefst þátttakendum



LEYNIST ROBERTINO Á ÞÍNU HEIMILI?

kostur á að þreyta inn-tökupróf í drengjakór sem tekur til starfa í næsta mánuði.

Stjórnandi hans verður Magnús Ragnarsson. Kórin verður hluti af Kórskóla Langholtskirkju og verður áttundi kórin sem starfar við kirkjuna.

Nánari upplýsingar eru gefnar í Langholtskirkju.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRIÐUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

((STÓR)) ÚTSALAN ER HAFIN

Tónlist frá

199 kr.

DVD frá

699 kr.

Tölvuleikir frá

799 kr.



S · K Í · F · A · N

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Óflugar gólfþvottavélur
frá TASKI

738.807 kr.
TASKI Swingo 1250 B

TUNELIO IN6212C



Byðst einnig á rekstarleigu.
Hafðu samband við rágjafa RV
og kynntu þér málið.

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Rettarhási 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Footloose

17. ágúst - kl.20:00 - Uppselt
18. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
24. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
25. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
31. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
01. sept - kl.20:00 - laus sæti

Móðsálfan er í síma 568 8000
www.borgarleikbus.is
www.minnstrikur.is/footloose

MR SKALLA GRÍMSSON
Sýningar 2.100 höfuðstíur
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í ágúst og september

Laugardagur 19. ágúst kl. 20 uppselt
Sunnudagur 20. ágúst kl. 15 örfá sæti laus
Sunnudagur 20. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Föstudagur 25. ágúst kl. 20 örfá sæti laus
Laugardagur 26. ágúst kl. 15 uppselt
Laugardagur 26. ágúst kl. 20 uppselt

Laugardagur 2. sept kl. 20
Sunnudagur 3. sept kl. 15
Sunnudagur 3. sept kl. 20

KVÖLDVERÐARTILBOÐ
Tvíretttaður matur og
leikhúsmiði 4300 - 4800
Pantið miða tímanlega í síma
437 1600 Staðfesta þarf miða
með greiðslu viku fyrir
sýningardag.

120 min

Landsbankinn

Máttarskipti Menningarmatur

Menningarnótt 19. ágúst

KRINGLU
FRÁIN

Sixties
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérréttamatsedill öll kvöld vikunnar

5
LISTAMENN
Í GRÓTTU
www.eiland.is

EI LAND

OPÍÐ:
Í DAG 11.00 - 17.00
Á MORGUN 11.30 - 17.30

EILANDSKAFFI ER OPÍÐ
Á SÝNINGARTÍMUM

SJÓVÁ

gránufélagsgata
háhest strákap
eygur gleði kát
nikado gæska

AKUREYRI MED BERNSKUM AUGUM Stella Sigurgeirsdóttir opnar sýningu í Galleríi Boxi í dag.

Brotin sem mynda heild

Myndlistarkonan Stella Sigurgeirsdóttir á indælar en óvanalegar minningar um Akureyrarbæ og í dag opnar hún sýningu í Galleríi Boxi sem hún vinnur úr minningabrotum fortíðarinnar með myndrænum hætti.

„Þessi sýning samanstendur af skiltum og orðum. Á skiltunum eru athafnir úr bernskunni og orðin tengjast veru minni á Akureyri þegar ég var barn,“ útskýrir Stella.

Listakonan er að eigin sögn algjör miðbæjarrotta og því var Akureyrarbær mjög framandi fyrir henni á sínum tíma. „Mér fannst eins og ég væri að koma til útlanda, ég fór í fyrsta skipti ein í flugvél þangað og allir töluðu svo einkennilega íslensku sem ég hélt að væri útlenska. Ég hef líka verið eins og svampur og sogað að mér öll áhrif, þessi orð og umhverfi.“

Úrvinnsluna má síðan sjá á verkum sýningarinnar, sem hefur



LISTAKONAN MED SKILTIN Myndræn úrvinnsla bernskuminninganna.

yfirskriftina „Brot/brot.“ Titillinn vísar ekki aðeins til minningabrotta heldur einnig til stærðfræðinnar, sem er skondið í ljósi þess að í höfuðstað Norðurlands eignaðist Stella sinn fyrsta vasareikni sem er enn í notkun. „Ég hef ekki einu sinni skipt um batterí í

honum ennþá,“ segir hún.

„Það eru einhverjir töfrar á bak við þetta allt saman,“ segir Stella, en bernskan og staðurinn leggjast á eitt við að mynda heillandi minningar. „Maður var barn hér og allt varð svo framandi, stórt og framandi. Orð eins og Amaro, mér fannst það mjög til dæmis útlenskt og framandi orð,“ segir hún hlæjandi.

Stella hefur unnið talsvert mikið með texta og á höfuðborgarsvæðinu gefur að líta fjölmörg frumleg skilti eftir listakonuna, sem mörg eru á óvenjulegum stöðum, til dæmis úti í Reykjavíkurtjörn. „Maður leitar oft í sama miðilinn þótt efnið eða inntakið sé ólíkt,“ segir Stella.

Sýningin „Brot/brot“ er unnin sem innsetning í Galleríi Box í Kaupvangsstræti 10 á Akureyri og verður opnuð kl. 17 í dag en hún stendur til 24. ágúst. Þótt ýmislegt hafi þróast og breyst norðan heilda síðan Stella kom þangað fyrst segir hún að ævintrygjaljómi hvíli enn yfir bænum. „Þessi orð í verkunum eiga ennþá erindi og merkingu í mínu hjarta. Það hverfur ekki.“

kristrun@frettabladid.is

Er Brecht úr móð?

Margt bendir til þess að þýski rithöfundurinn og leikskáldið Bertolt Brecht eigi lítið upp á pallborðið hjá lesendum í heimalandi hans Þýskalandi, en í næstu viku verða fimmtíu ár liðin frá dauða þessa umdeilda manns.

Í þýska tímaritinu Bücher birtist nýlega könnun á lestri verka hans sem benti til þess að aðeins þrjú prósent þeirra þús- und lesenda sem spurðir voru hefðu lesið staf í verkum Brechts á undanförunum árum en heil 42 prósent hefðu annað hvort ekki lesið neitt eftir Brecht eða minnst þess ekki að hafa lesið verk hans. Átta prósent aðspurðra vissu þó að Brecht stofnaði eitt þekkasta leikhús Berlínarborgar, Berliner Ensemble.

Ýmiskonar upptakur eru skipulagðar á meginlandinu til að minnst þessara tímamóta. Spurningin er bara hverjir mæta þá til að minnst skáldsins?

-khh



LEIKSKÁLDIÐ BERTOLT BRECHT
Frægur en lítið lesinn í Þýskalandi.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

8 9 10 11 12 13 14

Föstudagur

■ TÓNLEIKAR

- 12.00 Tónleikar í **Ketilhúsinu** í tilefni af **Listasumri á Akureyri**. **Margot Kiis**, söngkona og **Kjartan Valdimarsson**, pianóleikari, flytja vel þekkt djasslög.
- 17.00 Sænski raftónlistarmaðurinn **Peter Anderson** leikur í verslun **12 Tóna** við **Skólavörðustíg** en hann hefur gefið út ógrynni diska undir nafninu **raison d'être**.
- 21.00 **Kammerhátíð á Klaustri**. **Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir** mezzsópransöngkona, **Víkingur Heiðar Ólafsson** pianóleikari, **Eyjólfur Eyjólfsson** tenórsöngvari, **Stefán Jón Bernharðsson** hornleikari, **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari og **Francisco Javier Jáuregui** gítarleikari, leika og syngja í **félagsheimilinu** á Kirkjubæjarklaustri.

■ OPNANIR

- 17.00 **Stella Sigurgeirsdóttir** myndlistarmaður opnar sýninguna í **Galleríi Boxi** í **Kaupvangsstræti** á Akureyri.

■ SKEMMTANIR

- 20.30 Opnunarhátíð **Hinsegin daga** í Reykjavík fer fram í Loftkastalanum. Fram koma **Ruth & Vigdís** ásamt **Queentastic** frá Osló, **Rósa Guðmundsdóttir** og **Shitting Glitter** frá San Francisco.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



50 þúsund í vasann á mánuði samhliða námi...

...lítið mál

Þú getur sniðið vinnuna samhliða náminu og borið góðar tekjur úr bítum.

Hjá 10-11 bjóðast allt í senn:

- SVEIGJANLEGUR VINNUTÍMI
- SPENNANDI STARFSUMHVERFI
- GÓÐ LAUN
- FRÁBÆR FRÍÐINDI

The logo for 10-11 features the numbers '1011' in a stylized, bold font. The '0' is replaced by a clock face with a hand pointing to approximately 10:10. The numbers are white with a green outline and a slight shadow effect.

Hægt er að sækja um beint á www.10-11.is
Einnig veitir Linda allar uppl. um vinnutíma og fleira í síma 693-0047



MATES OF STATE



THE PIPETTES

> Í SPILARANUM

Mates of State: Bring it Back
Dan Van Dango: Kveðjur að handan
Sunset Rubdown: Shut Up I Am Dreaming
Biggi: ID
Pipettes: We Are the Pipettes

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Hermir eftir Sesari A

Tónlistarmaðurinn Beck Hansen sendir frá sér nýja plötu í byrjun október. Platan hefur fengið nafnið The Information og upptökustjóri hennar er Nigel Godrich sem frægastur er fyrir að vinna með Radiohead. Þetta verður sjöunda breiðskífa Becks, en hann hefur auk þess gefið út tvær plötur hjá óháðum fyrirtækjum og svo endurvinnslu-plötuna Guerolito. Meðal laga á The Information verða Cell Phone's Dead, Think I'm in Love og Nausea. Athygli vekur að kápa plötunnar verður auð en með fylgja límmiðar svo fólk geti skreytt eftir eigin höfði. Þetta minnir óneitanlega á það þegar íslenski rapparinn Sesar A gaf út plötuna Gerðuþaðsjálfur. Plötu Becks fylgir DVD-diskur með myndböndum við öll lögin.



BECK Gefur út nýja plötu í október. Umslag plötunnar verður autt en aðdæundur geta skreytt plötuna sjálfir.



> Plata vikunnar

Sufjan Stevens: The Avalanche „Sufjan Stevens safnar saman á plötu „afgöngum“ sem hann samdi fyrir síðustu plötu en komust ekki alla leið. Niðurstaðan er líklegast með betri plötum sem eiga eftir að koma út á þessu ári.“

-BÖS



PETE DOHERTY Syngur MIKE SKINNER Tekur um dópneyslu sína. upp snilldina.

Óvæntir félagar

Heróinsjúklingurinn Pete Doherty er búinn að stofna nýja hljómsveit með Mike Skinner, heilanum á bak við The Streets. Doherty hefur verið að taka upp í Shed-stúdíóinu hans Skinners í London og útkoman er ný útgáfa af Prangin Out. Það lag verður væntanlega næsta smáskífa The Streets. Þáttur Dohertys í nýrri útgáfu lagsins er talkaflí þar sem hann fer með eigin texta. Og um hvað fjallar texti Dohertys? Jú, auðvitað eiturlýfjaneyslu hans og baráttuna við Bakkus.



ROLLING STONES Enn vinsælir þótt Jagger sé orðinn 63 ára.

Spila fyrir Clinton

The Rolling Stones ætla að leika á einkatónleikum fyrir Bill Clinton þegar forsetinn fyrrverandi fagnar sextugsafmæli sínu. Clinton á afmæli á laugardaginn í næstu viku og meðal áformaðra atburða af því tilefni eru einkatónleikar með Mick Jagger og félagum. Stones eru á tónleikaferðalagi um þessar mundir og tókst meðal annars að eyðileggja fótboltavöllinn í Stuttgart í vikunni. Ekki amalegt hjá hálfsvöðugum mönnum.

Íslandsvinir með nýja plötu

Bandaríska hljómsveitin Ratatat sendir frá sér sína aðra breiðskífu í mánuðinum en hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** kynnti sér sögu sveitarinnar og efni nýju plötunnar.

Dúettinn Ratatat var stofnaður í Brooklyn hverfi New York borgar árið 2001 en meðlimir sveitarinnar, þeir Mike Stroud og Evan Mast, höfðu lengi fyrir það aðhafst ýmislegt í tónlistargeiranum. Meðal annars hefur Stroud spilað og leikið með emo-rokksveitinni Dashbord Confessional. Hljómsveitin hét í upphafi Cherry en seinna var nafninu breytt í Ratatat. Cherry nafnið fékk þó að lifa aðeins lengur og þá sem nafnið á lokalagi fyrstu plötu Ratatat.

Fengu plötusamning hjá XL plötufyrirtækinu

Þó svo að Stroud og Mast hafi verið að skiptast á hugmyndum, hljóðum og tónum í tvö ár byrjuðu hjólin ekki fyrst að snúast fyrr en í lok árs 2003. Þá kom út smáskífan Seventeen Years hjá plötufyrirtæki Mast og bróður hans, Audio Dregs, sem vakti athygli innan tónlistarheimsins og varð til þess að Ratatat skrifaði undir samning hjá plötufyrirtækinu XL Recordings. Þeir hjá XL endurútgáfu Seventeen Years sem síðan hefur



SVALIR Þeir Mike Stroud og Evan Mast, sem skipa sveitinni Ratatat, hafa verið að vekja athygli undanfarin ár fyrir nýstárlegan hljóðheim sveitarinnar.



Á AIRWAVES Ratatat spilaði á ógleymanlegum tónleikum á Nasa í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

ómað á börum og diskótekum víða um heim. Á fyrri hluta ársins 2004 kom síðan loks út fyrsta breiðskífa Ratatat, samnefnd sveitinni.

Hafa hitað upp fyrir Interpol og fleiri

Platan vakti mikla athygli meðal tónlistarmiðla víða um heim og hið skemmtilega samspil gítars og hljóðgervla við sönglausa og afar dillivæna hip-hop takta í anda Daft Punk virtist virka vel innan um diskó-pönk bylgjuna sem þá ríkti. Hljómsveitin vakti ekki bara hrifningu meðal tónlistarpressunnar heldur einnig hjá tónlistarmönnum hvaðanæva af. Fékk Ratatat þá tækifæri til þess að hita upp fyrir ekki ómerkari hljómsveitir en Interpol, Clinic, Franz Ferdinand, Tortoise og The Killers. Íslendingar hafa einmitt fengið að kynna Ratatat á tónleikum en sveitin spilaði á Airwaves hátíðinni í fyrra við mikla gleði áhorfenda, sem gjörsamlega trylltust þegar Seventeen Years var spilað. Ógleymanlegt augnablik.

Ný platan „klassísk“

Eftir tveggja ára bið er loks von á

nýrri plötu frá Ratatat. Hún mun bera nafnið Classics og kemur út þann 22. ágúst næstkomandi. Við fyrstu hlustun virðist platan vera rökrétt framhald fyrstu skífunnar þar sem Mast og Stroud hafa þroskast en ekki tapað sköpunargleðinni. Í nýlegu viðtali sagði Mast að meginmunurinn á plötunum tveimur væri að nú hefðu þeir fengið mun meiri tíma, pláss og tæki til þess að vinna að plötunni. „Litlu hlutirnir eru það sem gerir plötuna að því sem hún er... öðruvísi hljóð, öðruvísi hugmyndir. [...]

Ég held að fólk sem þekki fyrri plötuna eigi eftir að verða hissa.“

Fyrsta smáskífan af nýju plötunni, Wildcat, er nú þegar komin út og það verður að segjast alveg eins og er að þar er á ferð partíslagari af bestu gerð, óvæntur og kraftmikill. Hægt er að hlusta á lagið á síðunni www.myspace.com/ratatatmusic. Síðan er bara að bíða og sjá hvernig viðbrögðin við nýju plötunni verða en fólk má alveg búast við því að sjá og heyra mun meira frá hljómsveitinni Ratatat á komandi misserum.

PLÖTUR RATATAT



Classics (2006)



Ratatat (2004)

Pussycat Dolls of grófar

Stúlknasveitin Pussycat Dolls hefur verið sektuð um fjórtán hundruð pund eða tvö hundruð þúsund krónur af stjórnvöldum í Malasíu. Kisudúkkurnar eru staddir þar í landi á tónleikaferðalagi sínu og voru yfirvöld ekki þar hrifin af „kynferðislegum tilburðum“ þeirra en sveitin þykir ansi djörf í framkomu. Menningarmálaráðherra landsins, Rais Yatim, sagði að tónleikarnir hefðu skartað fáklæddum stúlkum og „lostafullu athæfi“ en slíkt væri ekki við hæfi í Malasíu. „Þetta voru mjög ósiðlegir tónleikar,“ var eftir Yatim í þarlandum fjölmiðlum.

Stjórnvöld í Malasíu hafa lengi haft horn í síðu poppmeningarinnar því árið 2003 var hljómsveitinni Linkin Park bannað að klæð-



ÓSIÐLEGT ATHÆFI Stúlknasveitin Pussycat Dolls gerði allt brjálað í Malasíu og hafa meðlimirnir nú verið sektaðir fyrir kynferðislega tilburði á sviði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ast stuttbuxum á sviði og ári seinna var Mariuh Carey ráðlagt

að hafa klæðnað sinn innan síðsamlegra marka.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**TAKTU BESTA
VIN ÞINN MEÐ
Á 19. HOLUNA**



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI VINURINN

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR SAMBANDSSLITASÖGUM

Sigurvegari sambandsins?

Ekki alls fyrir löngu var ég ásamt fleirum á spjalli við ungan mann sem var nýkominn aftur á markaðinn. Þegar einhver vogaði sér loks að spyrja hann út í það varð hann hálfvandráðalegur. Einhvern veginn er það þannig að fólk vill helst ekki tala um sambandsslit, eins og því finnst nú gaman að tala um allt í smáatriðum þegar það er að byrja að vera saman. Það er yfirleitt eins og það sé að viðurkenna að því hafi ekki tekist ætlunarverkt sitt eða ekki náð settu marki. Hvað sem öðru líður þá varð hann eiginlega eins og kjáni og sagði okkur að þetta hefði bara ekki gengið upp og þau hefðu ákveðið í sameiningu að hætta saman en bætti svo við: en sko nota bene þá hætti hún ekki með mér heldur við bæði! Fyrir mér þýddi þessi setning: hún hætti með mér,

ég er ekki að meika höfnunina og ég ætla ekki að segja neinum að mér hafi verið dömpað!

Flestir ef ekki allir þekkja það að hætta saman. Sumir þekkja aðeins það að hætta með hinum og sumir þekkja bara það að vera sagt upp. En það virðist þó vera þannig að fólk finnst miserfitt að takast á við höfnun og það að þurfa að hafna einhverjum.

Staðreyndin er sú að við sambandsslit eru það yfirleitt báðir aðilar sem verða til þess að sambandið endar. Spurningin er frekar hvor lætur verða af því að taka skrefið. Þá vill það oft verða þannig að annar aðilinn verður undir og um leið og höfnunin skellur á vill sá hinn sami ekker frekar en að vera saman. Þó aðeins vagna þess að uppsögnin er erfiðari en að

halda áfram að vera saman. Þetta er svo kjánalegt. Það er ekkert niðurlægjandi að vera sagt upp, það eiga ekki allir vel saman og það er mjög jákvætt ef fólk áttar sig á því.

Ég hef meira að segja orðið vitni að því að fólk ljúgi til um hvað gerðist í raun og veru. Ég þekki eina sem sagði öllum að hún hefði hætt með kærastanum þegar það var eiginlega alvitað að hann hætti með henni. Hann gortaði reyndar af því að hafa hætt með henni og sagði öllum að hann væri sigurvegari. Það er náttúrulega út í hött. Svo eru iðulega

tvær ef ekki þrjár sögur af hverjum sambandsslitum; sagan hans, sagan hennar og svo það sem gerðist í raun og veru sem er yfirleitt nokkuð ólíkt báðum hinum sögunum. Ofan á þetta bætist jafnan kjäftasagan, því sumir geta ekki lífað án slúðurs og þess að smjatta á óförum annarra til að þeim líði sjálfum betur.

Svo er reyndar önnur týpan sem nýtur þess að segja frá og láta umheiminn vita hvað hinn aðilinn var mikill skítalabbi og ómögulegur. Það er yfirleitt aldrei alveg rétt þó eitthvað sé til í því. En allavega, það má ekki gleyma því að sitt sýnist hverjum og hver hefur sinn háttinn á!



Magni til Las Vegas

Atkvæðabáttur í Rock Star: Supernova fór fram í fyrrinótt og ótvíræður sigurvegari kvöldins var Magni „okkar“ Ásgeirsson. Hljómsveitar meðlimir Supernova voru svo hrifnir af flutningi Magna kvöldið áður að þeir báðu hann um að flytja lag sitt aftur, en það var rokkslagarinn The Dolphin's Cry með Live. Er þetta í fyrsta skipti sem þátttakandi er meðinn um endurflutning. Þátturinn var enn fremur sögulegur fyrir þær sakir að tveir voru sendir heim en það voru þau Jill og Josh sem urðu að pakka niður.

Þeir átta keppendur sem eftir eru fengu enn og aftur óvæntan glaðning því í vikunni fljúga þau með einkabotu til Las Vegas þar sem þau fá að sjá tónleikastað Supernova en ráðgert er að sveitin haldi þar tónleika með nýjum söngvara um áramótin. Að sjálfsögðu verður síðan boðið í teiti enda er Las Vegas borgin þar sem skemmtanasjúkir geta notið sín að fullu.



MAGNI Fór á kostum í síðasta Rock Star-þætti og fékk að flytja upplappslagið í annað skiptið.



FYRRVERANDI PARIÐ Carmen Electra og Dave Navarro ganga í gegnum skilnað um þessar mundir en hann hefur nú fundið ástina hjá klámmyndastórstjórnnu Jennu Jameson.

Navarro í klámið

Rokkarinn og yfirdómari í sjónvarpsþættinum vinsæla Rock Star, Dave Navarro, er byrjaður með klámmyndastjórnnu frægu Jennu Jameson. Skötuhrjúin eiga það sameiginlegt að vera að ganga í gegnum skilnaði en Navarro var giftur Carmen Electra og Jameson var gift útgefandanum Jay Gardina. Þau munu vera mjög hamingjusom og Jameson er búin að breyta Myspace síðunni sinni og segist vera í sambandi í stað þess að vera á lausu. Einnig er hún búin að flytjast búferlum til Los Angeles til að vera nær Navarro.



Fæddir til að þóknast konum

Chippendales-dansflokkurinn er væntanlegur til Íslands og kemur fram á Broadway eftir viku. **Alfrún Pálsdóttir** átti gott spjall við Steve Kaders, einn reyndasta danssveininn.

„Þetta er besta vinna í heiminum,“ segir Stevie Kaders, einn af dönsurunum úr danssveitinni víðsfrægu, Chippendales. Kaders hefur verið í sveitinni í ein tíu ár eða síðan hann var 22 ára gamall. „Ég var að vinna sem hermaður og rakst á auglýsingu í blaði þar sem verið var að leita að karlmönnum sem gætu dansað og sungið. Ég meina hvaða karlmaður getur það ekki?“, segir Kaders hlæjandi spurður um af hverju hann leiddist út í þennan skemmtanabransa. Hann segist ávallt hafa haft mjög gaman af því að dansa og fór því frá hernum og gerðist strippdansari fyrir danshópinn Chippendales.

Chippendales er nafn sem margir kannast við en ekki margir hafa séð sýningu strippflokksins. Núna fá íslenskar konur loksins að berja strákana augum því hópurinn er á leiðinni til landsins og stígur á stökk föstudaginn 18. ágúst á Broadway.

Chippendales-dansflokkurinn hefur verið til síðan árið 1979 og heldur því upp á 27 ára starfsfærni sitt á þessu ári. Fyrsta sýningin var sett upp árið 1983 í New York og vakti þá mikla athygli fyrir djarfa framsetningu og það kom í ljós að konur hreinlega elskuðu að horfa á vöðvastæltu stráka fækka fötum. Síðan þá hefur sýningin verið á toppnum í skemmtanabransanum og er ein langlífasta sýningin í bransanum í dag.

Stevie Kaders segir að það sé ekki auðvelt að komast inn í danssveitina og ekki séu oft gerðar breytingar á hópnum. Skilmálarinn til að komast inn eru að kunna að dansa, syngja og síðast en ekki síst að elska konur. Mikið er lagt upp úr því og er virðing gagnvart konum mjög mikil. „Við strákarnir eigum það sameiginlegt að elska allt það sem konur hafa upp á að bjóða. Okkur finnst þær klárari en karlmenn og þær eru ástæðan fyrir því að við erum til. Konur fæddu okkur inn í þennan heim og

þetta er okkar þakkarvottur til þeirra,“ segir Kaders af mikilli innlifun. Hann ber þess greinileg merki að hafa verið lengi í þessum bransa og eru öll svör hans vandlega úthugsuð, stundum eins og þau séu fyrirfram ákveðin.

Alls eru strákarnir 22 talsins og mikil stemning er innan hópsins. „Við verðum að vera góðir vinir enda erum við saman upp á dag við æfingar og á ferðalögum.“ Strákarnir fara í um 200 ferðir á ári um heiminn og telur Kaders það vera einn af mörgum kostum við starfið. Hann viðurkennir þó að starfið sé ekki fyrir hvern sem er og að maður verður að vera tilbúinn til að fórna miklu til að geta tileinkað sér þennan lífsstíl sem tilheyrir því að vera Chippendales-strákur. „Við verðum að vera í góðu formi sem tekur náttúrulega tímann sinn og svo öll ferðalögin. Venjulegt fjölskyldulíf passar ekki alveg inn í þennan ramma,“ segir Kaders.

Chippendales leyfa áhorfendum að taka þátt í sýningunni með sér og stundum eru konurnar teknar upp á svið. Kaders segir að viðbrögð kvenna séu rosaleg. Þær æpa, öskra og sumar eru alveg trylltar þegar þeir stíga á svið. Aldurshópurinn sem sækir sýninguna er mjög breiður eða allt frá 18-80 ára og þess má geta að hin virðulega forsetafrú Laura Bush sá sýninguna og bar strákunum vel söguna. „Við höfum lent í því að átræðar konur hafi farið úr að ofan í miðri sýningu og þá er erfitt að halda andliti en þetta er svo gaman. Okkur finnst við vera að leyfa konum að flippa út og gleyma öllum áhyggjum í



STEVIE KADERS Þessi vöðvastælti karlmaður hlakkar til að berja land og þjóð augum og langar mest til að sjá vikingaskip í ferðinni.

rúma tvo tíma. Ég get lofað íslenskum konum ógleymanlegri reynslu á sýningunni okkar.“ Síðast en ekki síst var Kaders spurður að því sem brennur á vörum

allra kvenna, hvort vöðvastæltu strákarnir standi að lokinni sýningu á adamsklæðunum einum? „Nei það gerum við ekki, við höldum g-strengnum.“ ■



DANSFLOKKURINN Það er ekki amalegt að sjá þessa karlmenn bregða sér í alls kyns líki og fækka fötum.

NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT!



VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



Nýtt í bíó

SVALASTA SPENNUMYND SUMARSINS

FRÁ MICHAEL MANN LEIKSTJÓRA "COLLATERAL" OG "HEAT"

COLIN FARRELL JAMIE FOXX

MIAMI VICE

16

THE SENTINEL

16

PRAIRIE HOME COMPANION

OVER THE HEDGE

CLICK

SILENT HILL

STICK IT

50.000 MÍNINS

SÍÐUSTU SÝNGAR

DA VINCI CODE

ÓVISSUBÍÓ Í REGNBOGANUM Í KVÖLD KL. 8 AÐEIN ÞESSARA MYNDA SÝND

DEVIL PRADA

THE SENTINEL

ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR

SNAKES ON A PLANE

THE LITTLE MAN

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

MIAMI VICE	kl. 5, 8 og 10.50 B.L. 16 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 10.50
THE SENTINEL	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 14 ÁRA
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR	ISL. TAL. kl. 4 og 6
SILENT HILL	kl. 10 B.L. 16 ÁRA
OVER THE HEDGE	ISL. TAL. kl. 4 og 6
OVER THE HEDGE	ENSKT TAL. kl. 4 og 8
STICK IT	kl. 8 og 10.20

400 kr. í bíó!

Dolby

THX

BÍÓJS – allt á einum stað

LAUGARÁS BÍÓ bara lúxus

Sími 553 2075

JAMIE FOXX COLIN FARRELL

MIAMI VICE

FRÁ MICHAEL MANN LEIKSTJÓRA "COLLATERAL" OG "HEAT"

SVALASTA SPENNUMYND SUMARSINS

16

Sýnd kl. 4 og 6 ISL. TAL.

ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR

Sýnd kl. 4, 7 og 10-POWER B.L. 16

STORMBREAKER

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

THE SENTINEL

Sýnd kl. 8 og 10.15 B.L. 14

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Samkvæmt dálkahöfundinum Roger Friedman hjá Fox News mun Disney - fyrirtækið vera hætt við að dreifa nýjustu kvikmynd Mels Gibson, Apocalypto, og býður öðrum dreifingarfyrirtækjum hana til sölu. Er ástæðan sögð sú að fyrirtækið vill ekki tengja sig við Gibson

vegna niðrandi ummæla leikarans um gyðinga sem hann lét falla þegar hann var handtekinn vegna gruns um ölvunarakstur. Samkvæmt Friedman er Lions Gate talið líklegast til hreppa myndina en fyrirtækið hefur haft undir verndarvæng sínum kvikmyndir á borð við Fahrenheit 9/11 sem enginn vildi hafa á sínum snærum.

Arnold Schwarzenegger hefur fengið mótframboð fyrir næstu ríkisstjóra-

kosningar í Kaliforníu sem fram fara í nóvember. Sú sem hyggst velta hasarmyndastjórnunni úr sessi er klámmyndastjarnan Mary Carey, en hún er fræg fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Boobsville Sorority Girls. Carey bauð sig líka fram árið 2003 en hefur nú breytt mynd sinni og meðal annars látið lita hárið á sér brúnt. „Dökkhærðar stelpur eru líklegri til að vera

teknar alvarlega,” sagði Carey sem auk þess hefur breytt fatastílnum. Þó að hún hafi ekki fengið nægilega margar undirskriftir er Carey sannfærð um að hún muni vinna hylli karlpeningsins með slagorðinu „loksins er kominn stjórnmalamaður sem þú vilt að fari illa með þig“.

Leikkonan blíðlega, Gwyneth Paltrow, segist vera ökufantur af verstu gerð og óttast um



öryggi annarra ökumanna. Paltrow, sem hlaut Óskarinn fyrir leik sinn í Shakespeare in Love, hætti að reykja fyrir margt löngu en á í meiri erfiðleikum með að hemja skap sitt í umferðinni. „Ég þoli varla aðra ökumenn,” sagði Paltrow. „Er eins og brjáláður ökumaður í New York,” bætti hún við. „Þegar ég er úti að keyra hrópa ég nánast undantekningarlaust ókvæðsorð að þeim og ligg á flautunni,” útskýrir Paltrow.

JAMIE FOXX COLIN FARRELL

MIAMI VICE

FRÁ MICHAEL MANN LEIKSTJÓRA "COLLATERAL" OG "HEAT"

SVALASTA MYND SUMARSINS

A UNIVERSAL PICTURE

EGO

ÖDYRT BENSÍN

EINFALT GOTT ÖDYRT

KÍKTU Á KVITTUNINA

Ödyrt eldsneyti + ávinningur!

ÞÚ GÆTIR UNNID MÍÐA Á SPENNUMYNDINA

MIAMI VICE

KOMIN Í BÍÓ

ALTARAKKA SAMBÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

Borgarbíó

SMÁRA BÍÓ

SAMBÍÓIN

FRA MICHAEL MANN LEIKSTJORA "COLLATERAL" OG "HEAT"

SVALASTA MYND SUMARSINS.

COLIN FARRELL JAMIE FOXX

MIAMI VICE 16

OVER THE HEDGE 1

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 12

THE LONG WEEKEND 14

THE BREAKUP 16

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 12

HALF LIGHT 16

THE BREAKUP 16

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 12

OVER THE HEDGE 1

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 12

MIAMI VICE 16

MIAMI VICE VIP 16

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 12

THE LONG WEEKEND 14

OVER THE HEDGE 1

OVER THE HEDGE 1

SUPERMAN RETURNS 10

BÍLAR 1

ÁLFABAKKA

MIAMI VICE KL. 5-8-11 B.I. 16

MIAMI VICE VIP KL. 2-5-8-11

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2-5-7-8-10-11 B.I. 12

THE LONG WEEKEND KL. 6:15-8:15-10:30 B.I. 14

OVER THE HEDGE ísl. tal KL. 2-3-4 LEYFÐ

OVER THE HEDGE enskt. tal KL. 11 LEYFÐ

SUPERMAN RETURNS KL. 2-5-8 B.I. 10

BÍLAR ísl. tal KL. 1:45-4 LEYFÐ

KRINGLUNNI

MIAMI VICE KL. 5-8-10:45 B.I. 16

*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 5-8-11 B.I. 12

THE LONG WEEKEND KL. 8-10-11:50 B.I. 14

*OVER THE HEDGE ísl. tal KL. 4 LEYFÐ

*OVER THE HEDGE enskt. tal KL. 6 LEYFÐ

KEFLAVÍK

MIAMI VICE KL. 5-8-11 B.I. 16

ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ísl. tal KL. 6 LEYFÐ

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 8-11 B.I. 12

AKUREYRI

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 6-9 B.I. 12

OVER THE HEDGE ísl. tal KL. 6 LEYFÐ

THE LONG WEEKEND KL. 8-10 B.I. 14

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

www.sambioin.is

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

Hirðlögfræðingar handa McCartney og Mills

Sir Paul McCartney og laföi Heather Mills hafa ráðið til sín bestu skilnaðarlögfræðinga Bretlands. McCartney hefur fengið Fionu Shackleton sem Karl Bretaprins réð þegar hann skildi við Díönu prinsessu og Mills hefur fengið til liðs við sig lögfræðinginn Anthony Julius en hann sá um mál Díönu prinsessu. Þykir því nokkuð ljóst að hvorugt þeirra ætli að gefa nokkuð eftir og má reikna með erfiðum skilnaði þegar öll kurl verða komin til grafar.



KARL OG DÍANA Þau Fiona Shackleton og Anthony Julius voru lögfræðingar þeirra Karls Bretaprins og Díönu prinsessu þegar þau skildu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



MCCARTNEY OG MILLS Skilnaður þeirra gæti orðið sá dýrasti í sögu Bretlands.

Þegar McCartney og Mills gengu í hjónaband gerðu þau engan kaupmála og bendir allt til þess að Mills muni krefjast ansi hárra upphæða frá bítlinum fyrrverandi en hann er talinn eiga eignir upp á 800 milljónir punda eða rúmlega hundrað milljarða íslenskra króna. Hjónin tilkynntu skilnaðinn í maí síðastliðnum og sögðu ástæðuna meðal annars vera hnýsni fjölmiðla í einkalíf þeirra. Þau sögðust þó enn ætla að vera vinir en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og kom Heather Mills meðal annars að lokuðum dyrum í vikunni þegar hún hugðist sækja fund á heimili McCartneys í London.

Robin Williams í meðferð

Robin Williams hefur skráð sjálfan sig í meðferð við áfengisfíkn eftir að hafa verið edrú í tuttugu ár. Samkvæmt yfirlýsingu talsmanns leikarans, Mara Buxbaum, vildi Williams sjálfur fara þessa leið eftir að hafa byrjað aftur að daðra við Bakkus fyrir skömmu. „Hann tekur þessa ákvörðun einn og óstuddur til þess að honum og fjölskyldu hans líði betur,“ segir í yfirlýsingunni.

Williams er af mörgum talinn

vera einn fremsti leikari Hollywood og fékk meðal annars Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í Good Will Hunting árið 1997. Hann leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Man of the Year en það er nýjasta mynd Barry Levinson. „Williams hlakkar til að koma aftur og aðstoða við kynningu nýjustu verka sinna.“

WILLIAMS Hefur skráð sig í meðferð við áfengisfíkn eftir að hafa verið edrú í tuttugu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Fá að hitta Suri

Hjónakornin Victoria og David Beckham eru í sjöunda himni eftir að hafa fengið boð frá leikaranum Tom Cruise um að hitta nýfædda dóttur hans, Suri. Stúlkan sú er orðin fjögurra mánaða gömul og hefur einungis fáum útvöldum verið boðið að berja barnið augum. Ástæður þessa eru strangar reglur Vísindakirkjunnar um barna-umgegni, en eins og kunnugt er fylgja Tom Cruise og konan hans, Katie Holmes, reglunum út í ystu æsar.



BECKHAM-HJÓNIN Strangar reglur fylgja því að heimsækja nýfædda dóttur Tom Cruise.

Beckham-hjónunum eru þó settar strangar reglur um hvernig þau megi haga sér í kringum barnið og segja heimildarmenn sem þekkja til hjónanna að þeim hafi brugðið við þegar skilmálarnir voru kynntir fyrir þeim. Þau mega ekki taka með sér nein tæki til

myndatöku, þau mega ekki snerta Suri og alls ekki kjá framan í hana eða tala við hana barnamál.

Herma fréttir að Victoria kvíði sérstaklega fyrir síðastnefndu skilyrði, enda er hún mikil barnakona og að renna fyrir fjórða barninu.

ÓVISSUBÍÓ

Í Regnboganum kl. 8 fös., lau. & sun.

TOPPMYNDIN Í USA

DEVIL PRADA

THE MATRIX

LITTLE MAN

REGNBOGINN

Vertu fyrst(ur) til að sjá einhverja af þessum frábæru myndum. Sama mynd ekki sýnd tvisvar.



Besti árangur Björns

Hlauparinn Björn Margeirsson úr FH náði í gær sínum besta árangri frá upphafi í 800 metra hlaupi karla á Evrópumeistaramótinu í frjálsíþróttum sem fer fram í Gautaborg þessa dagana. Björn komst þó ekki áfram úr sínum riðli þar sem hann varð í sjöunda og síðasta sæti. Tími hans var 1:49,91 mín.

sport
sport@frettabladid.is

GRÉTAR ÓLAFUR HJARTARSON: NÁÐI LOKSINS AÐ SIGRAST Á MARKAÞURÐINI Á MIÐVIKUDAG

Maður er dæmdur af mörkunum

„Ég get ekki neitað því að tilfinningin var ansi ljúf að sjá boltann loksins í netinu. Það er að sjálfsögðu mikill léttir að ná að skora eftir svona mikla markaðurró. Þetta var farið að leggjast rosalega þungt á mann en vonandi liggur leiðin bara upp á við núna,“ sagði sóknar- maðurinn Grétar Hjartarson hjá KR en hann skoraði loksins á miðvikudagskvöldið en fyrir það mark hafði hann ekki skorað síðan 6. júní eða í rúma tvo mánuði. Grétar jafnaði metinn fyrir KR í 1-1 gegn Keflavík í Landsbankadeildinni en úrslitin urðu 2-2 eftir að KR-ingar höfðu náð forystunni. „Mér fannst þetta ágætis leikur og á heildina lítið voru þetta sanngjörn úrslit. Það



var samt ansi súrt að ná ekki sigri fyrst við vorum með forystuna þegar það var svona lítið eftir af leiknum,“ sagði Grétar, sem er þekktur markaskorari. Hann var til dæmis markakóngur með Grindavík í efstu deild árið 2002. Þrátt fyrir að Grétar hafi þjáðst af markaðurró á þessu tímabili hefur Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sýnt honum traust enda hefur Grétar verið að spila vel og náð vel saman með Björgólfi Takefusa í sókninni. „Þetta er nokkuð furðulegt, því að mér

finnst þetta hafa verið eitt af mínum betri tímabilum. Mér finnst ég hafa verið að spila bara mjög vel í sumar fyrir utan markaskorun, en maður er víst dæmdur af mörkunum. Ég og Björgólfur erum að ná vel saman í fremstu víglínu og mér finnst eins og ég hafi verið að spila með honum í mörg ár.“ Fyrir markið á miðvikudag hafði Grétar misnotað ótrúlegustu færi, sem er ekki venja að sjá frá honum. Eftirminnlegt er til dæmis færið í leik gegn Íslandsmeisturum FH. „Maður hugsaði mikið um þetta, margir voru að hringja í mig til að hughreysta og svona. Á endanum náði ég svo að ýta þessu frá mér,“ sagði Grétar Hjartarson, sem skoraði hefur þrjú mörk í Landsbankadeildinni í sumar.

> Brynjar dregur sig úr hóp

Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading, hefur neyðst til að draga sig út úr landsliðshópi Íslands sem mætur Spánverjum í vináttu- landsleik næstkomandi þriðjudag. Eyjólfur Sverrisson landsliðs- þjálfari hefur í stað hans kallað á Hjálmar Jónsson, leikmann IFK Gautaborgar í Svíþjóð. Ísland mun leika í glænýjum búningum frá Errea í leiknum og verða Íslendingar albláir. Samkvæmt heimasíðu KSÍ gengur miðasala vel en hægt er að nálgast miða á heimasíðunni mid.is og einnig í verslunum BT og Skifunnar.



Stefnan sett á efri hlutann

Mynd er að komast á leikmannamál hjá Íslandsmeisturum ÍBV í handbolta kvenna. Margar breytingar hafa orðið á leikmannahópnum á stuttum tíma.

HANDBOLTI Kvennalið ÍBV sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum á síðasta leiktímabili hefur misst nánast allt byrjunarlið sitt frá síðasta vetri. Um tíma var óvíst hvort hægt væri að tefla fram kvennaliði í Vestmannaeyjum en nú er farið að birta til. „Staðan núna er alveg ágæt og það er að koma mynd á þetta. Við setjum stefnuna á að vera fyrir ofan miðju á næsta tímabili og vera með samkeppnishæft lið fyrir efstu liðin,“ sagði Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV.

Í gær var tilkynnt að Renata Horvath mun leika með ÍBV næsta vetur en hún er hætt við að fara í ungverska liðið Vac. ÍBV hefur einnig gengið frá samningum við 26 ára tékkneska landsliðskonu sem spilar sem línumaður og heitir Pavla Nevarilová en hún kemur frá Sport Slokov sem er meistari í Tékklandi. Þá hefur liðið einnig fengið rúmenska skyttu, Valentinu Radu, eins og við greindum frá í gær.

„Ég hef mikla trú á þessum nýju leikmönnum og held að þær séu öflugar, þessar stelpur eiga vonandi eftir að reynast okkur vel. Það eru rosalega fáar innlendar stelpur sem vilja koma hingað og spila. En þetta skiptir ekki máli fyrir okkur, ég sé engan mun á því hvort þær komi að utan eða séu íslenskar. Svo lengi sem þær eru til í að spila undir merki ÍBV og leggja sig fram fyrir liðið þá eru þær Eyjastelpur, hvort sem þær koma frá Kína eða Suður-Afríku,“ sagði Hlynur. Einar Jónsson mun þjálfra kvennalið ÍBV næsta tímabil.

„Við erum ennþá með þessar ungu stelpur sem voru á bekknum



GJÖRBREYTT LIÐ Hér má sjá mynd af þeim leikmönnum ÍBV sem urðu Íslandsmeistarar síðasta tímabil en þær eru nú flestar hornfarn á braut. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

hjá okkur en höfum misst einhverjar sex til sjö stelpur frá síðasta tímabili. Þannig að við erum núna að fá leikmenn til að styrkja byrjunarliðið hjá okkur.“ Fyrir stuttu var haldinn fundur fyrir áhugafólk um framtíð handboltans í Vestmannaeyjum þar sem leitað var að fólki til að starfa kringum meistaraflokka ÍBV á komandi tímabili.

„Það gekk ekki nægilega vel. Þjóðfélagið er að breytast og félagsstörfum fer fækkandi í landinu. Það er erfitt að fá fólk til að starfa í sjálfböðavinnu í kringum íþróttastarfsemi. Þetta fer minnkandi með hverju árinu, það er auðvelt að fá foreldra til að starfa

kringum yngri flokka en þegar kemur að eldri flokkum er það erfiðara,“ sagði Hlynur, sem hefur unnið hörðum höndum að því að halda uppi handbolta í Vestmannaeyjum en ætlar að segja þetta gott eftir komandi tímabil.

„Ég er búinn með minn kvóta og ég vil ekkert hugsa út í það hvað gerist þegar ég hætti. Ég ætla bara að gera mitt besta næsta árið ásamt Viktori sem er með mér í þessu. Stefnan er að koma karlaliðinu upp og vonandi enda stelpurnar í efri hlutanum, svo verður fjárhagurinn vonandi í þokkalegu lagi en þetta er þungur róður,“ sagði Hlynur Sigmarsson. elvargeir@frettabladid.is



GRETA MJÖLL Skoraði tvö mörk í gær.

Blikastúlkur í stuði:

Komust áfram í Evrópukeppni

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Breiðabliks í knattspyrnu kvenna lögðu austurríska liðið Neulengbach, 3-0, í undankeppni Evrópumóts félagsliða í gær. Blikastúlkur hafa þar með tryggt sér farseðil í aðra umferð keppinnar sem fram fer 12. 17. september.

Hin magnaða Greta Mjöll Samúelsdóttir kom Blikum á bragðið á 37. mínútu og Erna Björk Sigurðardóttir bætti öðru marki við rétt fyrir leikhlé. Greta Mjöll skoraði síðan sitt annað mark á 50. mínútu og gulltryggni fráberan sigur Breiðabliks. - hbg

Veigar Páll vinsæll:

Sýnir brögð með ávöxtum

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson er í viðtali í aukablaði norska dagblaðsins Dagbladet, sem heitir Sport Magasinet og kemur út á föstudaginn. Þar er hann í löngu viðtali og á heimasíðu blaðsins, dagbladet.no, má sjá myndskjöð þar sem Veigar sýnir ýmis brögð, meðal annars heldur hann epli og mandarínu á lofti eins og um fótbolta væri að ræða - meira að segja tyggjó líka. - esá



5-0



Vikingur

ÍBV

Víkingsvöllur, áhorf.: 487

Kristinn Jakobsson (8)

Allt við það sama hjá ÍBV þrátt fyrir nýjan þjálfara:

Eyjamönnum pakkað saman í Víkinni

FÓTBOLTI ÍBV mætti til leiks gegn Víkingi með nýjan þjálfara en Heimir Hallgrímsson tók við skömmu fyrir Þjóðhátíð af Guðlaugi Balduressyni sem sagði starfi sínu lausu. Þjálfaraskiptin breyttu engu því Eyjamenn sneru tómhentir heim eftir tap, 5-0.

Eyjamenn hafa oft átt erfitt uppdráttar í fyrsta leik sínum eftir Þjóðhátíð en þjálfaraskiptin virtust hafa góð áhrif á Eyjapeyjana því þeir byrjuðu leikinn mun betur og sóttu nokkuð grimmt að marki Víkings í upphafi leiks.

Mikilvægi leiksins leyndi sér ekki enda léku bæði lið frekar fast en Eyjamenn þó mun fastar. Skilaboðin voru skýr frá ÍBV, það átti ekki að gefa einn einasta bolta í leiknum.

Víkingar hristu fljótt af sér slenið og tóku leikinn í sínar hendur, byggðu upp nokkrar ágætis sóknir sem voru flestar

stöðvaðar með broti. Lítið kom upp úr föstu leiktatriðunum í kjölfarið. Eyjamenn áttu bestu færi hálfleiksins en Ingvar Kale, markvörður Víkings, stóð vaktina vel og sá við Eyjamönnum í hvert skipti.

Lokamínútur fyrri hálfleiksins voru dýrar fyrir Eyjamenn því Arnar Jón kom Víkingi yfir mínútu fyrir hlé eftir sendingu Víktors Bjarka en markið kom upp úr laglegri skyndisókn og var nokkuð gegn gangi leiksins. Í uppbótartíma fyrri hálfleiks bætti Grétar Sigfinnur við marki með skalla eftir hornspyrnu Arnars Jóns.

2-0 fyrir heimamenn sem voru í vænlegri stöðu en mörkin voru sem blaut tuska í andlit gestanna, sem höfðu leikið betur í hálfleiknum án þess að uppskera nokkurn skapaðan hlut.

Síðari hálfleikurinn byrjaði ekki vel hjá ÍBV því eftir aðeins fjórar mínútur átti Andrew Mwe-

sigwa skelfilega sendingu til baka sem fór beint á Víkinginn Viktor Bjarka. Hann þakkaði pent fyrir sig með því að skora laglegt mark með skoti frá vítateigslínu.

Víkingar fullkomnuðu síðan martröð Eyjamanna þrem mínútum síðar með enn einu laglega upphlaupinu. Arnar Jón átti eina af mörgum fínum sendingum sínum í leiknum sem rataði beint á kollinn á Viktori Bjarka sem skoraði auðveldlega. Grétar bætti svo við í lokin. Sanngjarn sigur staðreynd. Arnar Jón fór á kostum, skoraði, lagði upp mörk og var sífellt ógnandi rétt eins og Viktor Bjarki. Höskuldur var góður í vörninni og Ingvar mjög öruggur á milli stanganna.

Um lið ÍBV er aðeins það að segja að fæst orð bera minnsta ábyrgð. Þeir fara lóðrétt niður ef þeir fara ekki að girða sig í brok en útlitið er orðið ansi dökkt.

- hbg

VÍKINGUR 4-4-2	ÍBV 4-5-1		
Ingvar Kale	8	Hrafn Davíðs	3
Höskuldur Eir	8	Matt Garner	4
Milos Glogovac	7	Páll Hjarðar	3
Grétar Sigfinnur	8	Andrew Mwesigwa	6
Rodney Perry	5	Mark Schulte	6
(60., Þorvaldur)	5	(57., Bjarni Geir)	4
Jökull Elisabetars	7	Jonah Long	5
(20., Halldór Jón)	5	Andri Ólafsson	4
Jón Guðbrands	6	(61., Henriksen)	4
*Arnar Jón	8	Atti Jóhannsson	4
Víktor Bjarki	8	Bjarni Hólm	4
Daniel Hjaltason	5	Ulrik Dröst	4
(26., Davíð Þór)	-	(24., Ingi Rafn)	-
Hörður Bjarnason	5	Sævar Eyjólfsson	6

*Maður leiksins



LANDSBANKAÐEILDIN



Hverjir fara á Formúlu 1 í Tyrklandi?



Mark Webber

Í DAG KL. 12 FER FRAM PIT-STOP KEPPNI Í VETRARGARÐI SMÁRALINDAR

Þar gefst sex íslenskum liðum tækifæri á að keppa í PIT-STOP leik í Hagkaupa og RÚV.

Mark Webber hjá Williams mætir á staðinn og keppt er í að skipta um dekk á bíl hans.

Í Hagkaupum Smáralind, raftækjadeild kl. 10:30 mun Mark Webber keppa við 5 íslenska ofurhuga í PlayStation Formúlu 1 2006, sem nú er kominn í verslanir Hagkaupa.


WILLIAMS F1 TEAM

Nánari upplýsingar:
www.ruv.is/f1



SJÓNVARPIÐ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



0-1 **Matthías Guðmundsson** (29.)
1-1 **Bjarni Guðjónsson** (54.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-13 (3-5)
Varin skot	Bjarki 4 - Kjartan 2
Horn	4-6
Aukaspjurnar fengnar	15-16
Rangstöður	3-5

ÍA 4-4-2	VALUR 4-4-2
Bjarki Freyr 6	Kjartan Sturlu 7
Kári Steinn 6	Steinþór Gísla 7
Heimir Finars 6	Barry Smith 6
Árni Thor 5	Atli Sveinn 7
Guðjón Heiðar 7	Birkir Már 6
Ellert Jón (78., Andri -)	Matthías Guðm. 7
Pálmi Haralds 5	Sigurbjörn Örn 5
* Bjarni Guðjóns. 7	Pálmi Rafn 7
Halþór Eðgir 6	(81., Þorvaldur -)
Bjarki Gunnlaugs 7	Guðmundur Ben. 6
(81., Jón -)	(75., Baldur -)
Arnar Gunnlaugs 6	Garðar Lóh. 7

*Maður leiksins




1-0 **Tryggvi Guðmundsson** (7.)
1-1 **Daði Lárusson**, sjm. (15.)
2-1 **Tryggvi Guðmundsson** (25.)
2-2 **Páll Einarsson** (60.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-7 (8-6)
Varin skot	Daði 4 - Fjalal 6
Horn	6-5
Aukaspjurnar fengnar	15-9
Rangstöður	1-2

FH 4-3-3	FYLKIR 4-4-2
Daði Lárusson 4	Fjalal 5
Guðmundur Sæ. 5	Arnar Þór 5
Tommy Nielsen 5	Guðni Rúnar 6
Ármann Smári 6	Ragnar Sig. 5
Hermann Alberts 5	Þórir Hannes 5
(33., Baldur Bett 5)	Eyjólfur Héðins 7
Sigurvin Ólaf. 7	Páll Einarsson 6
Dennis Siim 6	Ólafur Stígsson 5
Ásgeir Gunnar 5	(70., Jón Björgvin 5)
Ólafur Páll 6	Peter Gravesen 5
(80., Matthías -)	(29., Sævar Þór 6)
* Tryggvi Guðm. 8	Christiansen 5
Andre Lindbæk 5	Albert Ingason 5

*Maður leiksins



1-0 **Jóhann Þórhallsson** (21.)
2-0 **Óli Stefán Flóventsson** (53.)
2-1 **Marel Baldvinsson**, víti (70.)
3-1 **Óskar Örn Hauksson** (75.)
3-2 **Marel Baldvinsson**, víti (80.)
4-2 **Óskar Örn Hauksson** (87.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-12 (8-6)
Varin skot	Helgi 4 - Hjörvar 4
Horn	6-6
Aukaspjurnar fengnar	10-13
Rangstöður	1-5

GRINDA. 4-5-1	BREIÐAB. 4-4-2
Helgi Már 5	Hjörvar Hafliða 4
Kristján Vald. 7	Árni Kristinn 3
(76., Guðm. Andri -)	Kári Ársæls 5
Davíð Hannah 8	Srdjan GASIC 5
Óðinn Árna 6	Arnór Sveinn 4
Paul McShane 7	Zivanovic 6
Orri Freyr 6	Arnar Grétars. 7
(87., Kofi -)	Podzemsky 6
Eysteinn Húni 6	(84., MRagnar -)
Óli Stefán 7	Olgeir Sigurg. 5
Jóhann Helgason 6	(58., Ellert 6)
(76., Mounir -)	Viktor Unnar 4
Óskar Örn 8	(58., Kristján Óli 5)
* Jóhann Þórhalls. 8	Marel Jóhann 7

*Maður leiksins

STADAN Í LANDBANKAÐEILDINN:

1. FH	13	9	3	1	23-9	30
2. VALUR	13	5	5	3	22-15	20
3. KEFLAVÍK	13	5	4	4	24-14	19
7. VÍKINGUR	13	5	3	5	19-11	18
4. FYLKIR	13	5	3	5	17-17	18
5. BREIÐABLIK	13	5	2	6	21-27	17
6. KR	13	5	2	6	14-25	17
6. GRINDAVÍK	13	4	5	4	20-17	17
9. ÍA	13	4	1	8	17-23	13
10. ÍBV	13	3	2	8	11-30	11

Grindavík vann sinn fyrsta sigur í langan tíma gegn Breiðabliki:

Langþráður sigur Grindvíkinga

FÓTBOLTI Grindavík vann Breiðablik 4-2 á heimavelli sínum í gær en leikurinn var ansi fjörlegur. Fyrir leikinn hafði Grindavík ekki náð sigri síðan í áttundu umferð, þegar liðið burstaði KR 5-0 hinn 22. júní. Hins vegar var þetta fyrsti leikurinn sem Blikar tapaðu síðan Ólafur Kristjánsson tók við stjórninni. Leikurinn var hraður og skemmtilegur á blautum Grindavíkuvelli og ekki var hægt að kvarta undan markaleysi. Líkt og í fyrri viðureign liðanna skoraði Óskar Örn Hauksson tvö stórglæsileg mörk.

Eftir átta mínútna leik í gær mátti litlu muna að Blikar næðu forystunni en þá átti Marel Jóhann Baldvinsson hnitmiðað skot sem Helgi Már Helgason varði vel í

horn. Jóhann Þórhallsson kom Grindvíkingum yfir með stórglæsilegu marki, tók boltann á lofti við enda vítateigsins og náði hörkuskoti á markið sem Hjörvar náði ekki að verja. Eftir þetta mark brunuðu gestirnir í sókn og voru óheppnir að komast ekki yfir en skot Nenad Zivanovic hafnaði í stönginni.

Fleiri urðu mörkin ekki í fyrri hálfleiknum en á 53. mínútu bættu Grindvíkingar við marki. Þar var Óli Stefán Flóventsson á ferðinni með skalla. Jóhann Þórhallsson átti fallegan undirbúning, lyfti boltanum á Óla Stefán sem var einn fyrir opnu marki og átti ekki í vandræðum með að skora. Grindvíkingar voru með undirtökin og stuttu síðar fékk Jóhann Helgason

mjög gott færi en náði ekki að fóta sig og skot hans var varið. Varmaðurinn Ellert Hreinsson fékk ekki ósvipað færi síðar í leiknum en framhjá fór boltinn.

Tuttugu mínútum fyrir leikslok náðu Blikar að minnka muninn þegar þeir fengu umdeilda vítaspjurnu en Marel skoraði úr henni. Blikar fengu nokkur ágætis færi áður en Óskar Örn Hauksson skoraði laglegt mark á 75. mínútu. Í leiknum í gær voru tveir markahæstu leikmenn deildarinnar að mætast, Marel og Jóhann Þórhallsson, sem voru fyrir leikinn búnir að skora níu mörk hvor. Marel komst einn á toppinn með því að skora sitt annað mark á 80. mínútu sem einnig kom úr vítaspjurnu. Óðinn Arnason braut á

Marel, sem var sloppinn einn í gegn, og fékk réttilega að líta rauða spjaldið.

Einum færru voru Blikar meira með boltann en Óskar Örn refsaði þeim skömmu fyrir leikslok og innsiglaði sigur Grindvíkinga með öðru glæsismarki sínu og ljóst að hann finnur sig vel gegn Breiðabliki því einnig skoraði hann tvö glæsileg mörk á Kópavogsvellinum fyrir í sumar. Furðulegt var að sjá til Blikaliðsins en vörn liðsins, sem hefur virkað svo traust síðan Ólafur tók við, var langt frá því að vera eins sannfærandi í gær. Mounir Ahandour fékk dauðafæri til að skora fimmta mark heimanna en ekki tókst það, úrslitin 4-2 og unnu Grindvíkingar því langþráðan sigur.

- egm

Baráttujafntefli í Krikanum

FH og Fylkir skildu jöfn, 2-2, í mikilli bleytu í Hafnarfirði. Fylkismenn börðust vel fyrir stiginu en það var Páll Einarsson sem skoraði jöfnunarmarkið.

FÓTBOLTI Eftir snarpa byrjun Fylkismanna náði FH fljótt góðum tókum á leiknum og komst yfir á 7. mínútu. Dennis Siim, sem var að spila sinn fyrsta leik fyrir FH í sumar, átti góða sendingu á Tryggva Guðmundsson, sem kom boltanum í netið eftir einfaldan samleik við André Lindbæk. Vel gert hjá Tryggva.

Páll Einarsson, leikmaður Fylkis, komst í dauðafæri í byrjun leiks en Daði Lárusson varði slakt skot hans.

Fylkismenn gáfust ekki upp og þjörmuðu að FH-ingum með ágætis spilamennsku, en gekk illa að skapa marktækfæri. Eftir hornspjurnu jafnaði Fylkir metin með ansi skrautlegu marki. Daði Lárussoni mistókst að kyla boltann frá markinu með þeim afleiðingum að boltinn endaði í marki FH-inga. Slyslegt sjálfsmark hjá Daða, svo ekki sé meira sagt.

Á 25. mínútu bætti Tryggvi öðru marki sínu við eftir fallega sendingu frá Ólafi Páli Snorrasoni. Arnar Þór Úlfarsson gleymdi sér í varnarleiknum og það nýtti Tryggvi sér vel. FH því komið með forystu að nýju.

Seinni hálfleikurinn byrjaði fjörlega. André Lindbæk fékk fyrsta færi í seinni hálfleik þegar hann kom ágætis skoti á markið úr teignum, en Fjalal Þorgeirsson, markvörður Fylkis, sá við honum.

Fylkismenn léku ágætlega á upphafsminútum seinni hálfleiks en gekk sem fyrr, erfiðlega að skapa marktækfæri. Páll Einarsson sýndi lipra takta þegar hann lagði upp færi fyrir Christian Christiansen en Ármann Smári Björnsson, sem nýlega var valinn í A-landsliðshópinn í fyrsta skipti, bjargaði með skriðtæklingu á síðustu stundu.



TRYGGVI STERKUR Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö góð mörk í gær og lék vel fyrir FH.

Lítið jafnvægi var í miðjuspili beggja liða en það voru einna helst Eyjólfur Héðinsson og Sigurvin Ólafsson sem glöddu augað með góðum leikskilningi.

Páll Einarsson, sem hafði ekki látið mikið til sín taka, jafnaði leikinn á 60. mínútu með fallegu skoti efst í markhornið úr þröngu færi. Fylkismenn héldu áfram að sækja eftir markið en FH-ingum tókst smá saman að koma skerpa sóknarleikinn, og ná með því yfirhöndinni

í leiknum. En markið lét þó á sér standa.

Þrátt fyrir að FH oft leikið betur en í gær, þá virðist fátt geta komið í veg fyrir að leikmenn liðsins fagni Íslandsmeistaratitlinum þriðja árið í röð. Fylkismenn þurfa hins vegar, eins og önnur lið í deildinni, að berjast fyrir sæti sínu sínu fram í síðustu umferð. Þeir þurfa þó ekki að hafa áhyggjur ef leikmenn berjast eins og þeir gerðu í seinni hálfleik í gær.

magnush@frettabladid.is

Fallbarátta áfram hjá ÍA eftir jafntefli gegn Val:

Erfið staða Skagamanna

FÓTBOLTI Skagamenn eiga fyrir höndum nokkuð erfiðan lífróður í Landsbankadeild karla eftir að hafa uppskorið aðeins eitt stig gegn viðureign sinni gegn Val í gær. Úrslit annarra leikja voru þeim þar að auki ekki í hag. Matthías Guðmundsson kom gestunum yfir í fyrri hálfleik en Bjarni Guðjónsson jafnaði metin í þeim síðari og þar við sat.

Rok og rigning tók á móti áhorfendum og leikmönnum á Akranesvelli í gær og voru aðstæður fyrir skemmtilegan knattspyrnuleik ekkert sérlega lofandi. En úr varð hin mesta skemmtun enda Skagamenn ólmir í að laga stöðu sína í deildinni og koma sér frá fallsvæðinu.

Valsmenn skoruðu fyrst er þeir

hreinsuðu eftir horn og sendu langa sendingu fram á Matthías Guðmundsson, sem stakk varnarmenn ÍA af og skoraði örugglega framhjá Bjarka Frey Guðmundssyni.

Skagamenn létu dómgæsluna fara mikið í taugarnar á sér í fyrri hálfleik og uppskárðu fyrir vikið tvö gul spjöld. Erlendur Eiríksson var líka duglegur að dæma á brotin og dæmdi alls 21 aukaspjurnu í fyrri hálfleik, sem þykir í meira lagi.

Á 54. mínútu dró aftur til tíðinda. Bjarki Gunnlaugsson átti eittraða sendingu inn á Bjarna Guðjónsson, sem hristi af sér einn varnarmann Vals og skoraði með föstu skoti innan teigs. Bjarni lék á miðju ÍA í gær í fjarveru Igor

Pesic sem var í banni og skilaði það þessum árangri. Skagamenn urðu öllu fjörlegri eftir markið en Valsmenn létu ekki sitt eftir liggja.

Bæði lið gerðust mjög sókn-djörf eftir markið og áttu nokkrar efnilegar sóknir án þess þó að takast að tryggja sínum liði sigur í leiknum. Úrslitin verða að teljast nokkuð sanngjörn þar sem Skagamönnum tókst að rétta úr kútnum eftir heldur slakan fyrri hálfleik. Þeir máttu reyndar prís sig sæla að hafa ekki fengið á sig annað mark undir lok leiksins þegar Valsmenn sóttu stíft. Grétu Skagamenn sjálfsagt að fá ekki öll þrjú stigin í leiknum þar sem staða liðsins er orðin ansi erfið eftir úrslit gærkvöldsins.

- esá



NÝR FYRIRLIÐI John Terry hefur tekið við fyrirlíðabandinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

McClaren hefur ákveðið sig:

John Terry er nýr fyrirliði

FÓTBOLTI John Terry, varnarmaður Chelsea, er hinn nýi fyrirliði enska landsliðsins undir stjórn Steve McClaren en þetta var tilkynnt í gær. Hann tekur við fyrirlíðabandinu af David Beckham sem lét það af hendi eftir heimsmeistarakeppnina í sumar. Þá var Steven Gerrard, miðjumaður Liverpool, gerður að vara-fyrirlíði.

Terry mun því bera fyrirlíðabandið í vináttulandsleik gegn Grikklandi hinn 16. ágúst en leikurinn verður jafnframt fyrsti leikur McClaren sem landsliðsþjálfara.

- egm



SAMHERJAR Zlatan og Zanetti verða samherjar á komandi leikþingi. NORDICPHOTOS/GETTY

Félagaskipti á Ítalíu:

Inter hefur keypt Zlatan

FÓTBOLTI Sænski landsliðsmaðurinn Zlatan Ibrahimovic var í gær seldur frá Juventus og til Ítalíumeistara Inter. Didier Deschamps, nýr þjálfari Juventus, segir Zlatan vera síðasta leikmanninn sem félagið selji eftir Ítalíuskandalinn stóra. Inter borgar 17,7 milljónir punda fyrir þennan hávaxna sóknarmann. Ibrahimovic skoraði 23 mörk í 70 leikjum fyrir Juventus.

Þessi kaup Inter þykja renna stoðum undir þær sögusagnir að Adriano eða Obafemi Martins séu á leið frá félaginu. Ibrahimovic er sjötta stóra nafnið sem hverfur úr röðum Juventus eftir Ítalíuskandalinn umtalaða en hinir eru Fabio Cannavaro, Emerson, Gianluca Zambrotta, Lilian Thuram og Patrick Vieira. Sá síðastnefndi fór einnig til Inter en hinir til Spánn.

- egm



ÍSLANDSMEISTARAR Njarðvík hefur keppt í Evrópukeppninni í nóvember.

Evrópukeppni í körfubolta: Þrjú íslensk lið í pottinum

KÖRFUBOLTI Í gær var dregið í riðla í Evrópukeppni félagsliða í körfuknattleik en þrjú íslensk félag taka þátt í keppnunum á komandi tímabili. Íslandsmeistararnir í Njarðvík taka ásamt Keflavík þátt í Áskorendabikarkeppninni, EuroCup Challenge, en alls taka sextán lið þátt í þeirri keppni. Njarðvík lenti í C-riðli og mætir þar Cherkasy frá Úkraínu, Samara frá Rússlandi og Tartu Rock frá Eistlandi.

Keflavík dróst í D-riðil ásamt Dnipro frá Úkraínu, Mlekarna Kunin frá Tékklandi og Norrköping frá Svíþjóð. Suðurnesjaliðin leika fyrst á útivelli 8. og 9. nóvember, en fyrstu heimaleikir liðanna verða 16. og 17. nóvember.

Kvennalið Hauka tekur þátt í Evrópukeppni í annað sinn en liðið lenti í F-riðli Evrópubikarkeppni kvenna, EuroCup Women. Mótherjarnir verða Montpellier frá Frakklandi, Gran Canaria frá Spáni og Lavezzi Parma frá Ítalíu. Haukar hefja leik á heimavelli 9. nóvember. - egm



KRISTINN JAKOBSSON Á ferð og flugi þessa dagana með gula spjaldið í farteskinu.

Eistland-Makedónía:

Kristinn í stað Jóhannesar

FÓTBOLTI Kristinn Jakobsson knattspyrnudómari mun dæma leik Eistlands og Makedóníu sem fer fram á miðvikudaginn kemur en þá hefst undankeppni EM 2008. Upphaflega stóð til að Jóhannes Valgeirsson myndi dæma leikinn en hann tagnaði á læri nú fyrr í sumar og varð því tilkynntur meiddur. UEFA ákvað því að boða Kristinn til verkefnisins. Aðstoðardómarar hans verða Eyjólfur Finnsson og Ingvar Guðfinsson en fjórði dómari Garðar Örn Hinriks-son. - esá

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

8 9 10 11 12 13 14

Föstudagur

LEIKIR

19.15 Þrír leikir í Landsbankadeild kvenna. Valur-KR, FH-Keflavík og Stjarnan-Fylkir.

19.15 Leiknir-Stjarnan í 1. deild karla fer fram á Leiknisvelli.

SJÓNVARP

15.30 EM í frjálsum á RÚV.

20.30 Enska knattspyrnan á Sýn. Hitað upp fyrir leikinn um samfélagskjöldinn en þar mætast Chelsea og Liverpool.



BORIS Á LEIÐ TIL KÍNA Sterkasti maður Íslands, Kristinn "Boris" Haraldsson, heldur til Kína um miðjan september þar sem hann tekur þátt í keppninni um sterkasta mann heims. Um helgina verður Boris í Borg í Grímsnesi að keppa í Uppsveitarvikingnum. Keppni hefst kl. 13.30 á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

SKÓLA LEIKUR

Þú sendir SMS skeytið

BT FBT á númerið 1900.

Þú færð spurningu og þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

Þú gætir unnið!

Aðalvinningur A.

Dregin út 8.sept.

FujitsuSimens fartölva

Aðalvinningur B.

Dregin út 31.ágúst

MEDION tölva +

19" flatskjár

Aðalvinningur C.

Dregin út 18.ágúst

32" MEDION LCD TV



Fullt af aukavinningum!

PANASONIC Myndvélur • GSM símar • PSP tölur • SONY stafrænar myndavélar • Medion borðatölur • PS2 tölur • DENVER DVD spilarar • Gjafabréf á Tónlist.is • SONY MP3 spilarar • iPod • Fullt af af Pepsi, DVD, CD's, tölvuleikjum og fleira

*Aðalvinningar dregin út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5.min til að svara spurningu.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö

Kr 2.690.000 eða

Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

*Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Are you a homo? Are you a queer? Are you a faggot? Are you a fruit? Are you *gay*, sir?“

Svar: Joe Miller úr Philadelphia frá 1993.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON LÆRIR LÍFSLEIKNI.

Aftur til fortíðar

Unglingasápan Beverly Hills 90210 er dásamlegt sjónvarpsefni. Þættirnir voru ekki merkilegur pappír þegar þeir voru frumsýndir á tíunda áratuginum og hafa elst hræðilega en samt get ég ekki stillt mig um að fylgjast með ósköpunum.

Ég var of gamall fyrir þættina á sínum tíma og það ætti því að vera enn fjær mér að horfa á þá núna þegar ég nálgast fertugt. Það er bara eitthvað svo yndislega hallærislegt við þetta allt saman og stundum er rusl frábær afþreying. Þarna leikur fólk á þrítugsaldri átján ára unglunga sem glíma við öll þau innantómu vandamál sem fylgja því að vaxa úr grasi. Allt er þetta afgreitt snaggaralega á mjög svo fyrirjónlegan hátt í Beverly Hills og þannig hef ég lært það á nokkrum vikum að það megi ekki stela úr búðum, að AA-samtökin geti bjargað mannlífum, að það sé ávisun á vandræði að byrja með fyrirverandi kærasta bestu vinkonu sinnar, að hörundsökkir krakkar úr fátækra-hverfum geti verið jafn góðir námsmenn og hvít börn ríka

fólksins, að hommar séu líka fólk, að það sé allt í lagi að tala við og snerta fólk með AIDS, að sannleikurinn sé sagna bestur og það að taka ábyrgð á gjörðum sínum geri mann að meiri og betri manni.

Öll eru þessi viðfangsefni vel þess virði að gefa gaum en þau eru öll afgreitt af sama metnaði og natni og amerískir skyndibitar þannig að falletur boðskapurinn hittir sjaldnast í mark. Sjálfsagt hefur handritshöfundunum gengið gott eitt til en sápu-ópera um vonir og væntingar hvítra krakka í gerviveröld Hollywoodsins er ekki heppilegt kennsluefni í lífsleikni. Ég efast því um að ég væri betri maður í dag ef ég hefði horft á Beverly Hills fyrir fjórtán árum af sama áhuga og ég geri nú en batnandi englum er best að lífa og það er aldrei of seint að byrja að læra. Kannski nær maður þessu á gamals aldri.

BEVERLY HILLS 90210 Ríku krakkarnir fá ódýrar lexíur í almennri kurteisi og mannsiðum sem skilja lítið eftir sig.



▶ 20.05
Gaman

LIZZIE MAGUIRE



▶ 20.30
Gaman

TWO AND A HALF MEN




▶ 20.00
Gaman

JAKE IN PROGRESS



▶ 19.45
Sápa

MELROSE PLACE



▶ 21.00
Fréttaskýringar

48 HOURS

SKJÓVARPIÐ

SKJÓVARPIÐ

SIRKUS TV

SKJÁREINN

NFS

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45 Það var lagið (e)

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

15.15 Fótboltakvöld 15.30 EM í frjálsum íþróttum 18.00 Táknmálsfréttir 18.10 EM í frjálsum íþróttum

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 My Sweet Fat Valentina 13.50 My Sweet Fat Valentina 14.35 George Lopez 15.00 Extreme Makeover: Home Edition 16.00 Hestaklúbburinn 16.25 Skrímslaspiðið 16.45 Scooby Doo 17.05 Véla Villi 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

16.00 Courting Alex (e) 16.30 Point Pleasant (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir, fréttaviðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

▶ 20.05 Myndin um Lizzie Maguire (The Lizzie Maguire Movie) Bandarísk fjölskyldu-mynd frá 2003. Skólastelpa sem fer í frí til Rómars kemst að því að hún er sláandi lík ítalskri poppstjörnu. Leikstjóri er Jim Fall og meðal leikenda eru Hilary Duff, Adam Lambert, Hallie Todd og Robert Carradine.

21.40 Nevada Smith (Nevada Smith) Vestri frá 1966 um ungan mann sem er að hálfu indíáni og að hálfu hvítur maður og leggur mikið á sig til að hefna föður síns. Leikstjóri er Henry Hathaway og meðal leikenda er Steve McQueen

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag

19.40 Mr. Bean (Herra Bean)

20.05 The Simpsons (7:22)

▶ 20.30 Two and a Half Men (19:24) (Tveir og hálfur maður) Charlie verður gáttaður þegar hann kemst að því að Kandi hefur búið með þeim í heilar þrjár vikur án þess að hann hafi vitað af.

20.55 Derren Brown: Hugabrellur (2:6) Sjón er sögu ríkarí.

21.20 Raiders of the Lost Ark (Ránið á týndu örkinni) Fyrsta myndin í sigildum myndaflokki þeirra Stevens Spielbergs og George Lucas um ævintýri fornleifafræðingsins og svaðilfarans Indiana Jones. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag

19.30 Bernie Mac (18:22) (e) (Talk)

▶ 20.00 Jake in Progress (12:13) (Jake Or The Fat Man) Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkíð rennur á rassinn mætur Jake Phillips á svæðið og reddar málinum.

20.25 Sirkus RVK (e)

20.55 Pipóla (5:8) (e)

21.25 Twins (11:18) (e)

21.55 Stacked (9:13) (e)

22.25 Sushi TV (9:10) (e)

22.55 Invasion (19:22) (e) (Son Also Rises) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.

19.00 Beverly Hills 90210

▶ 19.45 Melrose Place

20.30 Trailer Park Boys – NÝTT! Þegar Ricky og Julian losna úr fangelsi fara þeir aftur heim í hjólhýsin til að ná áttum.

21.00 Parental Control – NÝTT! Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu.

21.30 The Bachelor VII Hann er myndarlegur, rómantískur, vel menntaður húmoristi úr viðskiptalífnum.

22.30 Law & Order: Criminal Intent Bandarískir þættir um störf Stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Goren og Eames gera allt sem þeir geta til að negla mannléysu sem fer mjög illa með konuna sína og börn.

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ísland í dag

19.40 Peningarnir okkar

20.00 Fréttayfirlit

20.20 Brot úr fréttavakt

20.30 Órlagadagurinn (9:12) (Sagði upp í Ráðhúsinu og hjólar um heiminn) Órlagadagur Jóns Björnssonar fyrrum félagsmálastjóra. Jón Björnsson vildi kanna hvort ekki væri líf utan stjórnsýslunnar og á besta aldri hætti hann „að klifra“ upp metorðastigann og steig upp á reiðhjól.

21.00 Fréttir

▶ 21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Peningarnir okkar

23.50 Jan Dara 1.40 Útvarpsfréttir í dagskrálok

23.15 Bubbi – Live 2.15 Maid in Manhattan 3.55 Without Warning: Diagnosis Murder (Bönnuð börnum) 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.40 Drive Me Crazy

23.20 C.S.I.: Miami (e) 0.10 C.S.I.: New York (e) 1.00 Love Monkey (e) 1.45 Beverly Hills 90210 (e) 2.30 Melrose Place (e) 3.15 Jay Leno (e) 4.00 Östödvandi tónlist

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Baywatch: Hawaiian Wedding 8.00 Right on Track 10.00 Possession 12.00 Anger Management 14.00 Baywatch: Hawaiian Wedding 16.00 Right on Track 18.00 Possession 20.00 Anger Management (Reiðstjórnum) Óborganleg gamanmynd. Aðalhlutverk: Adam Sandler, Jack Nicholson, Marisa Tomei. Leikstjóri: Peter Segal. 2003. 22.00 After the Sunset (Eftir sólarlagið) Gamansöm spennumynd þar sem Pierce Brosnan leikur

gamalreynndan þjóf sem ákveður að fremja sitt síðasta rán. En lögreglumáðurinn, sem Woody Harrelson leikur, hefur verið á höttum eftir honum svo árum skiptir. Hann er staðráðinn í að hafa hendur í hári hans. Leikstjóri: Brett Ratner. 2004. Bönnuð börnum. 0.00 The Fourth Angel (Stranglelega bönnuð börnum) 2.00 Halloween: Resurrection (Str. b. börnum) 4.00 After the Sunset (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 101 Most Starlicious Makeovers 14.00 101 Most Starlicious Makeovers 15.00 101 Most Starlicious Makeovers 16.00 101 Most Starlicious Makeovers 17.00 Sexiest Celebrity Brunettes 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 Uncut 20.00 101 Most Starlicious Makeovers 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 Sexiest Celebrity Blondes 0.00 Uncut 1.00 101 Most Starlicious Makeovers 2.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Draumur mótórhjólamannsins



- Bluetooth GSM heymartól fyrir hjálma
- Passar í allar gerðir hjálma
- Auðvelt í uppsetningu
- Hámarks hljóðgæði - jafnvel á fullri ferð
- Jafnt fyrir opna sem lokaða hjálma
- Raddstýrð svörun auðveldar notkun
- Rafhlöðuending 7 klst. taltími, vika á standby

12.900

PFAFF • BORGARLJÓŠ

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

Árvirkinn, Selfossi

Harley Davidson Íslandi

Yamaha, Kópavogi

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Indiana Jones: Raiders of the Lost Ark Stöð 2 kl. 21.20

Ævintýri fornleifafræðingsins

Fyrsta myndin um ævintýramanninn og fornleifafræðinginn Indiana Jones. Myndin er frá árinu 1981 og hefur lengi verið talin ein besta ævintýramynd sögunnar. Þeir sem stóðu að gerð myndarinnar um Indiana Jones eru heldur engir aukvisar í kvikmyndagerð. Myndin var samvinnuverkefni þeirra Stevens Spielberg og George Lucas og úr varð ein tekjuhæsta mynd sögunnar. Ekki má heldur gleyma framlagi Harrison Ford sem leikur hinn karlmannlega Indiana Jones. Myndin gerist árið 1936 og er æsireið frá upphafi til enda, þar sem farið er með áhorfendur allt frá Suður-Ameríku til Nepals og þaðan alla leið til Egyptalands. Hinar tvær myndirnar um ævintýri Indiana Jones verða sýndar næstkomandi tvö föstudagskvöld.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

8	9	5	4	7	3	1	2	6
2	3	7	5	1	6	4	9	8
6	1	4	2	9	8	5	7	3
5	7	9	8	2	1	6	3	4
1	4	2	6	3	7	9	8	5
3	8	6	9	5	4	7	1	2
9	5	3	7	4	2	8	6	1
7	2	8	1	6	5	3	4	9
4	6	1	3	8	9	2	5	7

	6					3		
			8	7				
3	7		6		8		1	
6		1	3				5	
	4				2			
7		9	6				4	
2	3		5		4		8	
		7	4					
	9						7	

18.30 Fótolti
LANDSBANKAMÖRKIN

SÝN
besta sýnið

16.15 Landsbankadeildin 2006 (Vikungur – ÍBV) **18.00** Íþróttasjallíð **18.12** Sportið

- 18.30** Landsbankamörkin
- 19.00** Gillette Sportpakinn
- 19.30** Súpercross (World Supercross GP 2005-06)
- 20.30** Samfélagsskjöldurinn 2006 – upphitun Upphitun fyrir leikinn um góðgerðarskjöldinn, sem er nokkurs konar upphafsleikur nýrrar leiktíðar á Englandi. Þar eigast jafnan við meistarar úrvalsdeildarinnar og bikarmeistarar og í ár verður því viðureignin á milli Englandsmeistara Chelsea og bikarmeistara Liverpool, en leikurinn um góðgerðarskjöldinn fer fram sunnudaginn 13. ágúst.
- 21.00** Pro Bull Riders
- 21.55** World Poker Tour 2 (HM í póker)

23.25 NBA – úrslit (Miami – Dallas)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntonar 6.45 Veðurfregin 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.45 Morgunleikinn 10.03 Veðurfregin 10.13 Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast 11.03 Samfélagið í næmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisúvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregin 13.00 Sakamálaheiti 14.03 Úrvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Uppá teningnum 16.10 Veðurfregin 16.13 Djassgallerí New York 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Á sumarvegi 19.40 Samfélagið í næmynd 20.40 Kvöldtónar 21.00 Bryggjuball 21.55 Orð kvöldsins 22.10 Veðurfregin 22.15 Músik og mas 23.00 Kvöldgestir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntonar 6.30 Morgunúvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisúvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisúvarpið 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum með Ásgeiri og Kalla 22.10 Næturvaktin

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

DV

Sætasti hommi landsins

HARMUR Hennyar

BJÖRGÓLFUR THOR OG QUEEN LATIFAH GERA KVIKMYND SAMAN

FORSTJÓRI Á OFURLAUNUM KEYPTI NÝLEGT EINBYLI OG REIF ÞAÐ

UNGFRÚ ÍSLAND MEÐ SNOOP DOGG A KÖRFUBOLTALEIK

Hefur þú séð þú DV í dag?

FEGURÐARDROTTNINGIN HENNY HERMANSDÓTTIR BROSIR Í GEGNUM TÁRIN ÞRÁTT FYRIR AÐ SKIPST HAFI Á SKIN OG SKÚRIR Í VIÐBURÐARÍKU LÍFI SEM HÚN LÍKIR VIÐ RÚSSÍBANA FERÐ. Á AÐEINS FIMM ÁRUM MISSTI HÚN ÞÁ ÞRJÁ MENN SEM HÚN HAFÐI ELSKAÐ HEITAST.

23.25 NBA – úrslit (Miami – Dallas)



HRÓSIÐ FÁ...

Kristján Sveinbjörnsson og Svifflugfélag Íslands en félagið varð sjötíu ára í gær. Stór hluti starfsemi félagsins er kennsla en hún fer fram í sjálfboðavinnu.

Bæjarstjórinn boðinn velkominn í Ástarvikunni

Ástarvikan í Bolungarvík verður sett á sunnudaginn en þetta er í þriðja sinn sem þessi hátíð er haldin. Að sögn Soffíu Vagnsdóttur, eins af frumkvöðlum þessarar sjóðheitu viku, var hún upphaflega hugsuð sem innanbæjargrín og átti að vera hvetjandi fyrir íbúa bæjarins til að fjölga manngyninu. „Fyrsta árið kom eitt barn í heiminn í maí, níu mánuðum eftir að vikunni lauk, en í fyrria kom ekkert,“ segir Soffía. „Íbúarnir eru hins vegar búnir að kaupa mikið af rauðum seríum í ár,“

bætir hún við og bendir því allt til þess að Bolvíkingar ætli að taka Ástarvikuna með trompi þetta árið.

Ástarvikan hefst með því að íbúar Bolungarvíkur senda ástar-kveðjur til heimsins með blöðrum en svo verður skellt upp stórdansleik með fönkhljómsveitinni Jagúar. Síðan verður dagskrá út

SOFFÍA VAGNSDÓTTIR Segir íbúana vera mjög spennu fyrir ástarvikunni sem hefst á sunnudaginn.

alla vikuna og meðal þess er námskeið hjá Dísu í listasmiðjunni en hún ætlar að kenna fólki að búa til muni sem geta lífgað upp á ástarlífið í svefnherberginu. „Þá verður einnig farið í heim-sókn til nokkurra hjóna sem kunna að láta ástina lifa.“

Á fimmtudaginn verður stór dagur hjá íbúunum en þá flytur nýi bæjarstjórinn, tónleikahaldarinn og þroskaþjálfarinn Grímur Atlason, ásamt stórfjölskyldu sinni til bæjarins. „Við verðum með sérstaka móttökuathöfn þeim til heiðurs með dansleik þar sem tónlistarmenn úr

röðum bæjarbúa sjá um stuðið,“ útskýrir Soffía. „Ef Grími tekst að fjölga bæjarbúum á meðan hann situr í bæjarstjórnunum fær hann verðlaun,“ bætir Soffía við. „Það stendur í ráðningarsamningnum,“ segir hún og hlær.

GRÍMUR ATLASON

Örugglega fá ekki margir bæjarstjórnar sérstaka móttökuathöfn og dansleik sér til heiðurs.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 skvetta 6 vörumerki 8 neðan 9 fálmi 11 guð 12 étur allt 14 skærur 16 sem 17 svif 18 utan 20 bardagi 21 ær.

LÓÐRÉTT 1 egna 3 tveir eins 4 úða 5 herma 7 klósett 10 skír 13 skýra frá 15 þekkja leið 16 trjátegund 19 ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 gúsa, 6 ss, 8 upp, 9 pat, 11 ra, 12 áætla, 14 erfur, 16 er, 17 áta, 18 inn, 20 at, 21 kind.
LÓÐRÉTT: 1 espa, 3 uu, 4 sprautu, 5 apa, 7 salerni, 10 tær, 13 tjá, 15 rata, 16 eik, 19 m.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Í Danmörku.
- 2 Gisele Bündchen.
- 3 Michael Mann.

Stórmarkaður
í stofunni
heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



JOHNNY ROCK Jón Ivan Rafnsson, betur þekktur sem Johnny Rock, segir að fyrirtækið sem hann vinnur hjá hafi útvegað merkingar á bílinn. Honum þótti þær of litlar og sá því sjálfur um að merkja hann.

JOHNNY ROCK: VEKUR ATHYGLI Í UMFERÐINNI

Frumkvöðull á flutningabíl

„Þetta er kallnafnið í vinnunni hjá mér og ég er ekki þekktur undir neinu öðru nafni í þessum geira,“ segir vörubílstjórinn Jón Ivan Rafnsson, betur þekktur sem Johnny Rock.

Margir kannast við bílstjóran með skemmtilega nafnið enda þeytist hann landshlutanna á milli á stóra rauða vörubílum sínum sem merktur er bak og fyrir -vinnunafninu Johnny Rock. Og það er óþarfi að spyrja hvað Johnny Rock flytur – grjóthnullunga og steina úr jarðvegsvinnu. „Ég vinn fyrst og fremst við efniskerfslu hjá GG, við að flytja grús, sand, grjót og það sem tilheyrir í lagnir og grunna.“

Rock nafnið er samt ekki komið vegna grjótaflutninga. „Ég er hálfur Frakki og mamma og pabbi kölluðu mig alltaf Johnny. Svo var það einn af vinum mínum, sem ég var vanur að skemmta mér með, sem kallaði mig rokkara. Honum fannst ég sennilega svo rokkaralegur enda er ég með nokkur húðflúr og nokkuð skrautlegur.“

Johnny segist hafa fengið mikla athygli út af skiltunum enda hafi það verið tilgangurinn. „Ég held að ég hafi verið fyrstur til að setja svona áberandi skilti á bílinn hjá mér. Ég hef líka gaman af því að vera öðruvísi og vil láta taka eftir mér. Ég er líka orðinn nokkuð þekktur á þjóðvegnum og það er

gaman þegar krakkarnir sem keyra framhjá fara að garga nafnið mitt. Svo horfir lögreglan líka alltaf á mig skrýtnum augum,“ segir Johnny, sem man eftir nokkrum skiltum sem aðrir vörubílstjórar hafa sett upp. „Það voru skilti á borð við Naglinn og Kallinn en ekkert þeirra var svona óvenjulegt eins og skiltin mín. Ég held að ég sé skrautlegastur í þessum bransa og það er aldrei að vita hvað ég geri næst. Kannski merki ég húddið eða toppinn á bílnum – ég bæti reglulega við mig,“ segir Johnny Rock, sem ekur um á einum flottasta vörubíl landsins.

kristjan@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmadóttir þeyst enn um borg og bý og kemur fram sem fegursta kona heims. Hún gaf sér þó tíma til að fara á þjóðhátíð um síðustu helgi, enda alþýðleg kona eins og hún á kyn til. Unnur Birna hefur til þessa greint skilmerkilega frá ferðum sínum á bloggsíðu sinni, unnurbirna.blog.is, sem hefur síðan oft á tíðum verið með vinsælustu bloggsíðum landsins. Í gær bar hins vegar svo við að bloggsíðu Unnar Birnu hafði verið læst. Þegar farið var inn á síðuna var krafist lykilorðs til að komast í skrif Unnar. Aðdáendur hennar þurfa þó ekki að örvaenta því hermt er að síðunni hafi einungis verið lokað tímabundið vegna endurbóta.

Það er stór dagur fyrir stórsöngvarann Helga Björnsson í dag. Þá verður menningarhöllin Admiralspalast í Berlín opnuð að nýju, en Helgi og kvikmyndagerðarmaðurinn Jón Tryggvason eru á meðal fjárfesta á bakvið verkefnið. Admiralspalast er um 23 þúsund fermetrar að stærð og endurbætur hafa kostað sitt. Helgi og félagar keyptu húsið á eina milljón evra og lögðu svo 15 milljónir evra í endurbæturnar. Íslendingarnir eiga fjórðungshlut í húsinu og sagði Helgi í viðtali við DV um síðustu helgi að hann væri bjartsýnn á að þessi stóra fjárfesting skilaði sér til baka.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu verður haustið óvenju gott hvað frumsýningar íslenskra kvikmynda verðar. Ragnar Bragason frumsýnir kvikmynd sína Bönn 31. ágúst en viku síðar er komið að heimildarkvikmyndinni Þetta er ekkert mál sem segir frá ævi Jóns Páls Sigmarssonar. Þeir Steingrímur Þórðarson og Hjalti Úrsus hafa unnið baki brotnu að undanförunu en mikil eftirvænting ríkir meðal áhugamanna um kraftlyftingar fyrir þessari mynd enda ævi Jóns Páls ævintýri líkust. Reikna má með komu fjölda erlendra gesta hingað til lands á sérstaka galasýningu sem haldin verður 7. september í Smárabíói. 6. október verður síðan stórmyndin Mýrin eftir Baltasar Kormákk frumsýnd og 29. desember Köld slóð í leikstjórn Björns Brynjólfs Björnssonar.

- hdm, - fgg



Stór humar, túnfiskur
og úrval fiskrétta á grilli

FISKBÖÐIN
HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

Í samkeppni við Evian

„Ég tók þátt í almennri keppni fyrir skólann og lenti í öðru sæti þannig að ég bjóst aldrei við neinum verðlaunum,“ segir Tinna Pétursdóttir umbúðahönnuður en hönnun hennar á vatnsflösku úr gleri var valin til framleiðslu á Ítalíu af fyrirtækinu Norda, sem er stærsti vatnsframleiðandi þar á landi. Tinna er með BA í grafískri hönnun og tók mastersnám í umbúðarhönnun frá Milanó og ekki er langt síðan hún flutti heim.

Þessa stundina er hún í barneignarfrí en mun hefja störf innan skamms hjá Jónsson & Le'macks auglýsingastofunni þar sem hún mun sjá um umbúðarhönnun fyrir

fyrirtæki á borð við 66° norður og alls kyns matvæli.

„Þetta er einstakt tækifæri fyrir mig en flaskan mun aðeins vera seld á fínum veitingahúsum og kaffihúsum. Þetta er lítil 75 cl flaska sem mun vera í samkeppni við Evian og San Pellegrino en þeir eru stærstu vatnsframleiðendurnir í heiminum,“ segir Tinna og bætir því við að ef flaskan seljst vel verði hún framleidd til útrásar í Bandarík-

VERÐLAUNAFLASKAN

Þetta er flaskan sem Tinna hannaði og ítalska vatnsframleiðslufyrirtækið Norda ákvað að setja í framleiðslu.



TINNA PÉTURSDÓTTIR Vatnflaska sem hún hannaði er farin í framleiðslu á Ítalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

unum. Hún segist auðvitað hafa grætt eitthvað á þessu og segist hafa gert góðan samning við Norda-fyrirtækið. Tinna hefur þó ekki hug á því að setjast að á Ítalíu enda fullyrðir hún að heima sé best.

-áp

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Á FERÐ
OG FLUGI

með ferðatösku frá FAXE

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI



BAKÞANKAR
ÞORBJARGAR S.
GUNNLAUGSDÓTTUR

Launakapallinn

Á meðan launaþróun hefur réttlæga verið gagnrýnd í samfélaginu hefur einnig borið á því sjónarmiði að þeir sem gagnrýni þróunina séu knúin áfram af öfund. Málið snýst auðvitað ekki um það að geta ekki glaðst yfir velgengni hinna hæst launuðu. Og auðvitað er ekki bara hægt að líta til þess að ákveðinn hluti þjóðarinnar hefur það mjög gott, á meðan það blasir við að stór hluti þjóðarinnar býr við verulega vond kjör.

HEILDARMYNDIN er það sem máli skiptir þegar við ætlum að dæma um það í hvernig samfélagi við búum. Ójöfnuður er jafnmikill á Íslandi og á Bretlandi. Munur á hæstu og lægstu launum er 200-faldur. Bilið breiðkar og breiðkar.

AUÐVITAÐ verða kjör allra aldrei jöfn. Hins vegar ætti markmiðið að vera að allir búi við góð kjör. Því miður er fjarri því að svo sé. Launaþróunin verður enn óhuggulegri þegar litið er til þess hvernig viðbrögðin eru iðulega þegar hækka á laun hinna lægst launuðu. Þá hefst leikþáttur sem gengur út á það að sannfæra launþegana um að þeir megi alls ekki fá betri kjör. Það komi nefnilega þeim sjálfum í koll. Öllum sé fyrir bestu að kjörin séu óbreytt. Þannig sé stöðugleiki tryggður.

ÖLL MUNUM VIÐ eftir þessum viðbrögðum í kjaradeilum sjúkraliða, kennara og leikskólakennara, eða ófaglærðra stétta. Sérstaklega áberandi var þessi umræða í kjölfar þess að þáverandi meirihluti borgarstjórnar tók sig til og hækkaði kjör ófaglærðra hjá borginni. Þá vildu þeir sem gagnrýndu mest halda því fram að íslenskt efnahagslíf færi á hliðina við þessa tímabæru launahækkun. Aðgerðin skilaði hinum lægst launuðu töluverðum hækkunum – sem reyndar eru lágar upphæðir í samanburði við laun margra í samfélaginu. Engu að síður heyrðist að íslenskt samfélag stæði varla undir þessum hækkunum. Þær væru beinlínis hættulegar.

ALLRA HÆSTU launin eru aftur á móti yfirleitt rökstudd með því að aðeins þannig sé unnt að verjast á sókn erlendra stórfyrirtæja í íslenska yfirmenn. En þarf ekki eitthvað meira en launin til þess að sýna fram á ásóknina? Ekki eru þeir sérstaklega margir forstjórnarnir sem hafa verið keyptir út. Og ef það eiga að heita tæk rök að kenna hinum lægst launuðu um þensluna í efnahagskerfinu, hver er þá ábyrgð þeirra sem hafa margar milljónir á mánuði?



Lengdu sumarið!

Sala hafin á haust- og vetrarferðum Sumarferða 2006–2007.

Bókaðu strax til að tryggja þér upphaldsstaðinn þinn.

Frábært verð!



LANZAROTE

Princesa Yaiza * * * * * (Playa Blanca)

Verð: **58.533,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn.
1 vika 19.–26. sept.

Verð **68.800,-** m.v. 2 fullorðna. Morgunmatur ímifalinn

Stórkostlegt lúxushótel á Playa Blanca ströndinni. Gistingin sem er í boði er eingöngu eins og tveggja herbergja svitur, þannig að vel ætti að fara um alla þá sem velja þennan kost.

Princesa Yaiza			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já Já
Strönd.....	60 m	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Bar.....	Já	Líkamsrækt.....	J
Veitingastaður.....	Já (4)	Tennisvöllur.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Lanzaplaya * * * * * (Puerto del Carmen)

Verð: **40.913,-** M.v. 2 fullorðna og 2 börn.
1 vika 3.–10. okt.

Verð **49.825,-** m.v. 2 fullorðna.

Mjög gott íbúðahótel. Stutt er í alla þjónustu, veitingahús, bari og verslanir. Afslappað og þægilegt andrúmsloft og á rólegum og fallegum stað. Stutt í fjörið Puerto del Carmen.

Lanzaplaya			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já (3) Já
Strönd.....	200 m	Sólbekkir.....	Já
Bar.....	Já	Þvottastaða.....	Já
Veitingastaður.....	Já (6)	Líkamsrækt.....	Nei

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)



GRAN CANARIA

H10 Playa Meloneras * * * * *

Verð: **66.833,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn.
1 vika 31. okt.–7. nóv.

Verð **73.600,-** m.v. 2 fullorðna. Hátt fæði

Stórglæsilegt 5 stjörnu hótel sem slegið hefur í gegn síðustu ár. Hótelid stendur skrefi framur hvað varðar þjónustu og glæsileika.

H10 Playa Meloneras			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já Já
Strönd.....	Við ströndina	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Bar.....	Já	Líkamsrækt.....	Já
Veitingastaður.....	Já	Tennisvöllur.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Las Tartanas * * * * * (Smáhýsi á Ensku ströndinni)

Verð: **41.240,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn.
1 vika 14.–21. nóv.

Verð **45.860,-** m.v. 2 fullorðna.

Las Tartanas eru skemmtileg smáhýsi með einu herbergi, frábæra staðsetningu í hjarta Ensku strandarinnar. Stutt er í alla þjónustu og umhverfið rólegt.

Las Tartanas smáhýsi			
Gestamóttaka.....	9–14/16–19	Sundlaug.....	Já
Strönd.....	600 m	Garður.....	Já
Bar.....	Nei	Barnalaug.....	Já
Veitingastaður.....	Nei	Sólbekkir.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)



TENERIFE

Gran Hotel Costa Adeje * * * * *

Verð: **56.533,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn.
1 vika 19.–26. okt.

Verð **66.800,-** m.v. 2 fullorðna. Hátt fæði

Gran Hotel Costa Adeje er falllegt fimm stjörnu hótel með glæsilegu útsýni. Öll helstu þægindi sem völ er á, rúmgöð herbergi, glæsilegur garður með göðum sundlaugum.

Gran Hotel Costa Adeje			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já (4) Já
Strönd.....	300 m	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Bar.....	Já	Líkamsrækt.....	Já
Veitingastaður.....	Já (6)	Tennisvöllur.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Parque Santiago * * * * *

Verð: **42.875,-** M.v. 2 fullorðna og 2 börn.
1 vika 5.–12. okt.

Verð **47.600,-** m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

Þetta íbúðahótel er örugglega eitt eftirsóttasta hótel á Tenerife. Hótelid er byggt í skemmtilegum spönskum stíl og staðsetningin frábær.

Parque Santiago			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug.....	Já
Strönd.....	Við ströndina	Garður.....	Já
Bar.....	Já	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Veitingastaður.....	Já (6)	Líkamsrækt.....	Nei

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

FM957

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Auglýsingasími: 550 5000

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515

Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is
Sími 575 1515 – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

SUMAR FERÐIR

– ERU BETRI EN AÐRAR!

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símaþóknunargjald er 1.500,- pr. farþega.